VILJA PARÍSARHJÓL Í HLJÓMSKÁLAGARÐINN

Unnur Birna og Ómar um landsleiki, jólagjafir og borgarmálin

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. október 2007 — 286. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Henti sér út í djúpu laugina

Stefán Karl Stefánsson hefur skapað sér nafn í Hollywood.

VIÐTAL 12

Meiri mengun?

Illugi Gunnarsson og Svandís Svavarsdóttir velta fyrir sér hvort Ísland eigi að sækjast eftir framlengingu á „íslenska ákvæðinu“ á næstu loftslagsráðstefnu.

BITBEIN 8

Harður vetur hjá Storminum

Sigurður Þ. Ragnarsson er ný stjarna hjá Toyota.

FÓLK 30

Tvö hlutverk í sömu sýningu



Ívar Helgason fór létt með að leika tvær persónur í einu leikriti.

FÓLK 30

VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNAR - Í dag verður allhvöss og sums staðar hvöss suðlæg átt á landinu suðaustan og austanverðu annars fremur hæg norðlæg átt. Víða vætusamt en þróast smám saman í slyddu og síðar él á norðanverðu landinu. Hiti 2-12 stig.

VEÐUR 4



Tekur ekki sæti í starfshópi

Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, tekur ekki sæti í starfshópi sem ætlað er að rannsaka samruna REI og Geysis Green Energy. Sjálfstæðismenn fagna ákvörðun borgarfulltrúans.

REYKJAVÍK Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks, hefur ákveðið að taka ekki sæti í starfshópi um málefni Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavík Energy og Geysis Green Energy.

„Þetta var mín ákvörðun. Þegar tillagan kom til var gert ráð fyrir oddvitum allra flokka en sjálfstæðismenn unnu Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni ekki að taka sæti í hópnum og var þá komin upp ný staða,“ segir Björn Ingi.

„Í ljósi þess að sjálfstæðismenn hafa reynt að gera það tortryggilegt að ég sé þarna hef ég ákveðið að taka ekki sæti í hópnum. Ég vil að starfshópurinn sé hafinn yfir allan vafa.“

Varaborgarfulltrúi Framsóknarflokks, Óskar Bergsson, tekur sæti Björns Inga í hópnum.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, fagnar því að Björn Ingi skuli ekki taka sæti í hópnum.

„Ég fagna því að hann skuli gera þetta og hann sé þá sammála okkur um að rannsókn málsins skuli vera hafin yfir allan vafa. Með athugasemdum okkar vorum við ekki að segja að hann yrði óheiðarlegur við rannsókn málsins, heldur verður þetta að vera hafið yfir allan vafa.

Gísli Marteinn segir borgarstjórnarhóp Sjálfstæðisflokksins alltaf hafa haft væntingar til starfshópsins, en fundist þátttaka Björns Inga slá rangan tón.

„Það er mikilvægt að allir séu ákveðnir í því að komast til botns í málinu og ákvörðun Björns Inga styrkir okkur í þeirri trú að það verði gert.

Á fyrsta fundi borgarráðs eftir að nýr meirihluti tók við var samþykkt stofnun starfshóps undir stjórn Svandísar Svavarsdóttur sem ætlað er að kanna allar hliðar samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy.

Gert var ráð fyrir að oddvitar allra stjórnmálaflokka í borgarstjórn tækju sæti í hópnum. Sjálfstæðismenn ákváðu þrátt fyrir það að skipa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa í hópinn í stað oddvitans, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar.

Sjálfstæðismenn létu jafnframt bóka að „Sjálfstæðisflokkurinn telji það rýra trúverðugleika málsins verulega að einn helsti gerandinn í þessu máli, Björn Ingi Hrafnsson, skuli eiga sæti í hópnum og þar með gerast rannsakandi í eigin máli“. - eb

SJÁLFBOÐALIÐAR ÓSKAST „Þessa viku höfum við séð aukinn áhuga og fjölmargir hafa skráð sig sem félaga og sjálfboðaliða,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum. Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Dorrit Moussaieff lögðu Rauða krossinum lið við að afla nýrra liðsmanna í Kringlunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brúðkaup í Kína:

Ástin spyr ekki um aldur

BEIJING, AP 106 ára maður og 81 árs kona voru gefin saman í Kína í gær.

Pan Xiting kynntist eiginkonu sinni, Chen Adi, fyrir átta árum, en fyrri makar þeirra beggja eru látnir.

Það hljóp snurða á þráðinn við brúðkaupsathöfnina vegna þess að Chen vantaði búsetuvottorð, en því hafði hún týnt fyrir mörgum árum. Yfirvöld sýndu brúðhjónunum þó skilning sökum aldurs og leyfðu þeim að giftast án vottorðsins.

Þau eru á meðal elstu hjóna sem vitað er um að gefin hafi verið saman. - vþ

KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI VERÐI AFLAGT Dóms- og kirkjumálaráðherra viðraði hugmyndir um breytta stöðu þjóðkirkjunnar við upphaf Kirkjuþings.

Borgarráð vill stytta opnunartíma Q-bars, Mónakó og Monte Carlo:

Kráareigendur skoða réttarstöðu sína

MIÐBORGIN „Við göngum ekki þegjandi og hljóðalaust að þessu. Það er of mikið í húfi,“ segir Baldvin Samúelsson, eigandi veitingastaðarins Q-bar í Ingólfsstræti og formaður Félags kráareigenda. Borgarráð hefur samþykkt að leggja til við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins að opnunartími staðarins verði skertur og honum lokað klukkan þrjú um helgar en ekki hálf sex eins og nú tíðkast. Ástæðan mun vera hávaði og kvartanir íbúa í nágrenninu.

„Við höfum gögn undir höndum sem sýna að við erum langt undir hávaðamörkum. Hávaði inni á staðnum er undir viðmiðunarmörkum en hins vegar erum við yfir þessum mörkum þegar hávaði fyrir utan staðinn er mældur. Það er hins vegar ómögulegt að tengja þann hávaða eingöngu við gesti staðarins,“ segir Baldvin og bætir því við að lögfræðingur Félags kráareigenda skoði nú málið.

Í umsögn borgarráðs var einnig samþykkt að leggja til skerðingu opnunartíma veitingastaðanna Monte Carlo og Mónakó á Laugavegi. Vísað er í ummæli lögreglu um að oft hafi þurft að hafa afskipti af gestum þessara staða og nágrannar hafi kvartað undan ónæði en þar er áfengi afgreitt frá því klukkan 11 á morgnana.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir að umsagnirnar séu í lögbundnu ferli en vildi að öðru leyti lítið tjá sig um málið. - þo

Björn Bjarnason:

Ráðuneyti verði lagt niður

TRÚMÁL Í ávarpi Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, á Kirkjuþingi í gær kom fram að á vettvangi ríkisstjórnar hafi verið rætt hvort ástæða sé til að huga að stöðu þjóðkirkjunnar innan stjórnarráðsins.

Yrði embætti kirkjumálaráðherra lagt niður og þjóðkirkjan færð til forsætisráðuneytis.

Karl Sigurbjörnsson biskup tekur vel í hugmyndir ráðherra og segir þær vera niðurstöðu af að afskipti stjórnarráðsins hefur minnkað stöðugt.

Að færa þjóðkirkjuna undir forsætisráðuneyti væri því mikilvæg staðfesting á sjálfstæði hennar og stöðu. Biskup telur ekki að slíkar breytingar væru skref í átt að aðskilnaði ríkis og kirkju. - eb

SPURNING DAGSINS

Dagur, eru portkonur þér hugleiknar?

Nei, en Kolaportið stendur mér hins vegar nærri hjarta.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vill taka upp viðræður við tollstjóra um að embætti hans fái bílastæði í grenndinni við Kolaportið. Honum finnst það vond hugmynd að taka húsnæði Kolaportsins undir bílstæði, eins og til stendur.

Gorbatsjov stofnar nýja stjórnmálahreyfingu í Rússlandi:

Vilja ná völdum yfir hugum

MOSKVA Mikhail Gorbatsjov hefur tekið þátt í stofnun nýrrar stjórnmálahreyfingar í Rússlandi sem kallast Samtök sósíaldemókrata og lofar umbótum í rússnesku samfélagi. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins

Á stofnþingi hreyfingarinnar sagði Gorbatjov að markmið hennar væri að berjast gegn spillingu og að auka stjórnmálaumræðu í samfélaginu.

Hreyfingin nýja styður umbætur Vladimirs Pútín, núverandi forseta Rússlands. Það er hugsanlega af þeim sökum sem samtökin taka ekki þátt í þingkosningum sem fara fram í landinu í desember, en þar er flokki Pútíns spáð ótvíræðum sigri.

„Við viljum ná völdum, en aðeins yfir hugum almennings," sagði Gorbatsjov á stofnþinginu.

Í yfirlýsingu frá samtökunum kemur fram að „lýðræðislegir valmöguleikar og samkeppni í stjórnmálum eiga undir högg að sækja og því vilja sósíaldemókratar berjast fyrir frelsi og réttlæti."

Líklegt þykir að Gorbatsjov, sem er 76 ára, verði kosinn formaður samtakanna á stofnþinginu. - vþ

MIKHAIL GORBATJOV, FYRRUM LEIÐTOGI SOVÉTRÍKJANNA Samtök sósíaldemókrata styður Vladimir Pútín, forseta Rússlands.

Hræringar í Hogwart-skóla:

Dumbledore út úr skápnum

NEW YORK Samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins tilkynnti JK Rowling, höfundur bókanna um galdrastrákinn Harry Potter, aðdáendum sínum á föstudag að ein af aðalpersónum bókanna, skólastjórinn Albus Dumbledore, sé samkynhneigður.

Hún ljóstraði þessu upp á samkomu í New York þegar hún var spurð hvort Dumbledore hafi einhvern tímann verið ástfanginn. Hún sagði hann á yngri árum hafa hrifist af galdramanninum Gellert Grindelwald.

Samtök samkynhneigðra í Bretlandi hafa fagnað yfirlýsingunni. - vþ

Mannbjörg á Selvatni:

Fluttur þrekaður á sjúkrahús

SLYS Mannbjörg varð þegar litlum skemmtibát með fjórum innanborðs hvolfdi á fremra Selvatni í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp í gær.

Þrjár konur sem í bátnum voru komust í land að sjálfsdáðum en óttast var um karlmann sem var með þeim í för. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á staðinn ásamt björgunarsveitarmönnum frá öllum Vestfjörðum.

Maðurinn kom sér í land á endanum en var kaldur og þrekaður. Hann var fluttur með þyrlunni á sjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlynningar.

Ekki er vitað hvers vegna bátnum hvolfdi. - þo

Gordon Brown:

Ánægður með Evrópusáttmála

LISBON Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, lýsti yfir ánægju sinni með nýjan sáttmála Evrópusambandsins sem var samþykktur á fundi í Lissabon í Portúgal á föstudag, samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins.

„Skýrar undanþágur gera það að verkum að Bretland þarf ekki að óttast um hagsmuni sína," sagði forsætisráðherrann að fundinum loknum.

Íhaldsmenn hafa lýst yfir vantrausti á samþykktina. Þeir segja að halda hefði átt þjóðaratkvæðagreiðslu til að skera úr um hvort breska þjóðin hafi í raun viljað ganga að sáttmálanum. - vþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brutu átján rúður í Vogum

Skemmdarvargar voru á ferð í Vogum aðfaranótt laugardags og brutu rúður í iðnaðarhúsum á Jónsvör og Hafnargötu. Samtals voru 18 rúður brotnar. Ekki er vitað hverjir voru þarna á ferð en lögregla óskar eftir upplýsingum um málið.

Biskup vill hjónabandið skilgreint

Á Kirkjuþingi eru uppi deilur um hvernig eigi að skilgreina hjónabandið. Biskup telur hjónabandið vera sáttmála milli karls og konu. Frjálslyndari armur þjóðkirkjunnar telur ekki rétt að loka inni skilgreiningu á hjónabandinu.

TRÚMÁL „Ég tel afar mikilvægt að hjónabandið verði áfram skilgreint sem sáttmáli karls og konu," segir hr. Karl Sigurbjörnsson biskup. Á Kirkjuþingi, sem stendur nú yfir, deila menn um hvort takmarka eigi skilgreiningu á hjónabandi við sáttmála milli karls og konu eða hvort hjónaband geti átt við um sambönd samkynhneigðra.

Lögð verða fram tvö frumvörp fyrir þingið í dag sem bæði mæla með heimild presta þjóðkirkjunnar til þess að framkvæma staðfesta samvist. Biskup leggur fram frumvarp þar sem sérstök áhersla er lögð á að hjónaband sé sáttmáli milli karls og konu.

„Ég held að grundvallaratriðið hvað hjónabandið varðar sé þessi gagnkvæmni kynjanna sem getur af sér líf. Með allri virðingu fyrir ást samkynhneigðra, þá er það annars eðlis," segir biskup og segist álíta að tillaga hans sé málamiðlun milli stríðandi fylkinga innan þjóðkirkjunnar.

„Ef til þess kæmi að ríkið myndi gera hjúskaparlögin kynhlutlaus, þá tel ég fyrir mína parta að hlutverk presta sem vígslumanna myndi hverfa. Þá væri búið að skilja á milli samskilnings flestra trúarbragða heims og löggjafans sem hingað til hefur ríkt."

Hulda Guðmundsdóttir er guðfræðingur og flutningsmaður frumvarps um staðfesta samvist þar sem ekki kemur fram sérstök skilgreining á hjónabandinu.

„Hjá biskupi kemur fram áhersla sem við teljum ekki rétt að setja. Við teljum ekki tímabært að loka inni einhverja skilgreiningu á hjónabandinu. Ég held að þessi áhersla biskups sé til þess gerð að þeim íhaldssömustu líði betur, en þetta er í raun óþarft."

STAÐFEST SAMVIST Í könnun meðal presta þjóðkirkjunnar kom fram að 65 prósent þeirra eru fylgjandi því að Kirkjuþing heimili prestum að framkvæma staðfesta samvist.

KARL SIGURBJÖRNSSON

HULDA GUÐMUNDSDÓTTIR

Hulda segist ekki vilja loka dyrunum hér og nú.

„Nú þegur hefur það verið lagt fram á Alþingi að leggja niður lög um staðfesta samvist. Ef það fer í umræðu, þá getum við rætt þessi mál."

Í könnun meðal starfandi presta þjóðkirkjunnar reyndust 65 prósent svarenda hlynntir því að prestum verði veitt heimild til að framkvæma staðfesta samvist.

Um 80 prósent kvenpresta voru mjög eða frekar hlynnt, en 59 prósent karlpresta. Þá hafði starfsaldur einnig áhrif og voru prestar sem unnið hafa í 15 ár eða skemur hlynntari heimildinni.

eva@frettabladid.is

RÝNT Í GÖGNIN Reikna má með að einn af hverjum sjö fái slag einhvern tímann á lífsleiðinni. Það er mikilvægt að kanna áhættuþættina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slagdagur Heilaheilla:

Einn sendur á bráðamóttöku

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta gekk ljómandi vel og ég vona að okkur hafi tekist að vekja fólk til umhugsunar," segir Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla, en félagið stóð fyrir svokölluðum slagdegi í gær. Gestir Kringlunnar, Smáralindar og Glerártorgs á Akureyri gátu fengið fría áhættugreiningu hjá hjúkrunarfræðingum og læknum sem mátu líkur á slagi, svo sem heilablæðingu eða blóðtappa.

Þórir segir að fjölmargir hafi nýtt sér þjónustuna og mörgum hafi verið bent á að leita læknis. Í Kringlunni kom til að mynda upp eitt tilfelli þar sem einstaklingur var sendur beint á bráðamóttöku. - þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á gangandi vegfaranda

Ekið var á fimmtán ára pilt á Hverfisgötu í gærkvöld. Pilturinn hlaut talsverða áverka, meðal annars á höfði, og var fluttur á gjörgæsludeild landspítalans. Að sögn læknis er hann ekki í lífshættu. Lögregla rannsakar tildrög slyssins.

Ölvunarakstur á Akureyri

Lögreglan á Akureyri stöðvaði fimm ölvaða ökumenn frá hádegi á föstudag til hádegis á laugardag. Einn var stöðvaður á föstudag, tveir aðfaranótt laugardags og tveir á laugardagsmorgun.

Samtök psoriasis og exemsjúklinga

Af tilefni **35 ára afmæli** samtakanna og Alheimsdegi Psoriasissjúkinga þann 29 okt. 2007 verður fræðslufundur haldinn í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsli 1, 110 Reykjavík.

Þriðjudaginn 23 október kl.20.00.

Fyrirlesarar verða:
Ragna Leifsdóttir Húðlæknir
Guðjón Bergman Jógakennari.
Birkir Sveinsson Húðlæknir

Kaffiveitingar.

Sýnum samstöðu og mætum vel
SPOEX

Kynjabókhald ASÍ 2007 sýnir að lítil breyting hefur orðið milli ára:

Mun færri konur í stjórnum

VINNUMARKAÐUR Hlutfallslega eru mun fleiri karlar í stjórnum lífeyrissjóða en konur. Í Kynjabókhaldi ASÍ 2007 kemur fram að karlar eru rúm 73 prósent stjórnarmanna í lífeyrissjóðum en konurnar tæp 27 prósent.

Stjórnarmennirnir skiptast jafnt milli verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins. Af þeim sextíu sem sitja í þessum stjórnum lífeyrissjóðanna eru níu konur fulltrúar stéttarfélaganna meðan sjö konur eru fulltrúar Samtaka atvinnulífsins.

Hlutfallslega eru mun færri konur sem sitja í stjórnum aðildarfélaga ASÍ miðað við hlutfall þeirra sem félagsmanna. Konur eru 45 prósent félagsmanna aðildarfélaga ASÍ en aðeins 35 prósent stjórnarmanna.

Þegar fjöldi stjórnarmanna í landssamböndunum er skoðaður eftir kyni kemur í ljós að konur eru fimmtán en karlarnir 53 talsins. Hæst er hlutfall kvenna meðal meðstjórnenda, þar eru tólf konur á móti 39 karlmönnum.

Í Kynjabókhaldinu kemur fram að ekki hefur orðið veruleg breyting á hlutfalli kvenna í stjórnum og ráðum milli ára. „Kynjabókhaldið sjálft leysir hvorki vanda né eykur hlut kvenna í stjórnum og ráðum. Það þarf að breyta viðhorfum og samþætta jafnréttissjónarmiðið í allri ákvarðanatöku aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands," segir þar. - ghs

FÁAR Í STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐA Konur eru hlutfallslega mun færri en karlar í stjórnum lífeyrissjóðanna en þó eru þær einhverjar. Hér má meðal annars sjá Jóhönnu E. Vilhelmsdóttur sem situr í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

www.toyota.is

VIÐ SELJUM BARA BLÁA OG GULA BÍLA!

BNB sölugreining

Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.
Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Úrvalsbíll

Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð*:

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

Gæðabíll

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð*:

- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur.
Þú mátt treysta því.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30815 06/2006

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

GENGIÐ 19.10.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	59,69	59,97
Sterlingspund	122,24	122,84
Evra	85,21	85,69
Dönsk króna	11,43	11,496
Norsk króna	11,111	11,177
Sænsk króna	9,293	9,347
Japanskt jen	0,5161	0,5191
SDR	93,16	93,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,3106
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðuneytið segir starfslok forstjóra Ratsjárstofnunar í fullri sátt:

Vinnur ekki út uppsagnarfrest

STJÓRNSÝSLA Utanríkisráðuneytið hefur sent frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kemur að Ólafur Örn Haraldsson hafi látið af störfum fyrir nokkrum dögum sem forstjóri Ratsjárstofnunar í góðu samkomulagi við ráðuneytið. Tilefni tilkynningarinnar er frétt á forsíðu Fréttablaðsins í gær um fráhvarf Ólafs frá stofnuninni, undir fyrirsögninni „Forstjóri gekk á dyr hjá Ratsjárstofnun“. Utanríkisráðuneytið segir að fyrirsögn Fréttablaðsins eigi ekki við rök að styðjast, en gerir ekki athugasemdir við efnistök fréttarinnar að öðru leyti.

Þetta eru mun fyllri upplýsingar um fráhvarf Ólafs frá Ratsjárstofnun en Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, lét blaðamanni í té við vinnslu fréttarinnar.

ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON Starfslok hans eru í fullri sátt, segir í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Í fréttatilkynningunni segir jafnframt að ráðuneytið og Ólafur Örn séu sammála um að nú þegar ljóst er að aftur verði ráðist í verulega umbreytingu á rekstrinum sé heppilegast að gefa svigrúm fyrir að nýir aðilar komi að málum. Því hafi orðið samkomulag um að Ólafur vinni ekki út uppsagnarfrest sinn. Sex mánaða uppsagnarfrestur Ólafs tók gildi 1. október síðastliðinn.

Ráðuneytið þakkar Ólafi Erni í tilkynningunni fyrir vel unnin störf og væntir góðs samstarfs við hann og ráðgjafar um fyrirsjáanlega endurskipulagningu.

Ekki náðist í Ólaf Örn við vinnslu fréttarinnar. - shá

Ástandið í Búrma:

Banni aflétt í Rangún

RANGOON Herstjórnin í Búrma hefur aflétt útgöngubanni sem tók gildi í síðasta mánuði vegna mótmæla almennings gegn verðhækkunum í landinu. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins.

Hervagnar óku með hátalara um götur borgarinnar og tilkynntu um þessa ákvörðun. Ekki er ljóst hvort útgöngubanni, sem verið hefur í gildi í borginni Mandalay, hefur einnig verið aflétt.

Á fimmtudag leystu stjórnvöld úr haldi hóp mótmælenda sem handtekinn var þegar mótmælin stóðu sem hæst. - vþ

Kvenfélag Kópavogs:

Styrkja fjölbýli geðfatlaðra

KÓPAVOGUR Kvenfélag Kópavogs hefur veitt fjölbýli geðfatlaðra í Hörðukór 200 þúsund króna peningagjöf. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, veitti peningagjöfinni viðtöku.

Helga Skúladóttir, formaður kvenfélagsins, segir að félagið vilji styðja við bakið á þeim sem minna mega sín og vonast til þess að fleiri úrræði á borð við fjölbýlið í Hörðukór verði til.

Íbúðakjarninn við Hörðukór samanstendur af sjö tveggja herbergja íbúðum sem eru til útleigu og einni þjónustuíbúð. Markmið úrræðisins er að hvetja íbúana til sjálfshjálpar. - þo

Kosningar í Póllandi:

Áhyggjur af áhugaleysi

VARSJÁ Þingkosningar fara fram í Póllandi í dag, en samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins eru uppi áhyggjur af áhugaleysi kjósenda. Í síðustu kosningum var aðeins um 40 prósent þátttaka og stefnir í svipaða þátttöku í ár.

JAROSLAW KACZYNSKI

Sitjandi stjórn hefur einkennst af baráttu gegn spillingu annars vegar og af harðsvíraðri afstöðu gagnvart Evrópusambandinu hins vegar. Forsætisráðherra landsins, Jaroslaw Kaczynski, hefur biðlað til kjósenda að veita sér tækifæri til að halda starfi sínu áfram.

Donald Tusk er helsti andstæðingur forsætisráðherrans í kosningunum. Hann segir ríkisstjórnina einbeita sér of lítið að uppbyggingu efnahags landsins. - vþ

BIÐJA UM ORÐIÐ Valgerður Gísladóttir afhendir Páli Magnússyni útvarpsstjóra undirskriftalista með yfir þúsund nöfnum. Með henni í för var séra Pálmi Matthíasson, prestur í Bústaðakirkju, og tíu manna einvalalið eldri borgara sem allir eiga það sameiginlegt að vilja heyra Orð kvöldsins á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Orðið er eldra fólki óhemju mikils virði

Eldra fólk vill fá Orð kvöldsins aftur á Rás 1. Fundað var með útvarpsstjóra sem tók vel í hugmyndina. Okkur hjartans mál að fá þessar fáu mínútur, segir forsvarsmaður aðdáenda. Hlustum á þá sem hlusta á okkur, segir útvarpsstjóri.

FJÖLMIÐLAR Tólf eldri borgarar gengu á fund Páls Magnússonar útvarpsstjóra á fimmtudag með yfir þúsund undirskriftir á lista þar sem óskað var eftir því að dagskrárliðurinn Orð kvöldsins yrði aftur á dagskrá Rásar 1. Páll tók vel í hugmyndina og sagðist ætla að skoða málið.

Orð kvöldsins voru á dagskrá fimm mínútum fyrir tíufréttir Rásar 1 á kvöldin, þar sem farið var með stuttar kvöldbænir. Hætt var að útvarpa þættinum um miðjan síðasta mánuð.

„Það er okkur mikið hjartans mál að fá þessar fáu mínútur á kvöldin,“ segir Valgerður Gísladóttir, sem situr í stjórn ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæmis. Hún stóð fyrir undirskriftasöfnuninni og kom á fundinum með útvarpsstjóra fyrir hönd aðdáenda þáttarins. „Þessi þáttur er eldra fólki óhemju mikils virði. Það er oft einangrað og eitt, og vill fá bænina sína meðan það liggur í bólinu og bíður eftir að sofna.“

Hún segist ekki vita hvers vegna þátturinn var tekinn af dagskrá, en í kjölfarið hafi síminn hringt látlaust hjá henni í ellimálaráði. „Fólkið er í svo góðu sambandi við mig að ef eitthvað þarf að gera þá heldur það að ég geti það bara. Ég berst fyrir minni hjörð.“ Fundurinn með útvarpsstjóra gekk mjög vel að sögn Valgerðar.

„Við hlustum á þá sem hlusta á okkur og við ætlum að skoða þetta mál,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Hann kveður viðbrögðin hafa komið sér á óvart. „Ég hugsa að við förum yfir þetta strax eftir helgi og tökum ákvörðun í kjölfarið.“

Hann segir mönnum hafa þótt þátturinn afkáralega tímasettur, nánast eins og kveðjuorð í dagskrá áður en kvöldfréttir byrjuðu. Því hafi hann verið tekinn af dagskrá á þeim tíma sem hann var og ekki settur inn aftur.

„Það voru vangaveltur um það hvað þátturinn ætti að vera langur, hvar hann ætti að vera í dagskránni og hvernig flutningi hans ætti að vera háttað. En við skoðum þetta núna í ljósi þess hversu mikil viðbrögðin hafa verið.“

salvar@frettabladid.is

Tjaldanes missti vélarafl:

Áhöfnin slapp með skrekkinn

SLYS Átta manna áhöfn bátsins Tjaldaness GK 525 slapp með skrekkinn þegar báturinn missti vélarafl á föstudagskvöld. Orsökin var sprenging í smurolíudælu.

Báturinn, sem er 240 tonn, var staddur um þrjár sjómílur frá landi út frá Þórsnesi skammt frá Grindavík. Björgunarsveitir og lögregla voru send á staðinn en ekki reyndist þörf á aðstoð þeirra því áhöfn bátsins tókst að gangsetja vélina og sigla bátnum til hafnar í Grindavík.

Að sögn lögreglu var engin hætta á ferðum. - þo

KANNABISPLANTA Plönturnar sem fundust í Hafnarfirði voru á lokastigi ræktunar.

Húsleit í Hafnarfirði:

Kannabisræktun stöðvuð

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri er í haldi lögreglunnar í Reykjavík vegna umfangsmikillar kannabisræktunar.

Maðurinn var handtekinn á heimili sínu í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins eftir að húsleit var gerð í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Þar fundust 160 kannabisplöntur á lokastigi ræktunar. Húsleitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði.

Rannsókn málsins er á frumstigi. - þo

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÓLNAR MEÐ KVÖLDINU

Ein kemur þá önnur fer, altso lægðirnar. Í dag er hraðfara lægð á austurleið og því nokkur breytileiki á vindstefnunni og vindhraðanum. Hann verður því í dag að halla sér í skammvinna norðanátt með töluvert kólnandi veðri. Síðdegis en þó einkum í kvöld verður hitinn kominn niður undir frostmark norðan og austan til en vægt frost á hálendinu. En svo hlýnar á ný á morgun með hvassri suðaustan átt.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg norðlæg átt. Skúrir. Hiti 4-7 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



13-20 m/s sunnan og vestan til annars hægari. Hlýnandi veður á ný.

» þriðjudagur



13-20 m/s vestan til og með austurströndinni annars hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C	hálftskýjað	London	14°C	léttskýjað	Friedrichshafen	4°C	skúrir
Billund	12C	hálfskýjað	París	12°C	hálfskýjað	Lúxemborg	8°C	alskýjað
Osló	8°C	skúrir	Amsterdam	13°C	léttskýjað	Alicante	20°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	9°C	hálfskýjað	Frankfurt	8°C	skúrir	Róm	13°C	skúrir
Gautaborg	9°C	skúrir	Berlín	8°C	skúrir	Las Palmas	26°C	hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Full búð af frábærum tilboðum

1.499 kr/kg, áður 2.515 kr/kg
Matfugls kjúklingabringur

844 kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða hálfur niðursagaður skrokkur

999 kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða Lambaofnsteik

855 kr/kg, áður 1.425 kr/kg
100% íslenskt ungnautahakk

COOP safar, 1ltr
Appelsínusafi, eplasafi, ávaxtasafi

393 kr/kg, áður 605 kr/kg
Ísfugls kjúklingaleggir

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SJA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18.–21. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

KJÖRKASSINN

Á að hlutafélagavæða Landsvirkjun?

Já	13,9%
Nei	86,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú slátur?

Segðu skoðun þína á visir.is.

VÍSIR

Íslensku byggingarlistarverðlaunin 2007 afhent á Kjarvalsstöðum:

Lækningalind verðlaunuð

VERÐLAUNAAFHENDING Íslensku byggingarlistarverðlaunin 2007 komu í hlut VA arkitekta fyrir Lækningalind, Bláa lóninu. Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti verðlaunin á Kjarvalsstöðum í gær.

Lækningalind Bláa lónsins er sjálfstæð viðbót við Heilsulind Bláa lónsins. Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt er einn hönnuða byggingarinnar. Hún segir að við hönnunina hafi verið reynt að taka tillit til náttúrunnar umhverfis húsið. „Við vildum milda umhverfisáhrif byggingarinnar og beittum til þess ýmsum ráðum. Við notuðum til að mynda hraun af lóðinni til að klæða bygginguna og létum einnig vatn úr baðlóninu renna í náttúrulega hraunbolla.“ Samhliða afhendingunni var opnuð sýning á þeim tíu verkefnum sem þóttu koma til greina til verðlaunanna og til stendur útgáfa bókar um þessi sömu verkefni. Sigríður segir vel að verðlaununum staðið. „Þetta er að sjálfsögðu mikil viðurkenning fyrir okkur. En það er ekki síður ánægjulegt að þessi verðlaun hjálpa til við að stuðla að opinni umræðu um hlutverk byggingarlistar í lífi okkar.“ - vþ

FRÁ AFHENDINGU VERÐLAUNANNA Á KJARVALSSTÖÐUM Albína Thordarsson, G. Oddur Víðisson, Guðrún Sigfúsdóttir, Ingunn Lilliendahl, Sigríður Sigþórsdóttir og Geir H. Haarde.

Sáttasemjari Írans:

Uppsögn loks samþykkt

TEHERAN Helsti sáttasemjari Írans varðandi kjarnorkuáætlunina, Ali Larijani, hefur sagt upp störfum. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins.

Larijani hafði ítrekað lagt fram uppsögn sína, en Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hefur fram að þessu ávallt neitað að samþykkja hana.

Larijani og Ahmadinejad voru ósammála um hvernig ætti að bera sig að í samskiptum við Vesturlönd. Forsetinn hefur aðhyllst eindregna kjarnorkustefnu, en Larijani hefur lagt áherslu á málamiðlanir á milli Vesturlanda og Írans. - vþ

AÐDÁENDABRÉF Jóhanna Jóhannsdóttir, 93 ára, veitti bréfinu viðtöku.

Ungir jafnaðarmenn:

Afhentu íbúum Þjórsárbakka aðdáendabréf

UMHVERFISMÁL Baráttufólk gegn virkjun neðri Þjórsár fékk afhent aðdáendabréf frá framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna. Í bréfinu lýsir stjórnin yfir aðdáun sinni á því sem hún segir hetjulega baráttu gegn Landsvirkjun.

Góður hópur gestgjafa tók á móti ungmennunum á bænum Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í þeim hópi voru meðal annars þrjár konur á níræðis- og tíræðisaldri sem láta ekki sitt eftir liggja við mótmæli gegn virkjunaráætlunum.

Buðu þær stjórninni í skoðunarferð um svæði sem færu undir vatn, verði áætlanir Landsvirkjunar að veruleika. - eb

Fimmtán milljarðar króna í hagnað á Keflavíkurvelli

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur selt um 80 prósent allra fasteigna í umsjón félagsins. Starfrækt verður kirkja á svæðinu og allar líkur eru á að netþjónabú muni rísa í tveimur húsum.

SKIPULAGSMÁL „Við gætum selt allt á morgun ef við vildum,“ segir Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, verkefnastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Gengið hefur verið frá sölu um 80 prósent allra fasteigna í umsjón Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og keppst er um að bjóða í þau 20 prósent sem eftir eru. Nú þegar er hagnaður félagsins um 15 milljarðar króna.

Háskólavellir ehf. festu kaup á 96 byggingum á starfssvæði Þróunarfélagsins. Um ræðir alls um 155.000 m², þar af um 1.660 íbúðir. Heildarvirði samningsins er um 14 milljarðar króna.

Að Háskólavöllum standa fasteignaþróunarfélagið Klasi hf., Glitnir, Fasteignafélagið Þrek ehf., Fjárfestingafélagið Teigur ehf. og Sparisjóðurinn í Keflavík. Ein forsenda samningsins var að Keili, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, yrði tryggðar 500 íbúðir til ráðstöfunar fyrir leiguíbúðir stúdenta.

Daginn áður keypti Keilir tvö hús ásamt byggingarlóðum, annars vegar skólabyggingu sem áður hýsti menntaskóla varnarliðsins og hins vegar leikskóla. Heildarvirði samningsins við Keili er 320 milljónir króna.

Með kaupunum tryggði Keilir sér framtíðarkennsluhúsnæði og lóð sem duga á fyrirtækinu næstu áratugi, en menntaskólinn er um 5.400 fermetrar að stærð.

Gengið var formlega frá fyrstu sölu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar hinn 20. ágúst síðastliðinn við Base ehf. sem bauð í allar byggingarnar sem auglýstar voru.

Base mun byggja upp svonefnda Tæknivelli til framtíðar, aðstöðu fyrir iðngreinar með áherslu á meðal annars verkfræði, raunvísindi og nýsköpun.

Nýjustu kaupin eru kaup Kirkjuráðs á kirkju svæðisins. Guðlaugur segir sölu fasteigna þó aðeins vera fyrsta skrefið í starfsemi Þróunarfélagsins.

„Þegar sölunni er lokið munum við gera úttekt á mengun og sjá um almenna þróun á svæðinu.“

Fyrir nokkru skýrði Fréttablaðið frá því að fjárfestingafyrirtækið Verne hefði skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á tveimur húsum á vellinum til þess að reka þar netþjónabú. Búist er við að hugmyndir um slíkt verði kynntar inn skamms að sögn Vilhjálms Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Verne. eva@frettabladid.is



TVISTURINN Búið er að merkja rútuna sérstaklega til að enginn ruglist á henni og venjulegum hópferðabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Kemur fyrir að hópferðabílar aki í stað strætisvagna segir framkvæmdastjóri:

Rútan sem þóttist vera tvistur

SAMGÖNGUR Hópferðabíll ók í stað strætisvagnsins sem fer leið númer tvö á fimmtudag og föstudag. Farþegar fengu því að sitja í töluvert þægilegri sætum þennan daginn en þeir eiga að venjast, en þurftu á móti að klífa fleiri þrep til að komast upp í rútuna.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir ekki oft koma fyrir að hópferðabílar þurfi að sinna störfum strætisvagna. Ástæðan sé þó ekki skortur á strætisvögnum heldur hafi eitt fyrirtækjanna sem ekur fyrir Strætó bs., Hópbílar, þurft að grípa til rútu í neyð örfáum sinnum.

„Í fyrra skiptið voru þeir búnir að kaupa þrjá glænýja vagna, en fengu þá ekki afhenta á réttum tíma og þurftu þess vegna að nota aðra bíla sem þeir áttu. Á fimmtudaginn þurfti að grípa til hópferðabílsins vegna þess að strætisvagninn sem átti að keyra leiðina bilaði.“

Reynir segir hópferðabílana geta komið sér illa fyrir fólk sem á erfitt með gang, eða fólk með barnavagna eða reiðhjól, því gólfið liggi mun hærra en í strætisvögnum. Þess vegna sé ekki ákjósanlegt að nota þá sem strætisvagna.

Það virðist samt ekki hafa komið sér illa að nota slíkar bifreiðar í neyðartilfellum, enda segist Reynir ekki hafa heyrt af neinum kvörtunum vegna þess, „enda eru þetta vel búnir bílar“. - sþs

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

Markaðsnefnd
um íslenska hestinn

Styrkumsókn

Markaðsnefnd um íslenska hestinn auglýsir eftir umsóknum um styrki til markaðstengdra verkefna erlendis. Nefndin starfar á vegum landbúnaðarráðuneytisins en Útflutningsráð Íslands fer með daglega umsýslu nefndarinnar.

Markmið með starfi nefndarinnar eru:
- *að auka útflutningsverðmæti hrossa.*
- *að auka verðmæti framleiðsluvara sem tengjast íslenska hestinum.*
- *að auka hlutfall ferðamanna sem nýta sér hestatengda ferðaþjónustu.*

Til að ná þessum markmiðum hefur nefndin til ráðstöfunar fjármagn til styrkja. Meginákersla er lögð á styrkveitingar til útgáfu- og kynningarmála, markaðssetningar og annarra verkefna sem styðja við hrossaræktendur, framleiðendur og ferðaaðila sem heildstæða atvinnugrein. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og samtök. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Umsóknarfrestur er til 31. október nk.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutunarreglur nefndarinnar og umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Útflutningsráðs Íslands **www.utflutningsrad.is**.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

PIPAR • SÍA • 60594

SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrund og Hróbjartur
Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-46
Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn
Verð: 16.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi er gott.

Óraunsæ áfengis-rómantík

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Á Alþingi Íslendinga hefur nú í fimmta sinn verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. Inntak frumvarpsins er að sala á léttvíni og bjór verður leyfð í almennum verslunum og verðlagning gefin frjáls.

Fylgismenn frumvarpsins halda því fram að frelsisskerðing felist í að þurfa að kaupa vín í sérstökum verslunum sem reknar eru af íslenska ríkinu. Víninu (og bjórnum) er líkt við matvöru og spurt hvers vegna neytendum sé ekki treyst til að kaupa hvítvínið á sama stað og fiskurinn fæst og rauðvínið í ostabúðinni.

Áhyggjur þingmannanna væru skiljanlegar ef fyrirkomulag áfengissölu væri vont á Íslandi en svo er alls ekki. Áhugafólk um eðalvín og aðra áfenga drykki á kost á að kaupa vín í nærri 50 vínbúðum um allt land sem mörgum hefur verið valinn staður í nágrenni við aðrar verslanir, til dæmis stórar matvöruverslanir. Í vínbúðunum er mikið úrval og þjónusta góð. Vínbúðirnar hafa þróast í takt við kröfur tímans, frá því að vera fáar og nokkuð vel faldar verslanir þar sem söluvarningurinn var afgreiddur yfir búðarborð og viðskiptavinum gafst ekki einu sinni kostur á að taka sér númer.

Áhyggjur þingmannanna væru skiljanlegar ef fyrirkomulag áfengissölu væri vont á Íslandi en svo er alls ekki.

Ekki verður séð að það sé goðgá fyrir neytendur að fara í vínbúð til að kaupa vín, rétt eins og margir hafa ánægju af að fara í ostabúð til að kaupa ost og fiskbúð til að kaupa fisk.

Vissulega er sá munur á að ríkið hefur einkasölu á áfengi og rekur því vínbúðirnar. Og hvers vegna er það? Það er vegna þess að áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara. Áfengi er vímuefni og þar með ekki sambærilegt við annan varning sem seldur er í almennum verslunum, þótt óhollur sé. Sala áfengis hlýtur því að verða að lúta öðrum lögmálum.

Landlæknir og forstöðumaður Lýðheilsustöðvar hafa báðir lýst andstöðu sinni við frumvarp þingmannanna. Sömuleiðis SÁÁ en sá félagsskapur hefur á ferli sínum safnað gríðarlegum upplýsingum um umfang áfengisvandans á Íslandi.

Ljóst er að áfengisneysla er með stærstu heilsufars- og fjölskylduvandamálum á Íslandi. Það er í besta falli barnaskapur að ímynda sér að sala á léttvíni og bjór í matvöruverslunum breyti engu um það eða breyti því jafnvel til hins betra. Áfengismenning Íslendinga verður ekki eins og Ítala við það að gera íslenskum neytendum kleift að kaupa áfengi í almennum verslunum. Íslensk áfengismenning sver sig í ætt við menningu nágrannaþjóðanna þar sem reynslan sýnir beint samhengi milli aðgengis að áfengi og heilsufarslegra og samfélagslegra vandamála í tengslum við áfengisneyslu.

Binda verður vonir við að þingmenn hlýði á ráð þeirra sem þekkja best umfang áfengisvandans og láti þau vega þyngra en röksemdir sem snúa að verslunarfrelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

Ari Jóhannesson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2007. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir 15. janúar 2008. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
Ingólfsnaust - Vesturgata 1
101 Reykjavík
menning@reykjavik.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin endurkoma

Ólína Þorvarðardóttir var allt annað en kát með áætlaða endurkomu sína í sjónvarp á föstudagskvöldið. Þar ætlaði hún að vera á ÍNN, sjónvarpsstöð Ingva Hrafns, með viðtalsþátt. Ekki gekk þó betur en svo að þegar þátturinn átti að fara í loftið voru bara skilaboð á skjánum: Við verðum því miður að stöðva útsendingu ÍNN þar til tæknin er hætt að stríða okkur." Við þessu hefur Ólína það að segja, á kjarnyrtri íslensku: „Kræst: Þvílíkt „comeback"." Vonandi fyrir hana er eitthvað rétt í gamla máltækinu, að fall sé fararheill.

Portgreifi mikill

Þær eru margar ákvarðanirnar sem nýr borgarstjóri þarf að taka með fulltingi meirihluta borgarstjórnarfulltrúanna. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær ætlar Dagur B. Eggertsson að bjarga Kolaportinu, en margir hafa haft áhyggjur af því hvað verði um þann samkomustað borgarbúa um helgar. Í tilefni af því er ekki úr vegi að Dagur taki upp annan titil og verði héðan af kallaður „portgreifi", en það þýðir einmitt borgarstjóri.

Þarf ekki að bíða frammi á gangi

Í fréttum Stöðvar 2 sagði Svandís Svavarsdóttir um starf stýrihóps um málefni REI; „En það gefur auga leið að á öllum fundum þegar við erum að fara yfir mál, að þá kann það að orka tvímælis að eitthvert okkar sitji á fundum og það kann líka að orka tvímælis að ég sé þar á einhverjum tímapunkti og þá er ég bara tilbúin að sitja frammi á gangi á meðan um það er rætt." Varð þetta Jórunni Frímannsdóttur að umræðuefni á heimasíðu sinni, þar sem hún velti fyrir sér hvort Björn Ingi Hrafnsson, sem þar til í gær átti sæti í stýrihópnum, þyrfti bara að bíða frammi á gangi á meðan fundum stæði. Nú þarf hún ekki að hafa áhyggjur af því lengur, fyrst Óskar Bergsson hefur tekið sæti Björns Inga.

svanborg@frettabladid.is

BITBEIN Illugi Gunnarsson spyr:

Á Ísland að sækjast eftir framlengingu á „íslenska ákvæðinu" á næstu loftslagsráðstefnu?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Skynsamlegt fyrir alla

Ríkisstjórn Íslands lýsti því yfir fyrr á þessu ári að leitað yrði allra leiða til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75% fyrir árið 2050. Allir sjá að þetta markmið er mjög metnaðarfullt og stórkostlegur árangur ef það tækist. Mestu máli skiptir að virkja sem best saman markaðsöflin og hið opinbera til þess að atvinnulífið finni nýjar og betri leiðir til að framleiða vöru og þjónustu. Jafnframt á að nýta þá möguleika sem skógrækt og landgræðsla býður upp á ásamt því að við öll í okkar daglega lífi reynum að taka sem mest og best tillit til umhverfisins.

Íslenska ákvæðið

Íslenska ákvæðið svokallaða er í sjálfum sér ekki sér íslenskt. Kýótó-bókunin fól í sér sérstakt ákvæði fyrir lítil hagkerfi, þ.e. þau hagkerfi sem losa minna en 0,05% af heildar koldíoxíðlosun iðnríkjanna árið 1990. Þetta ákvæði gerir smáríkjum kleift að halda stórum framkvæmdum sem leiða til meira en 5% aukningar á losun fyrir utan útstreymisbókhald sitt að því gefnu að nýtt sé endurnýjanleg orka, besta fáanlega tækni og sem mestu skiptir að notkun orkunnar leiði til samdráttar í losun á heimsvísu. Forsenda þess að ákvæðið fékk brautargengi er því fyrst og síðast sú að það er skynsamlegt og ábyrgt þegar horft er á loftslagsvandann í heild. Jafnframt er ljóst að loftslagsvandinn er hnattrænn og tilgangslaust að líta á hann með öðrum augum.

Íslenskir hagsmunir

Fyrir Ísland er það mikið hagsmunamál að halda til haga þessu sérstaka ákvæði. Efnahagslegt mikilvægi þess er umtalsvert fyrir þjóðina, loftið er takmörkuð auðlind í alþjóðlegu samhengi og það væri því andstætt íslenskum hagsmunum að halda ekki fast við ákvæðið þegar haldið verður til Balí. Íslensk stjórnvöld geta síðan tekið um það sjálfstæða ákvörðun hvort þau nýta þessar heimildir þegar til þess kemur.

Flýtum þróuninni

Nauðsynlegt er að gera sér skýra grein fyrir því að loftslagsvandinn verður ekki leystur á nokkrum árum. Þess vegna er stefnumörkun í þessum málum til margra áratuga. Gera má ráð fyrir að framleiðslutækni muni taka gríðarlegum breytingum á næstu áratugum og við sjáum til dæmis hversu mjög hratt bílaiðnaðurinn hefur breyst í átt til umhverfisvænnra lausna. Meira að segja áliðnaðurinn er á fullu við þróa nýja tegund keramíkskauta, sem mun minnka útblástur til allra muna. Slíkar breytingar munu verða á flestum sviðum hagkerfisins. Svigrúm þeirra ríkja eða fyrirtækja sem geta framleitt með lítilli mengun með endurnýjanlegum orkugjöfum á að vera meira en hinna sem geta það ekki. Slík nálgun knýr hraðar fram jákvæða þróun í þessu mikilvæga máli.

Íslensk mengun eða útlensk?

Mörgum þótti það heldur öfugsnúið þegar íslenskum ráðamönnum tókst að semja um 10% aukinn mengunarkvóta í Kýótó árið 1997 á meðan flestar aðrar vestrænar þjóðir skuldbundu sig til að losa 5% minna af gróðurhúsalofttegundum en áður. Rökin voru þau að eftir því sem Íslendingar menguðu meira þá menguðu aðrir minna. Íslendingar hefðu þess vegna skyldu gagnvart umhverfinu til að menga eins mikið og þeir kæmust mögulega upp með. Og íslenskum umhverfisverndarsinnum fór að líða svolítið eins og í skáldsögu eftir George Orwell: Mengun er umhverfisvæn – sögðu ráðherrarnir – og umhverfisvernd er mengandi.

Misskilningurinn

Því miður byggðist þetta allt á meiriháttar misskilningi á eðli Kýótó-bókunarinnar. Misskilningurinn er sá að Kýótó-samningurinn eigi að minnka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Í reynd fjallar bókunin aðeins um iðnríki líkt og Ísland, Þýskaland og Bandaríkin, en ekki um þróunarríki. Ástæðan er einfaldlega sú að allir eru sammála um að ekki sé hægt að banna þróunarríkjum að beita sömu aðferðum til að komast upp úr fátækt eins og vestræn iðnríki beittu á sínum tíma. En það kom ekki í veg fyrir að íslenskir ráðamenn hreyktu sér af því að hagvöxturinn af álvinnslunni kæmi í okkar hlut en ekki fátæku ríkjanna sem þurfa á henni að halda.

Staðreyndavillurnar

En íslenska ákvæðið byggist ekki bara á misskilningi, heldur líka staðreyndavillum. Fyrsta staðreyndavillan er sú að orkufreki iðnaðurinn (t.d. áliðnaðurinn) sem nú er verið að byggja upp utan Vesturlanda sé yfirleitt knúinn með kolum og olíu. Eins og verkfræðingurinn og fyrrverandi umhverfisráðherrann Júlíus Sólnes benti á fyrir nokkru verða helstu álbræðslurnar sem nú eru fyrirhugaðar í þróunarlöndum heimsins einmitt knúnar með vatnsorku. Eini munurinn er sá að Íslendingar geta boðið „cheapest energy prices" og þannig séð til þess að álfyrirtækin geti framleitt meira ál fyrir minni pening.
Önnur staðreynd sem sjaldan er tekin með í reikninginn er að álið sem brætt er hér á landi er ekki frá Reyðarfirði eða Straumsvík, heldur frá Ástralíu og Jamaíka. Óunnið ál, svokallað súrál, er sem sagt flutt hingað til lands og svo aftur til annarra fjarlægra landa þar sem álið er notað í lúxusvörur (aðallega gosdósir, nammibréf og þess háttar). Enn hefur ekki verið útskýrt hvers vegna losunin af þessum stórfelldu þungaflutningum eru ekki hluti af reikningsdæminu hjá íslenskum álverssinnum.

Hvað gerum við á Balí?

Í desember fer fram ráðstefna á Balí þar sem Kýótó-samningurinn verður endurnýjaður. Eflaust munu einhverjir krefjast þess að Íslendingar endurtaki leikinn frá 1997, fari aftur niður á hné og biðji um að fá að menga aðeins meira til að bjarga umhverfinu. Við hin ætlum að einbeita okkur að því að hvetja þjóðir heims til að taka loftslagsvandann alvarlega og takmarka losunina eins og framast er unnt. Líka hér á landi. Því íslensk mengun er ekkert skárri en útlensk.

MAX RAFTÆKI

2.989 kr.

Football Manager 2008

Nýtt á PC

Gourmet kaffikanna

Philips HD5405
- Café Gourmet kaffivél
- Sýður vatnið

9.989 kr.
Fullt verð ~~11.989~~

Vekjari/Veðurstöð

Dantax WS43
- Veðurstöð fyrir úti og inni
- Skynjari fyrir útihitastig
- Klukka og vekjari
- Varpar tíma á vegg/loft

Varpar tíma á vegg/loft

3.989 kr.
Fullt verð ~~7.989~~

Eldhúsvog

Exido 246020
- Eldhúsvog
- Ryðfrítt stál
- Slokknar á eftir 1 mín.
- Mælir allt að 2kg

1.989 kr.
Fullt verð ~~2.989~~

Heimabíó

Sony DAVDZ110
- Frábært heimabíó með DIVX
- S-Master Full Digital magnari
- Total 850W (142W x 6)
- Sjálfvirk uppsetning (stilling) með hjálp hljóðnema
- DTS/Dolby Digital/Dolby ProLogic II
- RDS Tuner FM20/MW10 minni
- Tengi fyrir Walkman að framan
- A/V SYNC (Lip Sync)

Spilar DVD-R/RW (Video/VR), DVD+R/RW, SVCD og MP3/JPEG

24.989 kr.
Fullt verð ~~33.989~~

Míkróstæða

Lenco MC140
- Míkrósamstæða
- Geislaspilari með MP3
- Spilar CD-R/RW og MP3/WMA
- SD/MMC kortalesari
- USB tengi
- FM útvarp með stöðvam.
- Fjarstýring

9.989 kr.
Fullt verð ~~12.989~~

1800w ryksuga

Kenwood VC1807
- 1800w ryksuga
- 2 fylgihlutir
- Litur: Silfur

5.989 kr.
Fullt verð ~~9.989~~

Þvottavél/Þurrkari

139.989 kr.
Fullt verð ~~169.989~~

Siemens WM14E470
- 1400 snúninga og 6kg þvottavél
- Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Tekur 6kg af þurrum þvotti
- Ullarvagga
- Hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B

Siemens WT46E371EX
- 7 kg barkalaus þurrkari
- 11 kerfi
- Rafeindatýrður Duotronic rakaskynjari
- Lætur vita er hreinsa á síu og tæma vatnsgeymi
- LCD skjár sem gefur upp þurrkunartíma
- Sjálfvirk magnskynjun
- Má tengja beint í niðurfall

1.989 kr.

Nýtt á CD

Nýtt á DVD

SSSól
Síðasta vetrardag

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19. **Fim. 11-22.**
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Við erum beint á móti IKEA

MAX

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,

Guðrúnar Ingeborgar Mogensen

Sérstakar þakkir til alls þess starfsfólks Landspítalans sem annaðist hana í veikindum hennar.

Magnús Björgvinsson
Ásdís María Jónsdóttir
Þórey Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Karen Margrét Mogensen
og fjölskyldur.

†

Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnlaugs Arnórssonar,
fyrrverandi aðalendurskoðanda Seðlabanka Íslands, Bakkavör 11, Seltjarnarnesi.

Guð blessi ykkur öll.

Sofía Thorarensen
Eiður Th. Gunnlaugsson
Örn Gunnlaugsson — **Heiðrún Bjarnadóttir**
Sunna Gunnlaugsdóttir — **Scott McLemore**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

Þórunn Elíasdóttir,
Herjólfsgötu 36, Hafnarfirði,

lést 14. október. Jarðsungið verður frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði hinn 23. október kl. 13.00.

Yngvi Rafn Baldvinsson
Friðrik E. Yngvason — **Theodóra Gunnarsdóttir**
Björgvin Yngvason — **Birna Hermannsdóttir**
Stefán Yngvason — **Nína Leósdóttir**
Yngvi Rafn Yngvason — **Alís Inga Freygarðsdóttir**
og fjölskyldur.

†

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Kristjana Sigurðardóttir
áður til heimilis að Arahólum 4,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 8. október nk. kl. 13.00.

Elísabet Kristinsdóttir — **Guðmundur Sveinsson**
Sigríður Sigurðardóttir — **Jóhann Vilbergsson**
Reynir Sigurðsson — **Sigríður Bragadóttir**
Hlín Sigurðardóttir — **Gísli Jónsson**
Júlíana Sigurðardóttir — **Hannes Pétursson**
barnabörn og langömmubörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, besta vinar og föður okkar,

Ásgeirs Eyfjörð Sigurðssonar
Ægisgötu 19, Akureyri.

Sérstakar þakkir til þeirra sem veittu okkur ómetanlegan stuðning á þessum erfiðu tímum.
Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir
Sigurvin Guðlaugur Eyfjörð Ásgeirsson
Unnur Rósa Eyfjörð Ásgeirsdóttir
Þórhildur Helga Eyfjörð Ásgeirsdóttir
Stefán Ásgeir Eyfjörð Ásgeirsson
Guðrún Borghildur Eyfjörð Ásgeirsdóttir

LEIKKONAN CARRIE FISHER ER 51 ÁRS Í DAG

„Þú finnur ekki sanna hlýju eða mannlega nánd í Hollywood af því þar eru allir svo góðir í að gera sér upp ástúð og væntumþykju.“

Carrie Fisher hlaut heimsfrægð í hlutverki Leiu prinsessu í Star Wars, en háði seinna baráttu við geðhvarfasýki og lyfjafíkn. Henni mislíkaði hárgreiðsla Leiu en þorði ekki að láta leikstjórann George Lucas vita.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Afmæli Hrafnistu

Á þessu ári verður Hrafnista í Reykjavík 50 ára og Hrafnista í Hafnarfirði 30 ára. Afmælishátíð heimilanna verður haldin í dag 21. október klukkan 14.00 í Fjölbrautaskólanum Garðabæ. Kynnir verður Gísli Einarsson fréttamaður en fólk úr röðum heimilismanna sjá um fjölbreytt atriði. Allir eru velkomnir.

†

Okkar ástkæri,

Magnús Jónsson

sem lést af slysförum hinn 15. október sl., verður jarðsunginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 25. október næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á styrktarsjóð Thorvaldsensfélagsins fyrir sykursjúk börn.

Guðrún Dagný Pétursdóttir
Hrefna Magnúsdóttir — **Jón Tryggvason**
Auður Jónsdóttir — **Víðir Pálsson**
Petra Jónsdóttir
Kristjana Þórdís Jónsdóttir — **Jóhannes Karl Sveinsson**
Jón Tryggvi Jónsson — **Svala Arnardóttir**

†

Ástkær systir og fóstursystir okkar,

Lilja Guðrún Hannesdóttir,
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést föstudaginn 12. október á líknardeild Landspítala, Landakoti. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, þriðjudaginn 23. október kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta.

Systkin, fóstursystkin og aðrir vandamenn.

†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og tengdasonur,

Valdemar Sveinsson
Ólafsgeisla 111, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 13. október verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju, mánudaginn 22. október kl. 13.00.

Ingunn Stella Björnsdóttir
Elísabet Heiða Valdemarsdóttir
Sveinn Hólm Valdemarsson
Íris Björk Ingadóttir — **Ingvar Hafbergsson**
Jóhanna Eiríka Ingadóttir — **Þórður Þrastarson**
Lilja Karen, Aldís Dröfn og Darri Freyr
Hinrik Þórisson
Kristín Þórisdóttir
Sólveig Sveinsdóttir — **Benedikt Ólafsson**
Ingi Geir Sveinsson — **Særún Ragnarsdóttir**
Berglind Sveinsdóttir
Haukur Sveinsson
Björn Guðbrandsson — **Fjóla Guðmundsdóttir**
Gréta Guðmundsdóttir — **Sigurður Gunnarsson**

ÞETTA GERÐIST 21. OKTÓBER 1967

Ásmundarmálið leyst

Þennan dag árið 1967 komst upp um mesta smyglmál sem vitað var um á þeim tíma hérlendis, en málið var kennt við bátinn Ásmund og því kallað Ásmundarmálið.
Fimm Íslendingar höfðu tekið bátinn Ásmund GK30 á leigu til tveggja mánaða, undir því yfirskini að ætla til fiskveiða við Suðvesturland. Ekkert grunsamlegt þótti við veiðarnar, þar til Tollgæslunni bárust upplýsingar um að báturinn Þorleifur Rögnvaldsson hefði tekið mikið magn áfengis í erlendri höfn. Þá biðu menn Tollgæslunnar í ýmsum höfnum landsins til að hafa gætur á bátnum og þegar hann kom til Hafnarfjarðar undir nafninu Ásmundur voru fimmmenningarnir handteknir. Í bátnum fannst töluvert magn af sígarettum og yfir þúsund flöskur áfengis, en 83 kassar áfengis fundust heima hjá einum skipverjanum.

Langstærstur hluti smyglsins fannst þó í skipsflaki sem lá við bryggju í Elliðaárvogi, 18 tonn af sjeníver, en í tonninu eru um 50 kassar.



EINSTAKUR OG ÞRJÓSKUR Bragi Kristjónsson bóksali er eins og Bókin hans; einstakur í sinni röð. Hann segir fornbóksala verða hálfgerða sálgæslumenn því mannleg samskipti séu mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BRAGI KRISTJÓNSSON: BÓKIN Í 50 ÁR

Alls konar fólk

Fornbókabúðin Bókin heldur upp á hálfrar aldrar afmæli sitt um þessar mundir, en eigandi hennar síðastliðin 33 ár hefur verið Bragi Kristjónsson bóksali.

„Ég held það skrifist aðallega á þrjósku eigandans að búðin hafi verið starfrækt svo lengi,“ segir Bragi sem rak Bókavörðuna áður en hann keypti Bókina og sameinaði þessar tvær búðir undir nafni þeirrar eldri.

„Bókum er alltaf að fjölga og alltaf fleiri bækur að verða gamlar, en á Íslandi þarf bók að vera frá því fyrir 1844 til að kallast fornbók. Sumar bókanna hér eru þess eðlis að fólk þarf á þeim að halda, eins og fræðirit og skáldsögur eftir betri klassíska höfunda. En svo er mikið af gömlum bókum drasl, eins og skáldsögur sem fólk las sér til afþreyingar áður en sjónvarpið kom,“ segir Bragi sem byggir Bókina mest á fræðiritasölu hér heima, en ekki síður til bókasafna í útlöndum.

„Hingað koma engar ákveðnar stéttir heldur alls konar fólk,“ segir Bragi þar sem hann snýst í kringum norskan prófessor í leit að fræðiritum og ungt íslenskt par sem gluggar í sjálfshjálparbækur og skáldsögur Dostojevskís og Hemingways.

„Við verðum að henda voða miklu af því sem við fáum inn,“ segir Bragi sem er kresinn á það sem endar í hillum Bókarinnar. „Hér eru fáanlegar og ófáanlegar eldri bækur og maður tekur vel eftir því í þessum bransa hvað fólk er fljótt að gleymast. Þannig kannast fáir í dag við merkilegt fólk sem gaf út ævisögu fyrir tuttugu árum,“ segir Bragi.

„Ég er veikastur fyrir ævisögum kerlinga og hef undanfarin ár verið að lesa um ævi kvenna sem hafa skorið sig úr í vísindum og listum, eins og gamlar kvikmyndaleikkonur. Líka kerlingar sem voru giftar stjórnmálamönnum en skildu við þá. Mér finnst gaman að pæla í hvernig samskiptin voru,“ segir Bragi.

thordis@frettabladid.is

60 ára afmælí

Gyða Þórðardóttir
er sextug í dag 21. október. Hún er erlendis og fagnar afmælisdeginum með vinum.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

MERKISATBURÐIR

1858 Can Can-dansinn frumsýndur í París.
1944 Ríkisstjórn Ólafs Thors, nýsköpunarstjórnin, tekur við völdum.
1945 Franskar konur fá kosningarétt.
1957 Kvikmyndin Jailhouse Rock með Elvis Presley frumsýnd.
1959 Guggenheim-safnið eftir Frank Lloyd Wright opnar í New York.
1961 Bjarni Jónsson vígslubiskup gerður fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur.
1988 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara í Laugarnesi opnað.
1992 Sex, umdeild kynlífsbók Madonnu, kemur í búðir.
1984 Kappakstursheftjan Niki Lauda verður heimsmeistari í þriðja sinn.
1997 Lag Eltons John, til minningar um Díönu prinsessu, setur söluheimsmet.

Fjöldi mála afgreiddur

Árlegt kirkjuþing íslensku Þjóðkirkjunnar var sett í gær í Grensáskirkju og er reiknað með að það standi í um viku.

BISKUP Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, hefur málfrelsi og tillögurétt á Kirkjuþingi.

Á Kirkjuþingi eiga sæti 29 kjörnir fulltrúar sem skiptast í tólf vígða menn og sautján leikmenn en að auki eiga biskup Íslands, vígslubiskuparnir tveir og einn fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands setu á þinginu og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Fyrir þinginu liggja að þessu sinni nítján mál og ber þar hæst tillögur er lúta að aðkomu kirkjunnar að staðfestri samvist. Báðar tillögurnar leggja til að prestum sem kjósa svo verði veitt heimild til að framkvæma staðfesta samvist og blessun samkynhneigðra.

Einnig liggur fyrir tillaga um skipun nefndar til að endurskoða og efla upplýsinga- og almannatengsl á vegum Þjóðkirkjunnar. Lagt er til að sérstaklega verði athugað hvort ástæða sé til að koma upp upplýsingadeild á Biskupsstofu.

Loks liggur fyrir þinginu tillaga er varðar fyrirhuguð kaup á húsnæði á svæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Þjóðkirkjan hefur áhuga á að kaupa kapellu sem reist var þar árið 1985 og nefndist Chapel of Light. Tilgangur með þessum kaupum er að tryggja Þjóðkirkjunni starfsaðstöðu á þessu nýja íbúðar- og þjónustusvæði og veita íbúum og öðrum kirkjulega þjónustu þar.

- sig

Matreiðslumaður ársins er á Grillinu

Þráinn Freyr Vigfússon, aðstoðaryfirmatreiðslumaður á Grillinu, var valinn Matreiðslumaður ársins 2007 í árlegri matreiðslukeppni Klúbbs matreiðslumeistara.

Fimm matreiðslumenn kepptu til úrslita og þar af eru þrír þeirra starfandi á Grillinu.

Grillið óskar starfsmönnum sínum til hamingju með frábæran árangur í keppninni.

Grillið

Grillið / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / **www.grillid.is**

PIPAR • SÍA • 72037

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ ÁVAXTA PENINGANA ÞÍNA

SJÓÐUR 10 – ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA

Góður kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta á innlenda hlutabréfamarkaðnum, enda veitir hann mun meiri áhættudreifingu en fjárfesting í einstökum félögum.

31%*

ÞINN ÁVINNINGUR
- Góð ávöxtun
- Mikil áhættudreifing
- Eign þín í umsjá sérfræðinga

*Nafnávöxtun sl. 3 ára á ársgrundvelli m.v. 28.09.07, skv www.sjodir.is. Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsing og úrdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

GLITNIR

Þroskandi reynsla fyrir ofdekraðan leikara

Stefán Karl Stefánsson hefur gert það sem fáir íslenskir leikarar hafa fengið tækifæri til eða þorað – að henda sér út í djúpu laugina í Hollywood. Stökkið virðist vera að borga sig og eftir þriggja ára búsetu þar ytra hefur hann skapað sér nafn og sambönd sem leikarar myndu borga aleiguna sína fyrir að eiga. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við leikarann um frægð sem verður ekki til á einni nóttu heldur árum.

MYND/MAI



EKKERT ER ÖRUGGT „Einn kunningi minn sagði að í Bandaríkjunum værir þú ekki kominn með vinnu fyrr en þú værir búinn að fá hlutverkið, leika það, fá ávísunina, kaupa fyrir hana mat og já – skila aftur í klósettið," segir Stefán Karl.

Þetta gengur ekki snurðulaust í byrjun. Stefán Karl er önnum kafinn, á símafundum. Ég er númer eitthvað í röðinni og hann segir mér strax í byrjun samtals að hann gæti þurft að rjúka úr miðju viðtali á annan símafund. Klukkan er 10 að morgni í San Diego. Hann er þá þegar búinn að vera vakandi í heila fimm klukkutíma en yngsta dóttir þeirra hjóna, hans og Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur, Júlía, er þá vöknuð og til í tuskið. Stefán Karl byrjar þá maraþonsímtöl til Evrópu og slekkur svo á símanum milli tvö og þrjú um daginn. Þá koma börnin heim úr skóla og leikskóla og við tekur heimalærdómur, akstur í ballettíma og hið daglega fjölskyldubrauð. Hann segist þó jafnvel ætla að reyna að fara í golf þarna eftir hádegi.

Hættulegt draumaumhverfi

„Þetta gengur mjög vel núna en þetta gekk ekki snurðulaust þarna í byrjun. Ef einhverjum þykir skriffinnskan og kerfið þungt á Íslandi þá er það svona tíu sinnum flóknara hér úti. Við vorum samt heppin að vera ekki seinna á ferðinni út. Í dag er nær alveg vonlaust að komast inn í landið og fá atvinnuleyfi.

Þótt skriffinnskan og kerfið þar ytra væri völundarhús var umhverfið mjög þægilegt. „Við vorum í mestu sjokki yfir því að sjá hvað matvara gæti verið ódýr. Draumaumhverfi fyrir fjölskylduna? Jú algjörlega. Á móti kemur að þetta svæði er langt frá því að vera hættulaust og þú lítur ekki af börnunum eina sekúndu. Við fylgjum þeim í skólann og við innganginn er öryggisgæsla. Frjálsræðið sem við búum við heima er saknæmt athæfi hér ytra," segir Stefán og bætir við að oft ætti það frjálsræði svo sem að vera saknæmt athæfi á Íslandi líka. „Það eru allt of mörg börn á Íslandi sem eru ein og ganga sjálfala. Það veit ég í gegnum mín samtök, Regnbogabörn, og það er glæpur út af fyrir sig."

Viltu dökkhærðan mann með íslenskan hreim?

Það er helst elsta dóttirin á heimilinu sem man eftir frjálsræðinu á Íslandi og kvartar. En nú er fjölskyldan sem sagt flutt til San Diego, frá Los Angeles, sem er mun fjölskylduvænna umhverfi og Stefán Karl líkir San Diego við gamla þorpið sitt, Hafnarfjörðinn – ef við gefum okkur það að Los Angeles hafi verið Reykjavík. Alþjóð veit að það var Latibær sem rak þau út í byrjun, að fylgja eftir þáttunum á erlendri grundu, en kom eitthvað meira til? „Okkur var farið að þyrsta í eitthvað nýtt og öðruvísi og í kjölfar frumsýninga Latabæjarþáttanna í Bandaríkjunum fékk ég tækifæri sem enginn leikari hefur fengið áður. Við ákváðum því að freista gæfunnar. Hins vegar er það alveg ljóst að það tekur lágmark 3-5 ár að koma sér á kortið hér ytra. Þau ár þarftu til að kynnast fólki, mynda tengsl og komast í alvöru prufur. Þetta gengur ekki þannig að þú getir komið hingað út í mánuð, hittir umboðsmenn og svo hringi þeir í þig næst þegar þá vantar hávaxinn, dökkhærðan og bláeygan mann með íslenskan hreim í hlutverk."

Leist ekkert á umboðsmanninn

Stefán Karl segir að þau Steinunn Ólína hafi haft virkilega gott af því að fara út. Þau hjónin hafi verið í ákveðnum forréttindahópi í leikarastéttinni og það sé aldrei hollt eða gott til lengdar fyrir leikarann að vera í umhverfi þar sem hægt sé að hafna og þiggja að vild þau verkefni sem manni bjóðast. „Að koma úr þannig umhverfi, sem við vorum vissulega í heima, þar sem við vorum bæði búin að festa okkur vel í sessi, og í umhverfi þar sem fólki er nákvæmlega sama um hver þú ert er heilbrigð og þroskandi lífsreynsla. Þú verður bara að standa og sitja eins og allir aðrir og sanna þig. Sem var mjög sjokkerandi fyrir ofdekraðan ungan leikara eins og mig. Hér hefur maður fengið að heyra hluti sem maður hefur aldrei fengið að heyra áður um sjálfan sig."

Þremur árum síðar segir Stefán þau hjón skilja mun betur hvernig þetta allt saman virki. Því sé fyrst núna hægt að fara að tala um einhverjar væntingar til hlutanna, þegar maður skilji hvar maður getur staðsett sig á kortinu. Nýjasti áfanginn er ótrúlega stór. Samstarf við einn af stóru leikstjórunum á Broadway; Jack O´Bryan. „Okkar kynni byrja með umboðsmanni sem ég hitti á Broadway, eldri kona sem hefur gert mjög góða hluti fyrir leikara sína og meðal annars verið umboðsmaður Ben Stiller, Matt Damon og jú – Britney Spears, þótt það samstarf hafi fljótlega runnið út í sandinn. Samstarf okkar hófst fyrir um ári en því er frá að segja að fyrst þegar ég kom út hitti ég fyrir þennan sama umboðsmann, sem vildi þá strax fá mig í samstarf en maður var auðvitað svo blautur á bak við eyrun og grænn að ég afþakkaði." Sá sami umboðsmaður kom Stefáni í samband við Jack O´Bryan sem er ávísun á góða hluti og hefur Stefán Karl nú gert samning við umboðsmanninn til framtíðar. „Enda hefur lækkað í manni rostinn á þessum þremur árum sem maður hefur verið að harka hérna."

> Þú verður bara að standa og sitja eins og allir aðrir og sanna þig.

Amerísk klassík í höndum Íslendings

Umboðsmaðurinn sendi Stefán í prufur og hjólin fóru að snúast og fyrirtækið The Running Subway Productions, sem er eitt stærsta framleiðslufyrirtækið á Broadway, vildi ólmt fá Stefán í hlutverk sjálfs Tröllu sem stal jólunum. Framleiðendurnir þóttust sjá að taktar Stefáns myndu hæfa Tröllu mjög vel. Stefán fór í „workshop" þar sem hann æfði Grinch með Jack O´bryan og ekkju dr. Seuss, höfundar bókanna, sem var að sögn Stefáns fjörgömul og vel strekkt! „Upp frá þessu fórum við að velta því fyrir okkur hvar og hvort ég myndi gera þetta. Upphaflega stóð til að ég myndi gera þetta í San Diego og fluttumst við þá m.a. hingað en það vannst ekki tími til að færa atvinnuleyfið og koma mér inn í ameríska leikarafélagið í tíma. Því var ákveðið að mér stæði til boða að gera þetta á næsti ári, 2008, og ég mætti velja mér borg til að leika þetta í. Auðvitað sagði ég New York – Broadway. Heiðurinn er gríðarlega mikill en hann valdi mig og ég vanmet það ekki og er auvitað bara fullur auðmýktar að fá að vinna með honum. Ég veit ekki hvað þetta mun bera í skauti sér, það er eins og allt hér úti – mjög svo óráðið enn en hann vill vinna með mér og ég með honum svo það er bara frábært. Rulla Grinch er til í kollinum á mér og ég geymi hana þegar og ef kallið kemur. En svo gæti eitthvað allt annað verkefni komið upp. Til dæmis er Jack O´Bryan viðriðinn Young Frankenstein svo eitthvað sé nefnt, ég myndi henta vel sem skrímslið enda afskaplega ófrýnilegur að sögn Steinunnar Ólínu, eiginkonu minnar."

Hlaupið á flugvellinum

Leiklistin í Bandaríkjunum er iðnaður. Bara stóru stúdíóin í Hollywood skila margföldu hagkerfi Íslands í kassann og Stefán segist verða var við það að heima ríki oft fordómar og þekkingarleysi í garð Hollywood. „Hér gerast hlutirnir hægt og hratt. Einn kunningi minn sagði að í Bandaríkjunum værir þú ekki kominn með vinnu fyrr en þú værir búinn að fá hlutverkið, leika það, fá ávísunina, kaupa fyrir hana mat og já – skila aftur í klósettið. Þess vegna er manni svo illa við að tala um óorðinn hlut þótt maður sjái að það eru meira en yfirgnæfandi líkur á að það sé tryggt að allt gangi eftir." En þakkar hann Latabæjarþáttunum þau tækifæri sem honum er að bjóðast nú? „Já að sjálfsögðu. Þættirnir hafa gefið mér mikla reynslu og tengls við fólk. Hollywood er eins og flugvöllur – allt umhverfið svolítið eins og fólk hlaupandi um með skjalatöskur að flýta sér að gera bissness. Við Steinunn erum nú loksins farin að sjá árangur erfiðis okkar hér í borginni.

Jim Carrey og Pavarotti

Og heima eru auðvitað allir forvitnir um hvað sé að gerast. Fréttir um stóra kvikmynd frá framleiðslufyrirtæki þeirra hjóna, High Risk Production, fóru hátt í fjölmiðlum fyrir nokkrum árum. Hvar stendur það verkefni nú? „Það stendur mjög vel. Við erum að vinna að nokkrum verkefnum, með sænskum aðilum og bandarískum, og framleiða kvikmynd á alþjóðamarkaði sem væntanlega fer í vinnslu eftir áramót og erum með stóra dreifingaraðila þar. Þessa dagana er ég einmitt í símanum því við erum að vinna að fjármögnun þess verkefnis, sem er mjög spennandi og opnar möguleika fyrir okkur. Fyrirtækið stækkar ört og þetta er mjög alþjóðlegt eins og maður segir. Símafundurinn bíður mín einmitt þar sem ég mun byrja á því að biðjast afsökunar á því að vera 20 mínútum of seinn." Áður en Stefáni er sleppt í næsta tól er þeirri sveitalubbalegu og hégómlegu spurningu varpað fram hvort einhverjum úti finnist hann vera næsti Jim Carrey? „Jú, jú. Og Tom Hanks og Antonio Banderas. En ég tek jafn mikið mark á því og að Garðar Cortes sé hinn næsti Pavarotti án þess að ég sé með þessu að halla á hæfileika Garðars sem er að gera góða hluti úti í hinum stóra heimi. Ég tel bara að engum sé greiði gerður með svona samlíkingum."

➜ Vissir þú að ...

- að þegar nafninu Stefáni Karli Stefánssyni er slegið á Google koma 200 þúsund niðurstöður. Niðurstöður fyrir Björk Guðmundsdóttur eru rúmar 400 þúsund.

- að Stefán Karl á ekki langt að sækja hæfileikana því Magnús Ólafsson, betur þekktur sem Bjössi bolla, er frændi hans og tróð Stefán ósjaldan upp með honum.

- reyndar gæti Stefán líka haslað sér völl í bloggi því Stefán Friðrik Stefánsson, moggabloggari með meiru, ku víst einnig vera skyldur leikaranum.

-að Stefán Karl stofnaði á sínum framhaldsskólaárum íslenska herinn. Inntökupróf voru mjög stíf og á tímabili voru aðeins þrír skráðir hermenn.

Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

Skyr er hollt

Ef **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** ætti að stofna hljómsveit myndi hún biðja Geir Ólafsson að vera með sér í bandinu. **Ómar Ragnarsson** segist alltaf biðja Geir að taka hliðarhopp fyrir sig þegar hann rekst á hann. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór í gegnum landsleiki, jólagjafir og Hljómskálagarðinn með rökstólapari vikunnar.

VINNA BÆÐI MEÐ BUBBA Ómar Ragnarsson segir eitthvað bogið við það að hann sé að vinna með Bubba á nóttunni og Unnur með Bubba á daginn. Þessu ætti kannski að vera öfugt farið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafið þið hist áður – hver er ykkar fyrsta minning um hvort annað?
Veist þú hver Reynir Pétur er, Unnur Birna, sem og Stiklur?
Og veist þú hvað bíómyndin sem Unnur Birna hefur nýlokið að leika í heitir?
Ómar: Við höfum ekki hist áður.
Unnur Birna: En fyrsta minning. Ja, sko. Ég man eftir Ómari í sjónvarpinu þegar ég var frekar ung og ég man eftir þættinum, Stiklum. Ég var einmitt að ræða þetta við mömmu áðan og hún talaði um hvað þetta hefði verið frábær þáttur og eins góður þáttur í þessum dúr hefði ekki komið fram á sjónarsviðið síðan. Og já, ég veit hver Reynir Pétur er.
Ómar: Ég mun einmitt setja þáttinn með Reyni Pétri á DVD-disk á næsta ári. Núna er ég með þætti af Vestur- og Norðurlandi.
Unnur Birna: Já, gaman að því.
Ómar: En ég er eins og Unnur – ég man eftir henni úr sjónvarpinu. En nú er illt í efni, með bíómyndina hennar Unnar. Ég verð því að svara því með vinsælu svari þessa dagana: Ég minnist þess ekki að hafa áttað mig á því í hvaða bíómynd hún var að leika í.
Unnur Birna: Já, enda er ekki byrjað að sýna hana – hún verður frumsýnd í byrjun næsta árs. En það er næsta íslenska mynd, held ég, á markaðinn.

Yrði ég borgarstjóri …

Að því sem allra hæst ber í fréttum. Nýr borgarstjóri er tekinn við völdum. Ef þið fengjuð að vera hann á morgun – hvaða verki mynduð þið fyrst reyna að hrinda í framkvæmd? Og fengjuð þið það verkefni að koma einhverju skemmtitæki eða afþreyingarmöguleika fyrir í Hljómskálagarðinum – hvað mynduð þið velja?
Unnur Birna: Þar sem ég ræði nú helst ekki stjórnmál í fjölmiðlum ætla ég ekki að fara djúpt í borgarmálin en ég veit þó að ég myndi halda áfram þessu góða starfi sem byrjað er að vinna fyrir eldri borgara. Ætli þessi mál séu mér ekki hugleikin af því ég er gömul sál og hef verið mjög náin ömmum mínum og öfum í gegnum tíðina.
Ómar: Ég tek nú alveg undir þetta en af því að Vilhjálmur var byrjaður á þessu og Dagur er kominn í umönnunarstörfin þá myndi ég fara í kennarastéttina. Það er ekki spurning hvort heldur hvenær kennararnir springa. Svo væri ég til í að sjá Víkingahöfn, helst sem næst Kvosinni, í tengslum við opinn læk. Og á hverju ári yrði haldin þar hátíð eins og á Stiklastað í Noregi og líkt eftir því þegar Ingólfur Arnarson setti súlurnar fyrir borð.
Unnur Birna: Það væri magnað. Ef ég ætti að koma einhverju fyrir í Hljómskálagarðinum væri það Parísarhjól. Það væri rómantískt og skemmtilegt.
Ómar: Ég hef að vísu ekki skoðað Hljómskálagarðinn nýlega en þar sem ég bý á Háaleitisbraut er það einfaldasta vinsælast hjá barnabörnunum: Rennibraut, sandkassi og rólur. Ef þú hefur ekki slíkt í slíkum garði, deyr hann.
Landsleikur Íslands við Liechtenstein þótti ná nýjum botni í knattspyrnusögu Íslendinga. Hvaða tilfinningar bærast með ykkur við uppákomur sem þessar? Af hvaða íslenska íþróttamanni eruð þið stoltust?
Unnur Birna: Ég var fyrir norðan þegar leikurinn var en annars hefði ég nú horft á hann. Ég reyni að fylgjast með boltanum.
Ómar: Þú ert heppin að hafa ekki horft á hann.
Unnur Birna: Ég heyri það.
Ómar: Við bíðum öll ósigur á lífsleiðinni og ég hef mikla samúð með þeim sem þurfa á einhvern hátt að snúa þessu við. Markatala Íslands í síðustu leikjum er farin að nálgast 14:2 með samlagningu marka.
Unnur Birna: Ég segi það sama, maður hefur samúð með öllum aðilum. Þeir eru undir mikilli pressu.
Ómar: Ég veit ekki hvort sama töfralausn gildi hér og 1970 eða 71. Þá var hér um bil skipt um landsliðið komplett og í kjölfarið unnum við Dani 15-10. Menn komu þá inn í liðið sem urðu burðarás landsliðsins í rúm 10 ár á eftir. En ég held að þetta sé orðið mun erfiðara núna í framkvæmd.
Unnur Birna: Eins og þetta horfir við mér þá eru allir þessir strákar að spila erlendis í sitt hvoru lagi og að sjálfsögðu er boltinn og áherslurnar mismunandi eftir því í hvaða landi þeir spila. Þar af leiðandi hugsa ég að þeir æfi ekki nógu mikið saman til þess að þetta gangi allt upp.
Ómar: Já, það er sko langt frá því að þeir æfi nógu mikið saman. Og þannig verður það meðan að aðstaða landsliðsins er eins og hún er.
Unnur Birna: En af þeim íþróttamönnum sem ég er stoltust af myndi ég fyrstan velja Magga Scheving. Mér finnst hann hafa unnið vel úr ferli sínum sem hófst á sviði íþrótta og nýtt krafta sína í að koma góðum hugmyndum á fót og láta gott af sér leiða.
Ómar: Það er einn íþróttamaður sem hefur gert svipaða hluti og Maggi en það er Vilhjálmur Einarsson heitinn. Hann nýtti sér sinn frækilega feril til þess að smita ungdóminn og fylgja því eftir sem kennari. Ég hrífst alltaf af íþróttamönnum sem ryðja brautina og því myndi ég nefna Hauk Gunnarsson. Hann er því miður alveg gleymdur en þetta var fyrsti íþróttamaðurinn sem sló í gegn á ólympíuleikum fatlaðra. Og ég get vel ímyndað mér hvað það þýðir fyrir fatlaðan íþróttamann að þurfa að fara að keppa og þjóð hans verður að sætta sig við fötlun hans eins og hann sjálfur er búinn að gera, og vinna sig út úr fötlun hans. Ég met svona fólk mjög mikils, sem ryður nýjar brautir.

Á RÖKSTÓLUM

Samúð með landsliðinu

Iceland Airwaves er á lokaspretti. Fengjuð þið það hlutverk að mynda hljómsveit saman – á hvaða hljóðfæri mynduð þið setja hvort annað og hvaða tvo aðra þjóðþekkta einstaklinga mynduð þið fá með ykkur? Hvað ætti hljómsveitin að heita?

Ómar: Ef við eigum að stofna hljómsveit við Unnur Birna held ég að hún tæki sig mjög vel út með flautu.
Unnur Birna: Ég ætla að setja Ómar á trommur. Ég sé hann einhvern veginn strax fyrir mér þar. Til viðbótar vil ég svo fá Geir Ólafs í hljómsveitina.
Ómar: Á hvað eigum við að láta hann spila?
Unnur Birna: Já, það er góð spurning, líklega best að setja hann á míkrafóninn. Held að þannig mundi hann færa hópnum mikla spilagleði.
Ómar: Hann gæti tekið hliðarhopp fyrir okkur! Alltaf þegar ég og undirleikarinn minn, Haukur Heiðar Ingólfsson, hittum Geir biðjum við hann eins og litlu börnin: Viltu taka hliðarhoppið. Og þá stekkur hann upp og slær saman fótunum. En ég hefði gaman af því að kippa Birgi Ísleifi Gunnarssyni, fyrrum seðlabankastjóra, inn í bandið og láta hann spila á píanó. Svo er ég strax kominn með nafnið á bandið, bara upphafið á nöfnunum okkar: ÓMUNN – þó ekki segulómun!
Unnur Birna: Ég samþykki það.

Myndi friða Fljótshlíð og gefa Ómari bíl

Værir þú fegurðardrottning í einn dag Ómar – hvaða matvöru myndir þú velja að kynna fyrir útlendingum? Og fengir þú það verkefni að friða afmarkað landsvæði á Íslandi – hvaða staður yrði fyrst fyrir valinu, Unnur Birna?

> Þetta er auðvitað allt of dýr gjöf, Unnur! Ég sem ætlaði að fara í bókabúð og velja einhverja af jólabókunum. Ef þú gefur mér bíl verð ég að gefa þér hest.

Ómar: Skyr. Á tímum þegar offita er orðin einn erfiðasti sjúkdómurinn á Vesturlöndum þarf maður ekki annað en að líta á þessar matvörur til að sjá hvaða hollustuyfirburði þær hafa.
Unnur Birna: Ég hef alltaf verið mjög hrifin af skyri og skyrdrykkjum. En landsvæði til að friða er STÓR spurning því ég myndi auðvitað vilja friða sem mest. Yrði ég að velja einn stað yrði það Fljótshlíðin.
Jólin koma senn. Ef þið mynduð skiptast á jólagjöfum – hvað mynduð þið gefa hvort öðru?
Unnur Birna: Ég myndi gefa Ómari nýjan bíl. Þar sem hans fór á bólakaf fyrir austan eins og alþjóð veit.
Ómar: Þetta er auðvitað allt of dýr gjöf, Unnur! Ég sem ætlaði að fara í bókabúð og velja einhverja af jólabókunum. Ef þú gefur mér bíl þá verð ég að gefa þér hest. Mig minnti einhvern veginn að þú hafir verið í hestum, er það nokkuð?
Unnur Birna: Jú! Ég á 25 hesta. Ég myndi þiggja hest.
Ómar: Áttu engan leirljósan?
Unnur Birna: Nei, engan leirljósan.
Ómar: Þarna sérðu. Mér datt það fyrst í hug nefnilega!

Snillingurinn Bubbi Morthens

Að lokum. Nú eigið þið allavega eitt sameiginlegt út á við. Og það er það að Bubbi Morthens er og hefur verið samstarfsaðili ykkar beggja. Hafið þið beðið hann um óskalag? Hvert er uppáhalds Bubba-lagið ykkar? Hvað hefði Bubbi átt að leggja fyrir sig hefði hann ekki endað í tónlistinni?

Ómar: Bubbi söng fyrir mig Maður og hvalur. Og ég bað hann ekki um það að ástæðulausu, því ég vissi að hann myndi syngja það lag betur en nokkur annar. Hver söngvari á sín lög og þeir syngja mismunandi lög mismunandi vel. En hvað Bubba-lag varðar þá höfðar lagið „Það er gott að elska“ mjög mikið til mín.
Unnur Birna: Ég hef ekki enn beðið Bubba um óskalag en það eru tvö lög sem hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir mig. Það eru lögin Rómeó og Júlía og Vonin blíð.
Ómar: Bubbi hefði orðið afbragðs íþróttamaður. Lyftingar, glímur og auðvitað pottþéttur hnefaleikagarpur. Hann hafði allt sem þurfti. En reyndar er hann líka frábær bissnessmaður og að láta Bubba sjá um eitthvað – biðja hann um að koma einhverju í framkvæmd – er gulltryggt.
Unnur Birna: Ég er auðvitað nýbyrjuð að kynnast Bubba en ég hef samt ferðast talsvert með honum undanfarið og mér finnst ég hafa lært alveg ofboðslega mikið af honum á þessum stutta tíma. Hann er uppfullur af lífsspeki og ofsalega flottum pælingum og hugsjónum um lífið og tilveruna.
Ómar: Bubbi er sá maður sem hefur komið mér hvað mest á óvart í viðkynningu. Það er engin tilviljun hvað hann er kominn langt og engin tilviljun hvað hann hefur afrekað.

➜ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

Á milli Ómars og Unnar Birnu eru 44 ár

Eftirlætis Eurovision-lag Ómars er

Eitt lag enn.

Unnur Birna myndi senda Mugison í næstu Eurovision mætti hún ráða.

Ómar myndi senda Þursaflokkinn.

Þau eru bæði málkunnug forsetafrú okkar, Dorrit

Moussaieff, og segja hana með yndislegri konum sem þau hafa vitað. Einlæga og alþýðlega.

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

BJÖRN HLYNUR HARALDSSON

CHARLOTTE BÖVING

Það eru ekki allir vinir í pólitík

Það getur verið svikult lífið í stjórnmálum. Vinskapur myndast jafnt innan flokka sem milli þeirra, en það er ekki alltaf hægt að reikna með að flokksfélagar séu jafnframt miklir mátar. *Svanborg Sigmardóttir* fer yfir breiðu línurnar í flokkadráttum.

Framsóknarflokkur

Landsbyggðararmurinn

GUÐNI ÁGÚSTSSON

Miklar sviptingar hafa orðið á foringjaarminum í Framsóknarflokknum, enda skipt um leiðtoga í lok maí. **Guðni** hefur löngum haft mjög sterka stöðu í flokknum. Þrátt fyrir að **Halldór Ásgrímsson** og hans lið hafi stundum viljað lækka í honum rostann, tókst það aldrei því Guðni hefur svo gott sem alla bændahreyfinguna á bak við sig.

Hans sterkasta staða er á Suðurlandi, en hefur einnig haft gnógt stuðningsmanna í hinum dreifðu byggðum Austurlands, í Eyjafirði og í Skagafirði. Meðal hans helstu ráðgjafa eru **Þórólfur Gíslason**, kaupfélagsstjóri í Skagafirði, **Jónas Hallgrímsson**, fyrrum framkvæmdastjóri á Seyðisfirði og þá hefur **Bjarni Harðarson** verið talinn nokkuð náinn Guðna.

Hægrimennirnir

FINNUR INGÓLFSSON

Halldór Ásgrímsson var óumdeildur leiðtogi hægrimanna í Framsóknarflokknum, en **Finnur Ingólfsson** var honum aldrei langt að baki. Með þeim voru **Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Jón Sigurðsson Björn Ingi Hrafnsson, Árni Magnússon, Páll Magnússon, Guðjón Ólafur Jónsson** og svo á síðustu metrunum **Jónína Bjartmarz**.

Þessi hópur var stundum kallaður „flokkseigendafélagið“ og hafði mjög sterk tengsl við S-hópinn svokallaða og gamla **SÍS, þrátt fyrir tengsl Þórólfs Gíslasonar og Guðna Ágústssonar** (sem sýnir bara að pólitísk tengsl eru aldrei klippt og skorin). Þá á staða **Björns Inga** í þessum hópi að hafa veikst nokkuð eftir að hann varð borgarfulltrúi og fólk í kring um þá bræður Árna og Pál gerði sitt besta við að sverja af sér nokkur tengsl við hann.

Alfreð Þorsteinsson var lengi vel flokkseigendafélagið í Reykjavík, en það er samt vafasamt að flokka hann með einhverjum einum hópi, því hann hefur löngum makkað með þeim sem hentar hverju sinni.

Valgerðararmurinn

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Valgerður Sverrisdóttir varð varaformaður Framsóknarflokksins, þegar Guðni varð formaður og stundum er talað um að nú séu armarnir tveir; Guðna- og Valgerðararmurinn.

Valgerður þykir ekki hafa tekist að sýna styrk sinn í flokknum til að halda hægriarminum í kringum sig. Sem dæmi um það töldust bæði **Birkir Jón Jónsson** og **Magnús Stefánsson** til „Guðnaarmsins“ en snérust til Halldórs þegar ljóst var hver réði í raun. Hvorugur þeirra er talinn líta á Valgerði sem sinn leiðtoga, þrátt fyrir að hafa ekki snúið aftur heim til Guðna.

Kvennagengið

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Siv Friðleifsdóttir hefur verið nokkuð útundan. Hefur hvorki fengið að vera með bændum og búaliði né flokkseigendafélaginu.

Styrkur hennar felst í hennar eigin gengi sem hún stýrir með manni sínum Þorsteini Húnbogasyni af heimili sínu á Seltjarnarnesi. Siv er mjög félagslega virk, og í gegn um ýmsa hópa þróað með sér öflugt bakland. Formaður kjördæmaráðs flokksins í hennar kjördæmi er mikil vinkona Sivjar. Þá má með sanni segja að Siv hafi Landsamband Framsóknarkvenna á bak við sig og sæki styrk þangað. Meðal annars er hún í þónokkru samband við **Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur**, formann sambandsins og **Eygló Harðardóttur** ritara þess.

Sjálfstæðisflokkur

Geirsarmurinn

GEIR H. HAARDE

Nokkuð áður en **Geir H. Haarde** tók við formennskunni í Sjálfstæðisflokknum var farið að tala um „Geirs-“ og „Björns-“ armanna í Sjálfstæðisflokknum Sigur Geirs í þeirri glímu reyndist nokkuð auðveldur, þar sem Björn bauð sig ekki fram, en enn er talað um þennan sama klofning innan flokksins, ekki síst eftir byltinguna í Reykjavík.

Nokkrir þingmenn standa í innsta hring Geirs, eins og **Árni Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir,** sem var aðstoðarkona Geirs í níu ár, auk þess Geir leitar ráða hjá núverandi aðstoðarkonu sinni **Grétu Ingþórsdóttur**.

Af öðrum þingmönnum sem standa Geir nærri, þó ekki eins og Árni og Einar má nefna **Guðlaug Þór Þórðarsson** og **Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur**.

Utan þingliðsins ráðfærir Geir sig við eiginkonu sína, **Ingu Jónu Þórðardóttur**. Þá er talað um að „deigluliðið“ svokallaða standi vel að baki formanni sínum og má þar nefna fyrrum formann SUS, Borgar **Þór Einarsson**, fósturson Geirs og félaga hans Þórlind Kjartansson, núverandi formann SUS. Í þeim hópi er einnig **Andri Óttarsson**, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Þá hafa Geir og **Kjartan Gunnarsson** þekkst frá því í þriðja bekk í MR.

Björnsarmurinn

BJÖRN BJARNASON

Armur **Björns Bjarnasonar** í þingflokknum er helst talinn myndaður af „ungu strákunum“. Má þar telja **Sigurð Kára Kristjánsson**, Bjarna Benediktsson, sem oft er nefndur arftaki Björns og **Birgir Ármannsson**. Þessir þrír eru reyndar farnir að reyna að marka sér sérstöðu innan flokksins, enda Björnsarmurinn deyjandi.

Af öðrum teljast einnig til hópsins **Gísli Marteinn Baldursson** og **Hanna Birna Kristjánsdóttir**. Utan virkra stjórnmálamanna má svo nefna **Kjartan Gunnarsson** og **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**.

Einfararnir

ÁRNI JOHNSEN

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins teljast einfara í þingflokknum, annars vegar er það **Pétur Blöndal** sem tilheyrir hvorugum hópnum.

Hinn þingmaðurinn er **Árni Johnsen** og ekki voru allir innanflokks sáttir við að fá hann aftur í sínar raðir eftir fangelsisveru og er hann nokkuð einangraður í flokknum. Jafnvel er talað um að hann hætti á þingi eftir þetta kjörtímabil eða fari í sérframboð eftir fjögur ár.

Frjálslyndi flokkurinn

Kvótaliðið

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Frjálslyndi flokkurinn er ekki mjög stór flokkur en samt er nú eitthvað um væringar, þrátt fyrir að allir flokksmenn telji flokk sinn einstaklega samheldinn og sameiningu gamla kjarnans og Nýs afls sé alveg að fara að ganga upp.

Sem formaður telst **Guðjón Arnar** óumdeildur leiðtogi kvótaarmsins - gamla kjarnans í Frjálslynda flokknum sem stendur í pólitík til að mótmæla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Guðjón Arnar leitar mikið til annarra þeirra manna sem valdir hafa verið í ábyrgðarstöður hjá flokknum, annars vegar varaformanns, **Magnúsar Þórs Hafsteinssonar** og hins vegar **Kristinns H. Gunnarssonar** þingflokksformanns. Þá er **Grétar Mar Jónsson** á þingi út af kvótakerfinu.

Nýtt afl og útvarp Saga

JÓN MAGNÚSSON

Jón Magnússon kom með nýtt blóð í hópinn þegar Nýtt afl sameinaðist Frjálslynda flokknum. Innan flokks telja margir að hann eigi eftir að slípast aðeins til að passa betur við restina af þingflokknum, og bent er á að hann sé til dæmis mun hægrisinnaðri en aðrir þingmenn flokksins. Þá hefur hann komið með nýjar áherslur inn í flokkinn, með innflytjendamálunum eins og frægt var.

Jón hefur öflugan stuðning frá Útvarpi Sögu. Sjálfur hefur hann þar verið með útvarpsþátt, líkt og **Ásgerður Jóna Flosadóttir**, formaður Frjálslyndra kvenna, sem kom í flokkinn í gegnum Nýtt afl og styður þétt við bakið á Jóni.

Sverrisarmurinn

SVERRIR HERMANNSSON

Enn eru í flokknum örfáir gamlir stuðningsmenn **Sverris Hermannssonar**, sem studdi **Margréti Sverrisdóttur** þegar hún var í flokknum, en tilheyrir enn frjálslyndum. Þetta er orðin nokkuð valdalítill hópur sem hefur sig lítið í frammi en er óánægt með hvernig þau málalok urðu öll og hvernig farið var með Margréti.

Samfylkingin

Leiðtogahópurinn

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Skiptingar í Samfylkingu skiptast frekar eftir mönnum en málefnum. Staða **Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur** í þingflokknum gæti vel verið sterkari, en meðal hennar þingmanna má telja Þórunni Sveinbjarnardóttur og Guðbjart Hannesson.

Sér til ráðgjafar hefur hún mikið til fólk sem er utan þingflokks, eins og aðstoðarkonu sína **Kristrúnu Heimisdóttur,** gamalt samstarfsfólk úr ráðhúsinu líkt og **Kristínu Árnadóttur, gamla vini eins og Margréti Björnsdóttur og Halldór Guðmundsson** rithöfund. Meðal verkalýðsleiðtoga sem er í hennar hópi er **Gylfi Arnbjörnsson** og þá er **Dagur B. Eggertsson** nýr borgarstjóri pólitískur kjörsonur Ingibjargar Sólrúnar.

Þá myndi stór hópur kvennahreyfingar Samfylkingarinnar og femínistarnir í flokknum flokkast sem ingibjargarfólk.

Össurarliðið

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Fyrir síðustu kosningar, þegar skoðanakannanir voru flokknum sem óhagstæðastar, ákváðu **Ingibjörg Sólrún** og **Össur** að snúa bökum saman. Síðan þá hefur það verið línan hjá samfylkingarfólki hvað allir vinni vel saman.

Megnið af þingflokki Samfylkingar telst til össurararmsins, meðal annars ráðherrarnir **Kristján Möller, Björgvin G. Sigurðsson og Jóhanna Sigurðardóttir.**

Eftir að **Guðmundur Árni Stefánsson** sá fram á að ná ekki að verða formaður flokksins og hætti í pólitík bættist mikilvægur hópur í lið Össurar, svokölluð Hafnarfjarðarmafía sem telur sig ýmsu ráða í flokknum í krafti stærðar sinnar og valda í einu stærsta sveitarfélagi landsins. Meðal ráðgjafa Össurar eru **Einar Karl Haraldsson, Mörður Árnason og Björgvin G. Sigurðsson.**

Restin

Ágúst Ólafur Ágústsson, sem eitt sinn tilheyrði Össurararmi, virðist vera að vinna markvisst í því að fjarlægjast báða fyrrnefnda hópana. Hugsanlega til að marka sér sérstöðu innan flokksins eftir að gengið var fram hjá honum við úthlutun ráðherraembætta í vor. Hann

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

virðist því vera nokkuð einn á báti innan flokksins

Lúðvík Bergvinsson, sem keppti um varaformannsembættið við Ágúst virðist einnig hafa einangrast innan flokks, en hann tilheyrði áður Ingibjargararminum.

Vinstri græn

Græna liðið

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Formaður flokksins, **Steingrímur J. Sigfússon** er jafnframt leiðtogi náttúruverndarsinna flokksins, en félagsmenn hafa komið inn á mjög misjöfnum forsendum. Til dæmis eru vinstri grænir femínistar oft ósáttir með sinn formann vegna þess hvernig hann talar um þeirra helstu hugðarefni.

Helstu ráðgjafar Steingríms eru utan þingflokks, þeir Huginn Þorsteinsson, sem varð helst þekktur fyrir málgleði á Ölstofunni og **Steinþór Hreiðarsson** fyrrum Múrverji. Hans helst bakland er **Svavar Gestsson** og þykir það vera til marks um að **Svandís Svavarsdóttir**, muni ekki velta þessum erfðaprinsi Svavars af stalli.

Kolbrún Halldórsdóttir er mikil náttúruverndarkona, jafnt sem femínisti, þá er **Álfheiður Ingadóttir** græn í gegn. **Jón Bjarnason** hefur kannski ekki yfirþyrmandi áhuga umhverfismálum, en flytur sínar ræður og fylgir formanninum eftir.

Varaformaðurinn, **Katrín Jakobsdóttir,** er bæði vinstri sinnuð og græn en hefur eigin hóp í kringum sig. Helst má þar telja bræður hennar, Ármann og Sverri sem vinna mikið innan flokks fyrir systur sína. Þá eru Katrín og **Illugi Gunnarsson**, þingmaður Sjálfstæðisflokks miklir mátar.

Bleika liðið

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Óumdeildur leiðtogi femínista í Vinstri grænum er **Svandís Svavarsdóttir**, oddviti flokksins í Reykjavík og af mörgum talin hetja síðustu viku í REI-málinu öllu saman. Hún á í nánu samstarfi við femínista eins og **Sóleyju Tómasdóttur** og **Kolbrúnu Halldórsdóttur**.

Styrkur Svandísar er meðal annars talinn felast í því að hún nær til breiðs hóps fólks, meðal annars gamla „**Svavars Gestssonar**“ kjarnans úr Alþýðubandalaginu en fjölskylda hennar er eitt hennar sterkasta bakland. Í flokknum er til dæmis bróðir hennar, **Gestur Svavarsson**. Þá þykir henni takast að starfa náið með **Ástráði Haraldssyni**, fyrrverandi eiginmanni sínum. Hún þótti vinna náið með **Árna Þór Sigurðssyni** í upphafi, en það samstarf hafi dvínað mikið á undanförnu ári.

Rauða liðið

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Innan flokksins urðu nokkrir sárir yfir því að gengið yrði til samstarfs við Framsóknarflokkinn, enda í augum þeirra framsóknarmenn holdgervi hins illa í íslenskum stjórnmálum. Þetta eru helst „kommarnir“ eins og sást á útgöngu Birnu Þórðardóttur úr flokknum um daginn.

Rauða liðið er það sem gengst upp í því að vera róttækt og innan flokks er talað um þennan hóp sem fólkið sem vill vera róttækasta fólkið í róttækasta flokknum og gefur ekki þumlung eftir. Í þessum hópi teljast meðal annars **Birna Þórðardóttir**, þegar hún gengur í flokkinn aftur, **Ragnar skjálfti** og **Elías Davíðsson**.

Það hefur helst komið til kasta **Ögmundar Jónassonar** að halda utan um þennan hóp og er því lýstur sem leiðtogi þeirra, þrátt fyrir að hafa verið óháður frambjóðandi með Alþýðubandalaginu og óháðum.

Október 2007
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Ég ER FARIN ÚT.ÚR *myrkrinu*

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR segir frá Sögunni um Bíbí Ólafsdóttur og birtur er kafli úr verkinu

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KNUT HAMSUM ■ EINAR KÁRASON ■ VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR ■ VALGARÐUR EGILSSON ■ ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR ■ BÍBÍ ÓLAFSDÓTTIR ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR ■ LOUISE BOURGOISE ■ FINNUR ARNAR ARNARSSON ■ GYRÐIR ELÍASSON ■ ARI ALEXANDER ■ HAROLD PINTER ■ RAGNHEIÐUR GYÐA JÓNSDÓTTIR ■ ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON ■ BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON

MYNDLIST Í SJÓNVARPI

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Þegar Sjónlistaverðlaunin voru sett af stað segir sagan að menntamálaráðherra hafi rekist á útvarpsstjóra á flugvelli og dregið hann með á fund um verðlaunin. Alla vega var útvarpsstjórinn hafður með á öllum myndum þegar tilkynnt var að Sjónlistaverðlaun væru sett á stofn. Hlutur sjónvarpsins var enda nokkur þegar kom að tilnefningum og síðan veitingu verðlaunanna. Í ár brá svo við að Sjónvarpið lét sér duga að senda beint frá athöfninni: umfjöllun um myndlistina og þá sem hana skópu varð utan garðs.

Þeir eru til sem halda því fram að myndlist eigi ekki erindi í sjónvarp, samband rýmis og listaverk rýrni á þröngum skjánum, litir séu sjaldan réttir og verkið skili sér illa. Raunin hefur orðið sú að með bestu tækjum getur tækið þjónað erindinu og sýnt almenningi myndlist á viðeigandi máta. Ef dagskrárstjórar hafa möguleika á að koma henni á framfæri sem er ekki alltaf. Myndlist er ekki þess eðlis að ráðandi öfl í dagskrám sjónvarpsstöðva hafi á því áhuga að miðla annarri myndlist en iðnaðarvörum, bæði leiknu efni og auglýsingum.

Myndlistarmenn hafa fátt látið hafa eftir sér um smáan hlut myndlistar í Sjónvarpi: þeim virðist duga mínútu-umfjöllun í Kastljósi og öðrum slíkum þáttum. En er það okkur hinum nóg? Skattborgarar hafa kostað miklu til að koma á legg öflugu framleiðslukerfi myndlistar í landinu. Það er ekki viðlit að mögulegt sé að fylgjast með öllu því sem hér er í gangi í myndlist, magn sýninga er slíkt. Sjónvarp í eigu ríkisins ætti því að sjá sér skyldu að sinna íslenskri myndlist, ekki aðeins með almennilegum úttektum, viðtölum og viðræðum, heldur líka með sögulegum þáttum. Það er hægðarleikur nú þegar verið er að skrifa myndlistarsögu á vegum menntamálaráðuneytisins. Væri ekki ráð að tvinna það saman? Hvernig ganga skrifin? Hvaða spurningar vakna? Öflun myndefnis stendur yfir, má ekki hoppa á þann vagn? Ráðuneytið hlýtur að vilja að það verk fari sem víðast – er ekki ráð að hefja kynninguna nú?

Athygli þjóðarinnar er ekki nægilega mikil á þann menningarmiðil sem hún á og rekur – þar virðast ráðamenn líta á það sem frumskyldu sína í starfi að skaffa sjálfum sér góð laun og tryggja að þeir sjáist sjálfir sem oftast á skjánum. Líkast til vegna þess að þeir eru myndarlegir menn – en margar aðrar myndir eru merkilegri en þeirra. Myndlist á heima í myndmiðli. Þeir eru ráðnir til að sinna menningarlegu starfi. Það er kominn tími á að þeir fari að annast það verkefni.

SVIPMYND AF LISTAMANNI

Í minningu Sam

Ég hitti Samuel Beckett fyrst árið 1961 í París, þegar leikrit mitt, Húsvörðurinn, var sett þar á fjalirnar. Hann gekk inn á hótelið afar hröðum skrefum. Göngulag hans var ákveðið og handtak hans fumlaust. Hann var afskaplega vingjarnlegur.

Samuel Beckett (1906-1989)

Ég hafði vitaskuld þekkt verk hans í mörg ár en þau höfðu aldrei lætt þeirri tilfinningu inn hjá mér að hann æki sérstaklega hratt. Allt kvöldið þeysti hann þó á litlu Citröen-bifreiðinni sinni frá hverri kránni til annarrar. Við enduðum að lokum á veitingahúsi í Les Halles og borðuðum lauksúpu klukkan fjögur um nótt. Þegar hér var komið við sögu var ég aðframkominn af meltingartruflunum og brjóstsviða – sem mátti líklega rekja til tóbaks, áfengis og hugaræsings – og lagði höfuðið á borðið. Þegar ég leit upp var hann horfinn. Ég hafði ekki hugmynd um hvers vegna hann gufaði upp og hugsaði með mér: „Kannski var þetta allt saman draumur.“ Ég held að ég hafi sofnað við borðið. Um þremur stundarfjórðungum síðar hreyfðist borðið og þarna var hann kominn, með böggul í fanginu, poka. „Ég þurfti að leita þvert og endilangt yfir París,“ sagði hann, „en ég fann það loksins.“ Og hann teygði sig ofan í pokann og rétti mér dós af matarsóda, sem hreif eins og skot.

Harold Pinter

Flutt á BBC árið 1990.

Harold Robbins og Grace í Cannes 1977. LJÓSMYND:AFP

MAÐURINN *sem fann upp sexið*

Á sínum tíma þótti Harold Robbins spennandi rithöfundur, sumir töldu hann merkilegan rithöfund þegar hann var upp á sitt besta, létu hafa eftir sér að Carpetbaggers (1961) væri mikilvæg skáldsaga. Nú er líf hans og list í sviðsljósinu því komin er út ævisaga þessa metsöluhöfundar vestanhafs og austan og vekur athygli.

Harold Robbins fæddist 1916 og lést 1997. Hann var alinn upp af föður og stjúpu, en móðirin lést fáum dögum eftir fæðingu hans. Hann starfaði við ýmis störf í verslun og viðskiptum en tók svo til við að skrifa reyfara og fékk sína fyrstu bók útgefna 1942. Þá strax var hann tekinn til við að blanda í spennusögur sínar lýsingum á nekt og kynlífi. Formúlan gekk vel ofan í lesendur og Robbins náði samningum við virðulega útgefendur. Fyrsta sagan sem vakti athygli fyrir bersögli og krassandi kynlífslýsingar var bönnuð fyrir ósiðsemi árið 1948. Á þeim tíma voru útgefendur að berjast gegn ritskoðun og unnu að lokum sigur beggja vegna Atlantsála. Það tók víða enn lengri tíma að brjóta ritskoðun á bak aftur, til dæmis í leikhúsi í Bretlandi þar sem opinbert eftirlit var með leiksýningum til 1968.

Robbins gerði betur en að kríta liðugt á pappírnum. Hann spann upp kostulegar og dramatískar sögur af ævi sinni. Hann var eini maðurinn sem bjargaðist úr kafbát á stríðsárunum, hann var alinn upp á munaðarleysingjahæli, hann var afmeyjaður á hóruhúsi og þessum lýsingum gleypti pressan við. Sögur hans tóku að seljast í bílhlössum og þegar komið var undir 1960 var hann

Dallas: Þáttaröðin vinsæla þræddi troðna slóð í dýrkun á melódrama, aðdáun á ríkidæmi og konum með glossaðar varir. Linda Gray í hlutverki Sue Ellen í hinu fræga handtökuatriði.

orðinn alþjóðanafn: Carpetbaggers (1961) byggði lauslega á ævi Howard Hughes og er talin fjórða mesta bók okkar tíma: Harry Potter er peð í sölu miðað við Harold Robbins. Sumir kenna svokallaðar flugvallabókmenntir við þennan ósvífna og vinsæla rithöfund. Carpetbaggers, Peyton Place, Inheritors; sögurnar voru margar og flestar langar, klúrar og spennandi afþreying. Um 1970 seldi hann 25 þúsund eintök á dag, samanlagt 750 milljón eintök að því er talið er.

Robbins var þrígiftur og hélt stórar og ríkmannlegar veislur þar sem kynlíf var stundað af miklum móð. Villur beggja vegna Atlantshafsins, sundurgerð í klæðaburði, umsvermaður ungum konum, hann barst mikið á enda flestar sögur hans efni í íburðarmiklar kvikmyndir og síðar sjónvarpsmyndir svo nóg var ríkidæmið. Hann hélt úti opinberu andliti en samstarfsmenn hans kunna honum fáir góða sögu: Michael Korda rithöfundur vann við að laga verkin hans og segir Harold hafa verið einstaklega ógeðfelldan mann. Hann skóp í starfi sínu nýtt fyrirbæri: hann ferðaðist um öll Bandaríkin og kynnti nýjar bækur sínar og var frumherji í markaðssetningu sem okkur er töm í dag. Arfleifð hans ratað loks inn í sjónvarpið í seríum á borð við Dallas og Dynasty. Þeir sem eru of ungir til að muna þær sápur þekkja Desperate Housewives, sem er samsuða úr sama hristaranum. Við vorum alin upp við þá heimsmynd sem þessi ósvífni sölumaður skóp til þess að græða á okkur.

Villa í hæðunum ofan við Cannes, önnur í Acuapulco, sú þriðja í Beverly Hills, fjórtán bílar, málverk eftir marga helstu meistara málverksins á síðustu öld: allt ríkidæmið dugði honum um síðir ekki til. Eftir kókveislu í febrúar 1984 datt hann heima á baðherberginu og braut á sér mjöðmina. Eftir það var hann bundinn við hjólastól og stöðugt kvalinn. Lækniskostnaðurinn eyddi húsunum og skilnaður við Grace konu hans tók sitt. Svo fór á endanum að sjóðir hans runnu til þurrðar, bækurnar hættu að seljast og hann lést í örbirgð í Palm Springs, vinalaus og yfirgefinn. Nýja ævisagan heitir: Harold Robbins: The Man Who Invented Sex og er eftir Andrew Wilson. **- pbb**

"...Besta íslenska myndin..."

★★★★

"...sterkur og spennandi söguþráður heldur manni við efnið, frábær leikur, tónlist og myndgæði gera Veðramót eftirminnilega upplifun. Þetta er mynd sem allir verða að sjá! Besta íslenska myndin síðan Með allt á hreinu"

- S.G., Rás 2

★★★½

"Öllum Íslendingum er hollt að sjá þessa mynd, ekki síst fyrir boðskapinn sem hún hefur fram að færa."

- T.S.K., Blaðið

★★★★

"Veðramót er hugrökk ádeila sögð með hlýju og húmor sem hreyfir við áhorfendum frá fyrstu stundu."

- R.H.,- Fréttablaðið

★★★★

"Vonandi eiga sem flestir eftir að njóta frábærrar myndar og úrvals afþreyingar. Eddan hefur fundið arinhillurnar sínar í ár."

- S.V., Morgunblaðið

★★★★

"Ég ætla ekki að fullyrða að Veðramót sé besta íslenska mynd sem ég hef séð, en ég man samt ekki eftir að hafa séð einhverja sem var betri."

- B.B., Panama.is

VEÐRAMÓT

★★★★

"Veðramót raðar sér umsvifalaust í þröngan hóp bestu mynda okkar stuttu kvikmyndasögu"

- S.V., Morgunblaðið

★★★★

"Vönduð og góð íslensk Kvikmyndagerð"

- V.J.V., Topp5.is

★★★★

"Svona mynd hefur ekki verið gerð áður. Hún er alvöru, einlæg vel tímasett, frábær. Nauðsyn."

- E.E., - DV

Sagan sem mátti ekki segja.

KVIKMYNDAFÉLAGIÐ UMBI OG NORDISK FILM PRODUCTION KYNNA: VEÐRAMÓT

TINNA HRAFNSDÓTTIR • HILMIR SNÆR GUÐNASON • ATLI RAFN SIGURÐARSON • JÖRUNDUR RAGNARSSON
HERA HILMARSDÓTTIR • BALTASAR BREKI BALTASARSSON • ARNMUNDUR ERNST BACKMAN • ÞÓRSTEINN BACHMANN
GUNNUR SCHLÜTER • UGLA EGILSDÓTTIR • JÓHANN SIGURÐARSON • HÓREY SIGÞÓRSDÓTTIR • TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

KVIKMYNDATAKA SVEIN KRÖVEL • LEIKMYND TONI ZETTERSTRÖM • KLIPPING STEFANÍA THORS
LÝSING INGVAR STEFÁNSSON • GRÍPILL HINRIK JÓNSSON • HLJÓÐ PÉTUR EINARSSON • UPPTÖKUSTJÓRN KRISTÍN PÁLSDÓTTIR
TÓNLIST RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR • BÚNINGAR REBEKKA A. INGIMUNDARDÓTTIR • HÁR OG FÖRÐUN ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTJÓRN DÉSA ANDERSMAN • TÖKUSTAÐASTJÓRN TRYGGVI GUNNARSSON
FRAMLEIÐANDI HALLDÓR ÞORGEIRSSON • MEÐFRAMLEIÐENDUR KIM MAGNÚSSON OG LENA HAUGAARD

HANDRIT OG LEIKSTJÓRN GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR

KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS • NFTF • SENA • TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN • ICELANDAIR • ÍSLENSK AMERÍSKA • AVION GROUP • DOLBY DIGITAL

Sýnd í kvikmyndahúsum um land allt

SMÁRA BÍÓ · REGNBOGINN · HÁSKÓLABÍÓ · AKUREYRI SAMBÍÓIN

Uppreisn Á AKUREYRI

Listasafnið á Akureyri býður upp á síðasta fullið. Nú skulu bæjarbúar drekka bikarinn í botn í rómantískum losta með taktföstum tryllingi.

Myndlist Verkið er eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur og heitir My Organic Life, 2006.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Síðasta sýning ársins í Listasafninu á Akureyri er í höndum kraftmikilla ungra listamanna, sem eru valdir af Francis McKee, safnstjóra Nýlistasafnsins í Glasgow. Þar í borg hefur um langt skeið verið blómlegt listalíf þótt ekki hafi farið mikið fyrir því í auglýsingum fyrir hinar frægu Glasgow-ferðir enda miðuðust þær við opnunartíma verslana en ekki gallería, safna eða leikhúsa. Francis er einn virtasti og framsæknasti sýningarstjóri Skotlands en þar þurfa menn að eiga slíka krafta vegna Edinborgarhátíðar og reglulegs sýningarstarfs. Skotar eru að sækja í sig veðrið á mörgum sviðum og við mættum heimsækja þessa nágranna okkar oftar.

Listamennirnir eru allir fæddir á áttunda áratugnum og hafa stundað framhaldsnám við Glasgow School of Art en koma frá Kanada, Englandi, Skotlandi og Íslandi. Þótt þeir eigi sama nám að baki hefur hver og einn þeirra markað sér efnistök, áherslur og tækni að sínu skapi og geðslagi. Baldvin Ringsted Vignisson fæst við spennandi tilraunir á mörkum hljóðs og ljóss en Will Duke skapar ógnvekjandi stafrænar hreyfimyndir. Húmor og sterk konsept einkenna margvísleg verk Jónu Hlífar Halldórsdóttur, Erica Eyres afmyndar fólk og kannar viðbrögð gagnvart hinu ljóta á meðan Lorna Macintyre skapar merkingu eða kerfi úr fundnum munum og óreiðu.

Að vanda gefur Listasafnið út veglega sýningarskrá, blað, vegna sýningarinnar og má þar meðal annars finna grein eftir sýningarstjórann þar sem hann fjallar um rotnun, grotnun, eyðingu, tæringu, visnun, ryð og elli, sem virðast ef til vill í fljótu bragði koma ungum listamönnum lítið við, þetta er jú ungt og sprækt fólk í fullum blóma. En McKee heldur því fram að eyðingin sé nauðsynlegur jarðvegur fyrir nýjar leiðir og kann eins og margir fleiri á undan honum það best ráða að vísa á eitthvað liðið til skýringa: Rómantíkin hefur verið nefnd sem mögulegt andsvar við póstmódernisma og sem mögulegur lífsstíll á 21. öldinni. Draumsýn um endurvakningu hennar er hugmynd sem fleygt hefur verið fram undanfarna áratugi í fleiri en einu samhengi. Þessir listamenn eru kannski sporgöngumenn rómantíkur en miklu líklegra er að þeir svipti plástrinum af kaunum þess samfélags sem virðist staðráðið í að tortíma sér.

Sýningarstjórinn skoski býður okkur upp á skoðun á eyðileggingunni. Varðveisluþörf okkar sé sjúkleg og tilgangslaus því hún gangi ekki upp á endanum: allt gangi sér til húðar. Því verðum við að leita í skemmdirnar, skaðann, tortímingunna til að finna nýjar leiðir til afkomu. Margt í samfélögum okkar daga kalli á uppreisn einstaklings með dýrkun hins sérstæða rétt eins og í rómantíkinni. Hann skortir kunnáttu til að sækja fjör í öfgafyllstu rómantíkina hér á landi en nógir eru á Akureyri til að leita í gömlum skræðum að uppreisnarmönnum, sumum þeirra að norðan, Hannesi Hafstein, Kristjáni Fjallaskáldi og Jónasi.

Það er lofað fjöri nyrðra og styrktaraðilar hafa hópast um tiltækið: Styrktaraðilar sýningarinnar eru: AB-búðin, Ásprent, Bílaleiga Akureyrar, British Council, Eymundsson, Flugfélag Íslands/Air Iceland, Flügger-litir, Flytjandi, Iss, Karólína Café & Restaurant, Kaupþing, KPMG, Securitas, Sjóvá. Þegar svo margir leggja hönd á plóg hlýtur að vera gott í boði.

Fallegt fólk undir stórri auglýsingu í Frankfurt fyrir viku.

MYND: AFP/TORSTEN SILZ

FÁTT FRÉTTNÆMT Í *Frankfurt*

Þeir segja í bókabransanum að nýafstaðin bókamessa í Frankfurt hafi ekki verið mikil bókmenntahátíð. Fjórðungur úr milljón gesta sótti hana og öllum ber saman um að aldrei þessu vant hafi ekki verið ein bók sem reyndist eftirsóknarverðust allra en það hefur löngum verið. Svíar eru himinlifandi yfir áhuga á Amberville, sögu um dýr sem er samin af manni sem vill leynast undir engilsaxnesku dulnefni. Í hans tilfelli er það umboðsmaðurinn sem kom fram og samdi um stórar fyrirframgreiðslur. Frankfurt hefur um nokkra hríð verið leikvangur umboðsmanna. Þeir eru bestir sölumenn sem knýja fram á skömmum tíma sem flesta kaupsamninga og eins og í öðrum deildum verslunar skiptir miklu máli að listinn sé langur yfir seld lönd.

Fyrsta daginn fór mestum sögum af góðri sölu á væntanlegri ævisögu Roger Moore. Hann er kominn undir áttrætt og vill nú hreinsa borðið: fjögur hjónabönd, Dýrlingsárin og Bond-tímabilið verða gerð upp. Af sömu slóðum eru væntanlegar ævi Keiths Richard, enn ein bókin um Clash og ferðabók eftir David Byrne úr Talking Heads.

Menn segja bókabransann stýrast meira af aðgát nú um stundir en oft áður: hljóðbókin sækir enn á og er víða farin að taka á sig stafrænt form tilbúið í niðurhalið og þolir betur þjöppun. Margt getur góður usb-lykill geymt - allar Íslendingasögurnar og annálana líka ef einhver nennir að heyra.

Frankfurt hefur lengi verið mikill kaupvangur. Miklum sögum fer að glæsilífi, fínum hófum og góðum kosti, rétt eins og á öðrum iðnaðarstefnum. Það er ekki gott til þess að vita að í fæstum greinum erlendra blaða er getið nema í framhjáhlaupi að Katalóníumenn og þeirra sögur og kvæði áttu að vera í heiðursessi, þeim sem Íslendingum er boðið að þiggja innan tveggja ára. Það sætir ekki meiri tíðindum en svo.

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

Landsbankinn

Kjarvalsstaðir

8. september – 4. nóvember

Eggert Pétursson

Látið ekki þessa einstöku yfirlitssýningu á verkum Eggerts Péturssonar fram hjá ykkur fara.

Sérstök dagskrá verður á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna **sunnudaginn 28. október**

Kl. 14:00
Leiðsögn og leikur fyrir alla fjölskylduna

Kl. 15:00
Listamannsspjall með þátttöku listmálarans Eggerts Péturssonar

Sýningunni lýkur 4. nóvember.

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is S 590 1200 F 590 1201

Þórunn Jónsdóttur, hönnuður gerva og búninga í Skilaboðaskjóðunni, með dverginn Skemil í fullum skrúða. Allar myndir á síðunni eru teknar á æfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKILABOÐASKJÓÐAN AFTUR Á FJALIRNAR

Spjallað við Þórunni Maríu Jónsdóttur búningahönnuð og Gunnar Helgason leikstjóra á kaffistofu Þjóðleikhússins við undirleik hamarshögga að utan.

LEIKLIST ELÍSABET BREKKAN

Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson hefur verið leikin, sungin og lesin í nær tvo áratugi og í þessum ævintýraskógi þar sem persónur gamalla ævintýra hittast og steypast inn í ný ævintýr líður lesendum og áhorfendum vel. Það er svo gott að þekkja Mjallhvíti og hitta hana aftur þó að aðstæður séu aðrar.

Baksviðs í Þjóðleikhúsinu eru pottar og dollur á gólfum þar sem víða lekur og alls staðar er verið að breyta eða bæta eða bara reyna að koma í veg fyrir að húsið hrynji. Nauðsynlegar viðgerðir draga þó ekkert úr sköpunarkrafti þegar lagt er í ævintýraferð eins og þá að glæða söguskóg lífi. Gunnar Helgason hefur aldrei átt í neinum vandræðum með að sveifla sér inn í ævintýrin og það er greinilegt þar sem hann situr og spjallar við Putta litla fyrir framan kókvélina í kaffistofunni að hann hefur engu gleymt í þeim efnum. Nú er verið að breyta fjallmyndarlegum leikurum í dverga og allskyns skemmtilegar persónur sem hittast í Ævintýraskóginum á sviði Þjóðleikhússins. Þórunn María Jónsdóttir er búningahönnuður sýningarinnar og Gunnar Helgason leikstýrir.

Kælipokar og uppbrettir skór

Hér er um að ræða ævintýri þar sem ímyndunaraflið fær að blómstra, hversdagsleikinn er víðs fjarri og tónlistin hljómar. Jóhann G. Jóhannsson sér um tónlistina eins og í gömlu sýningunni en hefur bætt þremur nýjum lögum við, sem kom til vegna þess að atriði sem leikstjóranum þótti of löng voru strikuð út og lögin komu í staðinn. Það er einn leikari af yngstu kynslóðinni, Putti litli, en annars eru það fullorðnir sem ljá persónunum líf.

Hér eru dvergarnir sjö og dvergarnir fimm. Dvergarnir sjö sitja í gryfjunni með hljóðfærin sín meðan dvergarnir fimm sprella uppi á sviðinu. En það er ekki alveg sjálfgefið og auðvelt að breyta stórum mönnum í litla dverga. Þeir fá nýjar tennur og þeir fá ný nef og þeir fá búninga sem eru svo heitir að það verður að koma fyrir ísmolum eða einhverskonar kælipokum inni í búknum til þess að þeir bráðni hreinlega ekki alveg því búningarnir eru óhemju heitir og hamagangur dverganna svo mikill að hætta er á að þeir myndu hreinlega hverfa inni í þessum dvergahulstrum. Margir þeirra eru í raun nokkuð hávaxnir og til þess að ná fram álfslegum áhrifum eru ermar í styttra lagi og eins skálmar, fyrir utan að hlægilegir þunnir uppábrettir skór auka einnig áhrifin.

Löng breytingaskeið

Það má segja að það sé nokkuð langt breytingarskeið hjá dvergunum og hér á síðunni gefur að líta svo kallaðar „fyrir og eftir“ myndir, þegar Hjalti Rögnvaldsson gengur í gegnum ummyndunina í dverginn Skemil.

Skissubók Þórunnar Maríu er spennandi aflestrar. Gunnar Helgason, sem leikstýrir verkinu, var sem kunnugt umsjónarmaður Stundarinnar okkar ásamt Felix Bergssyni um það leyti sem Skilaboðaskjóðan var sýnd hér áður, kringum 1994. Gunnar hlær þegar hann minnist dverganna sem honum þótti svo vænt um og heimsóttu þá félaga af og til um tveggja ára skeið í Stundinni. Í hans huga voru dvergarnir bara svona og ekki öðruvísi enda þeir góðir vinir.

Síðan mætti Þórunn María til leiks og hafði alls ekki þessa dvergamynd með sér í farteskinu því þegar Skilaboðaskjóðan var sýnd í Þjóðleikhúsinu um árið var hún við nám, störf og leik í Antwerpen og sá því aldrei sýninguna. Það flugi af stað er meðal annars tónlistin sem hljómað hefur oft og mikið úr diskaspilara dóttur hennar. Leikmyndina sér Frosti Friðriksson um.

Nýir menn og vanar konur

Það er ýmislegt sem leikararnir verða að bera með sér í margbreytilegum búningum sínum, dvergarnir með kælipokana og stjúpan sem leynir fiðrildabúrin í formi krínólíns undir pilsinu sínu. Það verða átján leikarar í sýningunni, þar af fjögur ungmenni sem dansa og syngja fyrir utan Putta litla. Svona umfangsmikið verk er ekki hrist fram úr erminni á einum degi og það hefur verið svolítið erfitt að fóta sig í framkvæmdum inni í húsi þar sem iðnverkamenn taka meira pláss en leikverkamenn, þannig að saumakonur hafa þurft að grípa sínar eigin vélar á heimavelli enda þeirra vistarverur ekki komnar í stand vegna viðgerða fyrr en 22. september.

Með í sýningunni verða tveir nýliðar, það er á íslensku leiksviði; Þeir Ívar Helgason sem starfað hefur í Stuttgart og St. Gallen í Sviss sem söngvari, leikari og tónlistarmaður og eins Þórir Sæmundsson sem er útskrifaður úr leiklistarskóla í Osló og hefur starfað þar á Riksteatern og lék síðast hinn alræmda Makka hníf í Túskildingsóperunni. Þetta eru báðir miklir söngmenn og að sögn Gunnars Helgasonar fengur fyrir íslenskt leikhús.

Verkfræðingar og galdramenn

Þau Þórunn og Gunnar gefa sér góðan tíma til þess að segja frá persónunum og ferlinu við að koma þessu öllu heim og saman og það virðist á þeim eins og þetta sé bara ansi hreint auðvelt en stundum verður að setjast niður og klóra sér svolítið í hausnum, og kreista fram verkfræðinginn í sér og kannski hreinlega galdramanninn.

Hvernig breytist tröll í stein? Þessari spurningu er svo auðvelt að svara og ekki til barn í landinu sem getur ekki gefið heilsteypt svar við henni. Aftur á móti getur verið svolítið erfitt og verkfræðilegur höfuðverkur að láta þetta gerast uppi á sviðinu beint fyrir framan augun á gagnrýnum áhorfendum án þess að hafa möguleika klippitækni kvikmyndanna. Þessa þraut eiga þau eftir að leysa, en Gunnar er með hugann við hraunið og mætti segja manni að tröllabúningurinn allur yrði með einhverri hraunáferð.

Langur aðdragandi

Það hefur ríkt mikil gleði meðan verið er að kynnast búningum og þegar dvergarnir fengu latexnefin sín og stóru nýju tennurnar tók sköpunin skemmtilegan kipp, fyrir svo utan að skottast um með mikinn belg kringum skrokkinn kom mörgum leikurum til þess að fara á flug og leika langt út fyrir rammann þannig að samstarfsmenn þurftu að halda um sína belgi til þess að springa ekki úr hlátri.

Þeir sem muna eftir gömlu sýningunni sjá nú líklega hina glæsilegu stjúpu fyrir sér en nýir áhorfendur þurfa svo sannarlega ekki að verða fyrir vonbrigðum því búningur þessarar stjúpu sem er teiknaður með leikkonuna Þórunni Lárusdóttur í huga er bæði fallegur og spennandi. Gunnar Helgason strýkur tár af hvarmi og segist aldrei hafa séð svona fallega stjúpu. Nornin er aftur á móti hvorki fögur né fín og í skissubók Þórunnar Maríu brýtur hún mjög í bága við hina, eins og grárykug förukona og verða vafalaust margir fegnir að hafa góða hendi til þess að halda í þegar hún birtist.

Þórunn kom að verkinu strax í janúar þannig að þeim hefur gefist nokkuð góður tími til þess að vinna að verkinu og reiknað er með að frumsýningin verði 7. nóvember.

Leikara breytt í dverg

Hjalti Rögnvaldsson í förðun hjá sminkdeild Þjóðleikhússins

KRASSANDI KVÖLD MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

VORBLÓT /// EFTIR ÍGOR **STRAVINSKÍJ**

HÁSKÓLABÍÓ /// **FÖSTUDAGINN 2. NÓVEMBER** /// KL. 21

/// **eftirpartí** með hljómsveitarmeðlimum og dj þorbirni /// miðaverð **1.000 KR.**

www.sinfonia.is /// midi.is.

Fíton/SÍA FÍ023435

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



GLAÐVÆR NÓVELLA

Ný þýðing á verki eftir norska skáldjöfurinn Knut Hamsun er komin út, Loftskeytamaðurinn, og Jón Kalman þýðir. Fremstur meðal jafningja í aðdáendaklúbbi Hamsuns hér á landi er Einar Kárason, sem segir hér frá verkinu og stöðu Knúts í samhengi íslenskra bókmennta.

Knut Hamsun um það leyti sem vegur hans var sem mestur.

Loftskeytamaðurinn er meistarasmíði þó ekki væri nema vegna þess að hún kemur úr smiðju meistarans Knut Hamsun, en getur þó varla talist einn af hans helstu dýrgripum. Hún er efnisskyld ýmsum af hans frægustu bókum, og koma þá til að mynda ástarsögurnar Viktoría og Pan í hugann; Loftskeytamaðurinn gerist á einu norðlensku sumri eins og Pan, en á meðan hinar bækurnar tvær eru ljóðræn og dramatísk listaverk þá má segja að Loftskeytamaðurinn sé nær því að vera skemmtisaga, glaðvær nóvella – var raunar pöntuð sem slík af útgefendum Hamsuns árið 1904 og segir í ævisögum að hann hafi klárað bókina á tveimþrem mánuðum. Raunar heitir bókin á frummálinu „Sværmere“ þannig að réttari þýðing væri Draumóramenn eða eitthvað slíkt, en sagan varð kunn sem „Telegrafisten“ þegar hún var kvikmynduð undir þeim titli fyrir nokkrum árum, og fyrirgefst því ágætum þýðanda bókarinnar sú tilhliðrun.

Mest skylt á samt umrædd bók við Benóní, fyrri bókina í tvíleiknum Benóní og Rósa sem margir þekkja úr þýðingu Jóns Sigurðarsonar, en fyrir Hamsunþýðingar sínar kallaði Halldór Laxness Jón frá Kaldaðarnesi „doktor og meistara íslenskrar tungu“. Aðalpersónurnar, Ove Rolandsen loftskeytamaður og pósturinn Benóní Hartvigsen, eru samskonar glúrnir alþýðumenn; klaufalegir í samskiptum við konur en keppa með hugviti sínu við stórveldi sinna byggðarlaga sem heita Mack á báðum stöðum og eru reyndar bræður. En það er kannski ekki hin dramatíska framvinda sem er aðalsmerkið hér fremur en í mörgum öðrum bókum Hamsuns heldur stíllinn; þessi lotulangi, hrynfasti og jafnvel endurtekningarsami stíll með hliðskipuðum setningum sem mynda langar málsgreinar; sefjandi á ekki ósvipaðan hátt og barrokktónlist og nýtur sín kannski allra best í náttúrulýsingum bæði hið ytra og innra. Hamsunstíllinn hafði gífurleg áhrif á heimsbókmenntirnar og gerir það enn, og varla voru margir af höfundum Vesturlanda á fyrstu áratugum liðinnar aldar ósnortnir af honum. Þá ekki endilega að menn væru að stæla hann; það gat raunar verið þvert á móti eins og virðist með okkar mann Halldór Laxness, en svo er að sjá að strax um tvítugt hafi hann ákveðið að feta ekki í fótspor norska stórmeistarans heldur hreinlega stilla sér upp á móti honum – velja sér hann sem viðmiðun. Það átti ekki við um Gunnar Gunnarsson; hann skrifaði auðvitað nokkurnveginn sama tungumál og gamli Knut og stíll Gunnars er oft mjög glæsilega hamsúnskur, eins og sést kannski best á Fjallkirkjunni (þar sem Hamsun raunar bregður fyrir) en merkilegt er í því ljósi að lesa snilldarþýðingu HKL á þeim mikla bálki, þar sem hann getur ekki, ef hann á að vera trúr frumtextanum, gengið gegn sérkennilegri ljóðrænu hans, og má segja að útkoman verði blanda af röddum þessara snillinga þriggja.

Maður skilur vel að Jón Kalman Stefánsson hafi viljað spreyta sig á stíl og texta Hamsuns og hann kemst með ágætum frá því verki.

Einar Kárason

Verk Hamsun á íslensku

Viktoría - ástarsaga (1912, 1945, 1982, 2000 hljóðbók). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Pan - úr blöðum Tómasar Glahn liðsforingja (1924, 1968, 1994). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Sultur (1940). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Að haustnóttum (1946, 1983). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Grónar götur (1951, 1979). Skúli Bjarkan þýddi.

Tvennir tímar (1958). Hannes Sigfússon þýddi.

Gróður jarðar (1960, 1976, 1987, 2000 hljóðbók). Helgi Hjörvar íslenskaði.

Benóní (1962. 1985, 1999 hljóðbók). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi og Andrés Björnsson þýddu.

Umrenningar (1972-73). Skúli Bjarman þýddi.

Rósa (1986. 1999 hljóðbók). Andres Björnsson þýddi.

Leyndardómar (1991). Úlfur Hjörvar þýddi.

Loftskeytamaðurinn (2007). Jón Kalman Stefánsson þýddi.

Ljóð og smásögur Hamsun eru til víða í safnritum og tímaritum í þýðingum eftir ýmsa.

KONUR Á BARMI TAUGAÁFALLS OG MEÐVITUNDAR-LAUSIR MENN

AÐEINS TVÆR SÝNINGAR 26. og 27. OKTÓBER

ENDASTÖÐ AMERÍKA
LEIKGERÐ FRANKS CASTORFS
Á SPORVAGNINUM GIRND
EFTIR TENNESSEE WILLIAMS

NÚ ER HANN LOKSINS KOMINN TIL ÍSLANDS!

Frank Castorf er einn af virtustu leikstjórum í Evrópu og var Volksbühne valið besta leikhús Þýskalands undir listrænni stjórn hans.
Endstation Amerika hefur farið sigurför um heiminn og lætur engan ósnortinn.
Þetta er leiksýning sem leiklistaráhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.

Hér er á ferðinni fyrsta flokks framsækið leikhús sem byggir á einu best skrifaða leikverki allra tíma Sporvagninum Girnd eftir Tennessee Williams.

Þorir þú að missa af þessari sýningu?

ÍSLENSKUR TEXTI

Aðeins tvær sýningar - tryggið ykkur miða strax...

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Mama Það var meiri háttar framkvæmd að koma kónguló Bourgeois fyrir við Tate Modern – heiti verksins, Mamma, vísar bæði til hins verndandi og banvæna í móðureðlinu.
LJÓSMYND: TATE PHOTOGRAPHY. MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI TATE MODERN

Bernskusögur MEÐ ÓBERNSKUM BLÆ

Tíu metra há bronskónguló á Thamesbakkanum við Tate Modern-safnið er fyrsta ábendingin um yfirlitssýninguna innan dyra á verkum hinnar 95 ára Louise Bourgeois. Listakonan leitar efnis í æsku sinni og gælir við spennu og óhugnað í hálfsögðum sögum.

MYNDLIST SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Bronskóngulóin er líka viðvörun til þeirra kóngulóarfælnu því kóngulær eru fastur liður í verkum Bourgeois, eru henni verndari og rándýr, ógn og móðir sem stöðugt bætir og bætir úr. Spinnandi áttfætlan tengist líka æsku Bourgeois í vefstofu fjölskyldunnar í París og þræðirnir þaðan eru rauðu þræðirnar, oft bókstaflega svo, í verkum hennar. Kónguló Bourgeois sást síðast þarna þegar Tate Modern var opnað árið 2000 – var þá í túrbínu-afkimum. Það er varla til það safn eða sýningarsalur með metnað sem hefur ekki hýst sýningu á verkum Bourgeois undanfarna áratugi. En þrátt fyrir víðtækari skírskotanir en kynferðið verður nú samt að viðurkennast að það voru mun fleiri konur að skoða verk hennar þetta föstudagskvöld sem ég reikaði um salina á 4. hæð Tate Modern. Venjulegast er samt kynskiptingin nokkurn veginn jöfn þarna – en kannski eru bara fleiri karlar en konur hræddir við kóngulær.

sem var líka iðin við að sviðsetja sig á myndum.

Sýningin er að mestu í tímaröð, sem skýrir þemun og efnistökin í verkum hennar. Þó kenningar fyrri alda um að myndlist ætti að segja sögu væru gleymdar þegar Bourgeois var að komast á listalegg gætir sagna í list hennar frá fyrstu – engar sögur handar börnum þó síðar kæmi í ljós barnasaga í anda ævintýra þar sem ekki er allt sem sýnist.

Femme Maison', (Kona hús), frá 1945-47 er eitt fyrsta og elsta verkið á sýningunni – kona

Föst, flæðandi og freyðandi form

Fljótlega eftir að Bourgeois flutti að heiman hófust umsvifin sem standa enn – hún hélt sýningu 1936 en opnaði líka gallerí í teppagalleríi pabba síns og fór að sýna og selja verk listamanna eins og Eugène Delacroix, Pierre Bonnard og Henri Matisse. Einn gallerígestanna var bandarískri listfræðingurinn Robert Goldwater – París var vinsæll áfangastaður bandarískra listamanna og rithöfunda á þessum tíma. Þau Bourgeois og Goldwater giftust eftir niðurstöðu um sína listsköpun. Á 5. áratugnum fór hún að þjást af svefnleysi og í trú á lausnarmátt teikninga hefur hún æ síðan teiknað í gríð og erg, einfaldar teikningar með stuttum texta. Rithönd hennar er sérkennilega barnsleg og teikningarnar bergmála tilfinningarnar í verkum hennar: óhugnað, kvíða og missi. 'List tryggir heilbrigt geð', krotar hún á eina teikninguna.

Latex, gúmmí, gifs

Eftir tréskúlptúra, málverk og teikningar einkennast verk

> Eitt það erfiðasta við að skoða sýninguna er að halda aftur af lönguninni til að fara höndum um marmaraverkin – þau virðast vera þarna eingöngu til að láta snerta sig!

Louise Bourgeois að teikna í stofunni heima í Chelsea, New York, 2000.
LJÓSMYND: JEAN-FRANÇOIS JAUSSAUD. MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI TATE MODERN.

salnum þar sem sól Ólafs Elíassonar átti síðar eftir að laða að 2,7 milljónir manna.

Listakonan kallar skúlptúrinn Maman, eða Mömmu – móður- og kvenhlutverkið löngum verið Bourgeois hugleikið. Verk hennar hafa enda orðið femínistum athugunarefni en þó sem betur fer ekki lokast inni í femínískum

Innilokun og óhugnaður

Á ganginum fyrir framan sýninguna spanna myndir af Bourgeois ævi hennar. Robert Mapplethorpe er þekktur fyrir reðmyndir og á hans mynd heldur Bourgeois á reðverki á stærð við myndarlegt lambalæri. Annie Leibovitz dvelur við eldfornt andlit Bourgeois – minnir á Karen Blixen

íklædd húsi eða að sprengja það utan af sér, mótíf sem sést oft. Sem brot á tímaröðinni er í fyrsta salnum verk frá 1990-93, Cell (Choisy) (Klefi) – vírklefi, á stærð við herbergi, með falleröxi og nákvæmri marmaraeftirlíkingu af æskuheimilinu í Choisy. Viðbót við innilokunarkennd „konuhússins" sem dró athygli femínista að verkum hennar uppúr miðri öldinni og dauðtáknrænt fyrir óræðan óhugnaðinn sem gegnsýrir verk hennar. Fyrsti salurinn er því hnitmiðaður formáli sýningarinnar.

Hún teiknaði frá því hún var barn, greip í að teikna í götin á veggteppunum sem foreldrar hennar gerðu við. Hún var samt ár í stærðfræði við Sorbonne áður en hún tók aftur upp listaþráðinn, fyrst í École des Beaux-Arts í París og svo í læri hjá listamönnum eins og þá var algengt, meðal annars hjá Fernand Légers sem var með marga nemendur. Þegar hún flutti að heiman 1936 fékk hún inni í sama húsi og gallerí súrrealistans André Breton. Hún umgekkst súrrealistana en þó aðrir þankar að brjótast um í henni.

stutt kynni, fluttu til New York 1938, ættleiddu franskan þriggjáring 1939 og eignuðust svo tvo stráka 1940 og 1941.

Goldwater var beintengdur listakreðsum New York, hjónin umgengust evrópska listamenn eins og André Breton, Marcel Duchamp, Max Ernst og Alberto Giacometti og listfræðinga, safnara og listamenn eins og Erwin Panovsky, Peggy Guggenheim, John Cage, Willem de Kooning og Mark Rothko. Bourgeois var með vinnustofu undir opnum himni uppi á þaki innan um skýjakljúfana. Hún skynjaði að „Skýjakljúfarnir endurspegla mannlegar aðstæður. Þeir snertast ekki." Úr urðu mjóir og langir skúlptúrar úr spýtum og öðru tilfallandi sem hún málaði og kallaði 'Personnage' (Persónur). Fígúrurnar vekja líka hugrenningar um tótem-styttur. Á sama tíma horfði Cobra-hópurinn sem Svavar Guðnason tengdist í svipaðar áttir.

Nóbelsverðlaunahafinn Doris Lessing fullyrðir að hún hefði gengið af vitinu ef hún hefði ekki skrifað. Bourgeois virðist hafa komist að sömu

Bourgeois frá 7. áratugnum af latex, gúmmí og gifsi í formum sem fljóta, freyða og ólga. Bourgeois dvaldi í marmaranámunum í Pietrasanta á Ítalíu 1968 og glímdi við marmara og brons. Eftir hraðunnin efni nær hún öldungis heillandi árangri í báðum þessum gömlu listefnum. Marmarinn verður mjúkur í höndum hennar og lífræn form hennar blómstra í honum. Eitt það erfiðasta við að skoða sýninguna er að halda aftur af lönguninni til að fara höndum um marmaraverkin – þau virðast vera þarna eingöngu til að láta snerta sig!

Varla hægt að nefna það í sömu andrá en verkin verða holdleg og lífræn, fallosar og aðrar kynferðislegar skírskotanir losna úr læðingi og heilir líkamar eða líkamshlutar eru um allt. Synirnir eru uppkomnir, faðir hennar lést 1951, eiginmaðurinn 1973: eftir að kynhlutverkum móður, dóttur og eiginkonu lýkur verður Bourgeois kröftugur listamaður, sköpunarþrekið botnlaust. Þegar kemur fram á 9. áratuginn fara viðurkenningar og stórsýningar að hrannast upp.

Sunnudagssteikin í ljósi skelfingar

Eins og til að marka þessi æviskil sýndi Bourgeois fyrsta „klefann“ 1974, ‘The Destruction of the Father’ (Tortíming föðurins) – hellir með sveppakenndum formum í rauðu ljósi. Hún segir verkið tjá hið ‘ógnarlega matarborð fjölskyldunnar þar sem faðirinn situr sjálfumglaður fyrir endanum. Og hvað geta börnin og konan gert? Þau sitja þarna þegjandi. Móðirin reynir auðvitað að gera harðstjóranum, eiginmanninum, til geðs. Börnin eru full örvæntingar... og í örvæntingu þrifum við manninn, hentum honum á borðið, skárum hann í bita og gleyptum í okkur.’ Þessi óhefðbundna útgáfa af sunnudagssteikinni bætir við og skýrir hugarheim Bourgeois.

Þegar hún birti safn æskuljósmynda í tímaritinu Artforum 1982 var titillinn ‘Barnamisbeiting’ og snerist um ensku barnfóstruna Sadie „en hún svaf hjá pabba... Þið spyrjið væntanlega,“ skrifaði Bourgeois, „hvernig standi á því að í millistéttarfjölskyldu hafi ástkona verið þarna eins og hvert annað húsgagn? Jú, ástæðan er sú að mamma tók þessu og það er leyndardómurinn. Af hverju gerði hún það? Og hvaða hlutverki gegndi ég þá í þessum leik? Ég var peðið. Sadie átti að vera þarna sem kennari minn en þú mamma notaðir mig til að fylgjast með eiginmanni þínum. Þetta er barnamisbeiting. Af því Sadie, ef ég má segja svo, átti að vera fyrir mig. Þess í stað sveik hún mig. Ég var skrambinn hafi það ekki aðeins svikin af pabba heldur líka af henni. Þetta voru tvöföld svik.“

Nakinn hauslaus karllíkami

Maður þarf ekki að þekkja sögu Bourgeois til að skynja verkin en ég skil þó ekki af hverju sýningarskráin ýjar aðeins að greininni en rekur hana ekki. Sumir segja að listakonan hafi ekki aðeins nýtt sér eigin sögu heldur fært hana ærlega í stílinn – en gera góðir sögumenn það ekki alltaf?

Eftir að Bourgeois kom sér upp stórri vinnustofu 1980 stækkuðu verkin. Í „Cells“, sem skírskota bæði til „klefa“ og „frumna“ raðar hún líkamshlutum, garnkeflum, fötunum sínum, risastórum karlmannafrakka, speglum og rúmum í vírbúr eða klefa. Yfir einum þeirra trónir auðvitað könguló.

Kannski er svífandi bronsstytta af nöktum hauslausum karllíkama frá 1993, ‘Arch of Hysteria’ (Bogi móðursýkinnar), frekara tákn um frelsi hennar, ku vera líkami aðstoðarmanns hennar. Líkaminn fettir sig í boga og vísar til hugmynda franska læknisins Jean Martin Charcot, kennara Freuds. Verk Bourgeois bergmála Sókrates: ekki þess virði að lifa óathuguðu lífi.

Eftir að hafa unnið í öll hugsanleg efni hneigðist Bourgeois til saumaskapar – saumar fígúrur úr frotté með kunnuglegum þemum. Listamenn eins og Ólafur Elíasson vinna tæknilega fullkomin stórverk með hópi sérfræðinga – saumaskapur Bourgeois minnir á að einföld útfærsla getur rúmað stórbrotnar hugmyndir. Líkt og ‘kúnstugheita-kabínett’ fyrri alda er síðasti salurinn fullur af gömlum og nýjum smáverkum sem hnykkja á sífelldum skírskotunum Bourgeois í eigin verk.

Hálsmálin sköp

Í Hauser & Wirth-galleríinu innan um glæsibúðirnar á Bond stræti er sýning á nýjustu verkum Bourgeois: styttur sem hún býr til með því að dýfa fötunum sínum í gifs og móta í skúlptúra sem minna á skúlptúrana sem hún gerði fyrst með skýjakljúfana í augsýn. Hálsmálin umhverfast í form sem minna bæði á varir og sköp. Föt tengjast oft atburðum, fataverkin vísa því enn til endurminninga. Og föt hafa skipt hana máli alveg frá því hún var stelpa í Channel-kjólum.

Bourgeois sást ekki á opnun Tate-sýningarinnar, hefur í rúman áratug sjaldnast yfirgefið híði vinnustofunnar – dauðtáknrænt að hún bjó til verk sem heitir ‘Lair’, (Híði), 1962. Á hverjum laugardegi er hún með opið hús þar sem listamenn bera verk sín undir hana. Reyndar liggur henni svo lágt rómur núorðið að aðstoðarmenn hennar mæla fyrir hennar munn. En eins og sýningin í Tate Modern sannar enn einu sinni er rómurinn í verkum Bourgeois bæði sterkur og magnaður – og egóið nógur efniviður í rúma sjö áratugi.

Mannslíkaminn tekur á sig margar myndir í verkum Bourgeois. Í ‘Arch of Hysteria’, 1993, er karllíkaminn ‘móðursjúkur’, ekki kvenlíkaminn eins og í sálfræðikenningum 19. aldar sem verkið vísar í. Cheim & Read, Galerie Karsten Greve, Hauser & Wirth.

LJÓSMYND: ALLAN FINKELMAN. © LOUISE BOURGEOIS MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI TATE MODERN.

Louise Bourgeois

Tate Modern – 20. janúar 2008.

Louise Bourgeois: Fædd í París 25.12. 1911.

1933-38: Myndlistarnám og læri.

1939: Flytur til New York og hefur búið þar síðan.

1982: Bourgeois er fyrsta konan sem Museum of Modern Art heiðrar með yfirlitssýningu.

1993: Fulltrúi Bandaríkjanna á Feneyja-tvíæringnum.

1998: Bourgeois-sýning á Listahátíð.

2007: Yfirlitssýning í Tate Modern sem mun standa til 20. janúar 2008.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þau eru á fjölunum núna

Fimm spennandi verk í Þjóðleikhúsinu

Sjáðu og heyrðu meira á leikhusid.is

Óhapp!
eftir Bjarna Jónsson
„Þetta er "stundarfriður" okkar tíma og ég vona að sýningin fái engan frið fyrir æstum áhorfendum.“
Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is
NÝTT ÍSLENSKT

LEG
eftir Hugleik Dagsson og Flís
NÝTT ÍSLENSKT
Yfir 9.000 áhorfendur og 12 Grímutilnefningar
„...hárrétt blanda af gáfulegheitum og fíflagangi.“
Helga Rakel Rafnsdóttir, Kistan.is
Síðasta sýning 24. nóvember.

Hamskiptin
eftir Franz Kafka
Rómuð uppfærsla Vesturports
★★★★
„Nýstárleg og skemmtileg leiksýning“. Elísabet Brekkan, Fréttablaðið
Síðasta sýning 1. desember.

NÝTT ÍSLENSKT Barnasýningin GOTT KVÖLD í Kúlunni – hugljúf sýning með söngvum
HJÓNABANDSGLÆPIR í Kassanum – áleitið verk um ástina eftir Eric-Emmanuel Schmitt

LUCIE-VERÐLAUNIN

Það eru myndir hvert sem maður lítur. Samtími okkar er myndvæddur í meira lagi, svo mjög að við erum hætt að taka eftir raunverulegum myndum sem ber fyrir augu okkar allan daginn og við njótum líka í svefni. Nei, við tökum bara eftir ljósmyndinni, rammanum, rétt eins veruleiki okkar sé aðeins séður með linsunni. Og um ljósmyndaiðnaðinn hverfist mikið fjármagn. Hann sefur aldrei, það er aldrei hlé, á hverju augnabliki verður ekki ein mynd til, heldur margar. Eins og við séum ekki til nema á mynd.

Á mánudagskvöld hittist í Lincoln Center í New York stór hópur fólks sem lifir og hrærist í ljósmyndum. Það var þar saman komið á fimmtu Lucie-hátíðinni sem var sett á stofn fyrir fimm árum til að auka virðingarstöðu ljósmyndara í heiminum. Fólkið var prúðbúið enda boðsbréfin send út með vinsamlegum tilmælum um snyrtilegan klæðnað. Annar hver maður var með myndavél og endalaust var verið að skjóta. Í einu horni hins glæsilega fordyris var upprisið studíó og þar var strax komin röð af fólki sem vildi fá af sér mynd. Hátíðin fór glæsilega fram: þar voru heiðraðir nokkrir snillingar úr hópi ljósmyndara heimsins, menn komnir á efri ár. Á hátíðina var settur show-bisness blær: Lily Taylor kynnti, Lou Reed veitti gömlum vini sínum verðlaun, Snowdon lávarður ávarpaði samkomuna af bandi og Jeff Bridges heiðraði hinn kunna auglýsingaljósmyndara Howard Zieff. Andakt fór um salinn þegar minnst var látinna meistara, sá síðasti féll fyrir byssukúlu í Írak vikunni fyrr.

Myndirnar sem þarna voru til marks um yfirburði þeirra sem voru heiðraðir sýndu líka að hluti af ljósmyndaiðnaði heimsins er að kljást við ljótasta hlutann af lífi hér á jörð: hatursorðin sem féllu af verðlaunapalli í garð stríðs voru sögð af mönnum sem hafa séð – og sýnt okkur – grimmd mannsins í sinni nöktustu mynd: Bush var hrakyrtur við innilegan fögnuð viðstaddra.

En þar var líka margt annað lofað: Pilsner Urquell bjórframleiðandinn tékkneski var meginstyrktaraðili hátíðarinnar og að hans frumkvæði voru veitt verðlaun í nýjum flokkum: Alþjóðlegu ljósmyndaverðlaunin í tveimur flokkum og fóru þau til ungra ljósmyndara. Magnum-ljósmyndafyrirtækið var heiðrað sérstaklega, tímarit ársins valið, bókaútgáfa á þessu sviði, myndstjórn á blöðum sem féll í hendur myndritstjóra Sports Illustrated, umbrot á ljósmyndaröð fór til þeirra á Harper's Bazaar.

En flestir voru að bíða eftir gömlu brýnunum: Elliott Erwitt, Ralph Gibson, Philip Jones Griffiths, Heinz Kluetmeier, Eugene Richards, Snowdon lávarði, Howard Ziefff, Kenro Izu og Deborah Turbeville. Þau komu öll fram og þökkuðu fyrir sig. Og myndir þeirra segja meira en mörg orð um hvers vegna þau voru heiðruð.

Pilsner Urquell vill færa veldi þessara verðlauna út: hingað til lands kemur í nóvember sýning með nokkrum mynda þeirra sem voru verðlaunaðir í fyrra og samfara því mun umboðsaðili bjórsins hér á landi, Mekka, efna til samkeppni. Og ekkert er því til fyrirstöðu að íslenskir ljósmyndarar geti á næsta ári keppt til sigurs við jafningja sína frá þeim rúmlega hundrað löndum sem í ár áttu fulltrúa í Lucie-verðlaunum.

- pbb

HÉR Á OPNUNNI GEFUR AÐ LÍTA NOKKUR DÆMI UM VERK VERÐLAUNAHAFANNA FRÁ SÍÐASTA MÁNUDAGSKVÖLDI. ALLAR ERU ÞÆR BIRTAR MEÐ GÓFÚSLEGU LEYFI PILSNER URQUELL LUCIE AWARDS 2007.



Deborah Turbeville tók til við ljósmyndir eftir feril í tískubransanum í New York þar sem hún vann á Harper's og Mademoiselle. Hún gerbreytti tískuljósmyndun með því að færa það fag nær tilraunakendri vinnslu og tökutækni. Verk hennar hafa birst í öllum helstu tískublöðum heims og hún hefur unnið myndaraðir fyrir bókverk. Hún hefur hlotið ýmsan sóma af hálfu tískubransans en var á mánudag heiðruð fyrir framlag sitt til tískuljósmyndunar.



Philip Jones Griffiths er Walesmaður og menntaður sem lyfjafræðingur. Hann fór að taka myndir í aukavinnu fyrir Manchester Guardian og þaðan lá leið hans í sérverkefni fyrir Observer: hann var í Alsír 1962. Var tekinn í Magnum 1966 og var þá kominn til Víetnam: bók hans um stríðið, Vietnam Inc. var unnin á þriggja ára tímabili og er enn talin ein gleggsta heimild sem til er um stríðið. Hann hefur gert nokkrar heimildarmyndir en er kunnastur fyrir bókverk sín. Hann hefur myndað í 120 löndum og á nokkrar þekktustu fréttamyndir síðustu aldar. Hann var heiðraður fyrir framlag sitt til fréttaljósmyndunar.

Snowdon lávarður segist vantreysta myndum sem séu fallegar. Hann hóf feril sinn í myndatökum fyrir tímaritamarkaðinn í Bretlandi og hafði einstaka stöðu sem meðlimur yfirstéttar þar í landi, ekki síst eftir hjónaband hans og Margrétar prinsessu. Hann var ráðinn myndaritstjóri Sunday Times Magazine 1960 og opnaði þann miðil fyrir stórum hópi breskra ljósmyndara. Hann er virkur hönnuður og hefur komið fram um árabil sem málsvari fatlaðra. Hann hefur gefið út fjölda bókverka og er virtastur fyrir portrett sín sem hann var heiðraður fyrir.

Kenru Izu er fæddur í Osaka 1949. Hann hefur verið búsettur í New York síðan 1975. Hann hefur tekið á stórt format um árabil: 14x20 þumlunga. Hann hefur gert tilraunir með Cyan-print og gefið út bækur sem rekja þær tilraunir. Í einni af mörgum ferðum sínum til Anghor Vat í Kambódíu rann honum til rifja bágt ástand þar og setti þá á stofn sjúkrahús þar í landi: „Ég var svo barnalegur", sagði hann. Barnaspítali hans hefur starfað síðan 1999 og sinnt 420 þúsund veikum börnum. Hann er enn að vinna að röð sinni Sacred Places um helga staði jarðarinnar. Izu var heiðraður fyrir hugsjónir sínar.

HEXA
föt fyrir alla

VÖRUSTJÓRI

Hexa óskar að ráða vörustjóra. Um er að ræða starf sem krefst mikils sjálfstæðis af starfsmanni og gefur viðkomandi mikla möguleika á starfsþróun í framtíðinni.

Hexa hefur verið öflugt vörumerki á vinnufatamarkaði í nær 20 ár. Hjá Hexa starfa yfir þrjátíu manns og er um að ræða fólk með mikla reynslu, menntun og þekkingu á öllu sem snýr að fatnaði og öryggisbúnaði. Fyrirtækið er með umtalsverða framleiðslu erlendis. Fyrirtækið er í glæsilegu húsnæði að Smiðjuvegi 10-12, Kópavogi, þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar.

Starfssvið
- Umsjón með innkaupum
- Vörustjórnun
- Verðútreikningar
- Þróun framleiðslu
- Gerð innkaupaáætlana

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði vörustjórnunar
- Reynsla af sambærilegu starfi mjög mikill kostur
- Stjórnunarhæfileikar sem og hæfni til að starfa í hóp
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð, ögguð og metnaðarfull vinnubrögð

Verið er að leita að metnaðarfullum aðila sem vill ná árangri í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SAP velur TM Software

TM Software

TM Software velur þig

TM Software leitar að metnaðarfullum sérfræðingum sem hafa áhuga á að starfa við SAP.

Nú skipum við í stöður hjá sigurliði framtíðarinnar.

Viðskiptafræðingar, mannauðsstjórar, verkfræðingar, kerfis- og tölvufræðingar sem hafa áhuga eða þekkingu á SAP eru hvattir til að gefa kost á sér í SAP-lið TM Software.

TM Software er leiðandi þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið þjónar um 1.200 viðskiptavinum um heim allan. TM Software hefur um árabil verið á „Europe's 500" listanum sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum í Evrópu.

SAP® er fremsti framleiðandi í heimi á sviði viðskiptahugbúnaðar. Meira en 41.200 viðskiptavinir í meira en 120 löndum nota SAP® lausnir – allt frá sérhæfðum lausnum fyrir smá og meðalstór fyrirtæki til heildarkerfa fyrir alþjóðleg fyrirtæki.

CHANNEL™ SAP PARTNER

Gætt verður fyllsta trúnaðar um allar umsóknir og fyrirspurnir.

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra **torfi@t.is**, fyrir 1. nóvember.

PIPAR • SÍA • 72032

TM Software Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | info@tm-software.com www.tm-software.com

VINNA - VINNA - VINNA.....

Sölumaður í flísaverslun 565210
Alhliða flísaverslun með nánast allt sem viðkemur flísum og fylgiefnum þeirra óskar eftir sölumanni. Starfið felur í sér sölu og afgreiðslu til viðskiptavina. Vinnutími er alla virka daga frá kl 9:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 10/11:00-15/16:00. Leitað er að vönum sölumanni sem er lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður og áreiðanlegur. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Lagerstarf 565211
Alhliða flísaverslun með nánast allt sem viðkemur flísum og fylgiefnum þeirra óskar eftir lagerstarfsmanni. Starfið felur í sér áfyllingar, tiltekt á pöntunum, afgreiðslu til viðskiptavina og útkeyrslu. Vinnutími er alla virka daga frá kl: 9:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 10/11:00-15/16:00. Leitað er að röskum, nákvæmum og sjálfstæðum einstaklingi til starfa. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Rekstrarstjóri 565126
American Style óskar eftir rekstrarstjóra til starfa.
Rekstrarstjórinn er yfirmaður á sínum vöktum og einnig virkur starfsmaður. Í starfinu felst að sjá um að manna vaktir, skipuleggja matar- og kaffipásur, uppgjör og panta vörur. Unnið er 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina. Leitað er að einstaklingi sem er duglegur, getur unnið undir álagi, er þjónustulundaður, heilsuhraustur og eldri en 30 ára. Ráðið verður í starfið strax.

Starf í lyfjapökkun 565205
Actavis óskar eftir starfsmanni í lyfjapökkun. Starfið felur í sér pökkun á töflum í glös og þynnur, þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði ásamt eftirliti með pökkunarlínum. Leitað er að nákvæmum og vandvirkum einstaklingi. Kostur ef viðkomandi hefur hæfni til að tileinka sér starfsemi flókins vélbúnaðar. Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur. Unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Starfsmaður í lyfjablöndun 565206
Actavis óskar eftir starfsmanni í lyfjablöndun. Starfið felur í sér uppvigtun hráefna, blöndun og frumvinnslu hráefna, samsetningu á vélum og skjalfestingu.
Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu og/eða þekkingu á framleiðslu eða af sambærilegum iðnaði. Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg.
Unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og 6. hverju viku á næturvakt.

Sölumaður – verslunarfyrirtæki 565197
Þekkt verslunarfyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í utanhússklæðningum fyrir stærri og smærri fyrirtæki - óskar eftir sölumanni í sérvörudeild. Í starfinu felst sala og afgreiðsla á hurðum auk ráðgjafar í tengslum við starfið. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 10:00-16:00. Leitað er að traustum, jákvæðum og heiðarlegum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum og hefur reynslu af sölumennsku.

Símavarsla 12:30-17:00 565142
Framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í símavörslu. Starfið felur í sér símasvörun, móttöku viðskiptavina og skráningu gagna. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 12:30-17:00. Leitað er að samviskusömum, heiðarlegum, og ábyrgum einstaklingi með almenna tölvukunnáttu. Ráðið verður í starfið fljótlega. Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

Þjónustu- og sölustarf innanhúss 565043
Eitt stærsta einkafyrirtæki landsins leitar að starfsmanni í þjónustu- og sölustarf innanhúss. Starfið felur í sér sölu og þjónustu til viðskiptavina í veitingasal og verslun. Um vaktavinnu er að ræða og eru vaktirnar tvískiptar eða þrískiptar. Leitað er að heiðarlegum, stundvísum og reglusömum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund. Ráðið verður í starfið strax.

Litablöndun og lager 565209
lðnfyrirtæki sem framleiðir málningarvörur óskar eftir að ráða starfsmann í litablöndun, afgreiðslu og á lager. Starfið felur í sér að afgreiða vörur af lager til viðskiptavina, ásamt litablöndun og öðru tilfallandi. Leitað er eftir röskum og heilsuhraustum einstaklingi með góða almenna tölvukunnáttu. Vinnutími er alla virka daga kl. 8:00-17/18:00 og annan hvern laugardag frá klukkan 10:00-14:00. Boðið er upp á þægilega og góða innivinnu í fyrirtæki með góðan starfsanda og litla starfsmannaveltu. Viðkomandi þarf að hefja störf fljótlega. Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

Tollskýrslugerð 565217
Þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði og ljósaperum óskar eftir að ráða starfsmann í tollskýrslugerð, innflutning, pantanir, samskipti við erlenda birgja og flutningsaðila á Íslandi. Einnig fylgir starfinu innsláttur á birgðabókhaldi, reikna út álagningu ofl. Leitað er að starfsmanni með góða þekkingu á tollskýrslugerð og erlendum samskiptum. Einnig þarf viðkomandi að hafa góða tölvu- og tungumálakunnáttu. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN
S: 511 1144

.....fyrir þig?

Viltu sveigjanleika 565133
Verslun í Faxafeni óskar eftir að ráða til sín starfsmann í afgreiðslu og þjónustu. Í starfinu felst að afgreiða, veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina, varðandi vörur verslunarinnar. Leitað er að starfsmanni með þægilega framkomu, sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og er með mikla þjónustulund. Starfið hentar öllum aldurshópum og er fólk eldra en 50 ára sérstaklega hvatt til þess að sækja um. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma.

Símaver 565099
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni í símaver. Starfið felur í sér sölu á bílavarahlutum og fylgihlutum í bíla, taka við pöntunum og ráðgjöf til viðskiptavina. Öll vinna fer fram í gegnum síma. Leitað er að þjónustulunduðum og nákvæmum einstaklingi sem hefur þekkingu og áhuga á bílaviðgerðum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00 Ráðið verður í starfið fljótlega.

Plastvinnsla – vaktstjóri 565218
Fyrirtæki sem framleiðir plastflöskur, lyfjaglös ofl. óskar eftir að ráða starfsmann í stöðu vaktstjóra. Í starfinu felst vinna við framleiðsluvöruna og ábyrgð á vaktinni sinni. Um snyrtilega inni vinnu er að ræða og er aldrei unnið um helgar. Vaktirnar eru þrískiptar og er unnið frá kl. 7:30-15:30, 15:30-23:30 og 23:30-7:30. Leitað er að traustum og ábyrgðarfullum aðila sem getur hafið störf sem fyrst.

Bílstjóri/Lager 565212
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar eftir bílstjóra. Starfið felur í sér að taka til vörur, auk þess að sinna útkeyrslu til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er alla virka daga milli kl. 8:00-17:00. Leitað er að röskum, snyrtilegum og sjálfstæðum einstaklingi, eldri en 25 ára, sem er góður í mannlegum samskiptum. Umsækjandi þarf að geta hafið störf strax.

Bílstjóri/lagermaður 565151
Smith og Norland óskar eftir starfsmanni á lager og í útkeyrslu. Starfið felur í sér vörumóttöku og almenn lagerstörf auk þess að sinna útkeyrslu til viðskiptavina. Leitað er að röskum, snyrtilegum og sjálfstæðum einstaklingi á aldrinum 25 til 40 ára, sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera með meirapróf eða eldra bílprófið. Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Ráðið verður í starfið strax.

Aðstoðarverslunarstjóri 565156
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem selur m.a. útivistarvörur óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra. Starfið felst í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini auk annarra tilfallandi verkefna. Leitað er að snyrtilegum einstaklingi sem hefur góða almenna tölvuþekkingu, reynslu af stjórnun og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af verslunarstörfum. Vinnutími er alla virka daga frá kl 9:00-18:00 og annar hver laugardagur. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skiptiborð 13:00-18:00 565213
Eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins óskar eftir starfsmanni á skiptiborð. Starfið felst í símasvörun og móttöku ásamt tilfallandi störfum. Vinnutími er frá kl. 13:00-18:00. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur ríka þjónustulund og er lipur í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af svipuðu starfi. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Sölumaður 565134
Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín sölumann í hreinlætistækja- og gólfefnadeild. Í starfinu felst sala og ráðgjöf til viðskiptavina, bera ábyrgð á sölu og eftirfylgni auk annarra tilfallandi verkefna. Leitað er að traustum og öflugum sölumanni. Kostur ef viðkomandi hefur þekkingu og/eða reynslu úr sambærilegu starfi. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, heiðarlegur og með góða framkomu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00 og annan hvern laugardag. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Lager 565207
Kvos hf. óskar eftir að ráða lagerstarfsmann. Um er að ræða hefðbundin lagerstörf. Vinnutími er mánudaga - föstudaga frá kl. 8:00 -18:00. Leitað er að sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur frumkvæði. Lyftarapróf er mikill kostur. Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að byrja sem fyrst.

Vélstjóri á sjó 565215
Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum óskar eftir að ráða 1. vélstjóra á togarann Jón Vídalín VE. Viðkomandi þarf að hafa VF1 réttindi. Útiveran er í 5 daga í senn og 1 1/2 dagur í landi. Landað er á miðvikudags/fimmtudags- eða föstudagsmorgnum. Viðkomandi getur tekið Herjólf kl. 8:15 upp á land og komið aftur með fyrri ferð Herjólfs daginn eftir. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst. Róið er í tvo túra og frí í einn.

VINNA - VINNA - VINNA.....fyrir þig?

Vélamaður - Vinnuvélaréttindi 565117
Gámafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín vélamann á vinnusvæði þeirra. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði og meirapróf æskilegt. Í starfinu felst m.a. vinna á hjólaskóflu, vinnuvélum og önnur almenn verkamannastörf. Vinnutími er virka daga frá kl. 7:00-18:00 og annan hvern laugardag frá 8:00-16:00. Leitað er að heilsuhraustum einstaklingi sem er ekki yngri en 20 ára og með reynslu af vinnuvélum. Um framtíðarstarf er að ræða og verður ráðið í starfið fljótlega.

Þjónustufulltrúi 565178
Rekstrarfélag óskar eftir þjónustufulltrúa. Starfið felst í almennri afgreiðslu og upplýsingagjöf auk annarra verkefna. Leitað er að sjálfstæðum og þjónustulunduðum einstaklingi sem er skipulagður í vinnubrögðum. Viðkomandi þarf að hafa almenna tölvu- og enskukunnáttu. Stúdentspróf æskilegt. Vinnutími er frá kl. 9:30-14:00 aðra vikuna og 14:00-19:00 hina vikuna nema á fimmtudögum, þá viku er unnið 15:30-21:30. Auk þess er unninn annar hver laugardagur frá kl. 9:30-18:00. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

Ráðgjafi – tímabundið 565220
Vinna.is óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa tímabundið í eitt ár. Í starfinu felst m.a. umsjón og ábyrgð með ráðningum, tengsl og ráðgjöf til viðskiptavina, viðtöl, upplýsingaöflun og mat á einstaklingum, gerð auglýsinga og annað sem til fellur. Leitað er að starfsmanni sem er með stúdentspróf, háskólanám kostur en ekki skilyrði, reynslu af skrifstofustörfum, frumkvæði, jákvæðni og vilja til að ná árangri í starfi. Einnig þarf viðkomandi að viðhafa sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Vinnutími er frá kl. 9:00-17:00. Ráðið verður í starfið strax.

Sala og afgreiðsla í tölvuverslun 565131
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í smásölu á tölvum, skrifstofuvélum, símum og fjarskiptabúnaði óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu og sölu. Leitað er að starfsmanni með framúrskarandi þjónustulund og vilja til að vinna í skemmtilegu umhverfi með léttum starfsanda. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 10:00-18:00 alla virka daga. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Undirfataverslun í miðborg Reykjavíkur 565169
Lífstykkjabúðin óskar eftir að ráða starfskraft í sölu og almenna afgreiðslu. Verslunin þjónar breiðum hópi viðskiptavina og býður mikið úrval af hágæða undirfötum og náttfatnaði. Leitað er að heiðarlegum einstaklingi með ríka þjónustulund, sem er stundvís og hefur góða framkomu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum. Um er að ræða hlutastarf og er vinnutími frá kl. 12:00-18:00 virka daga og annan hvern laugardag. Einstaklingar í blóma lífsins eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Bókhald 565222
Heildverslun með fatnað óskar eftir starfsmanni í bókhald. Starfið felst í að bóka reikninga, afstemmingu, uppgjöri og launabókhaldi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-16:00. Leitað er að skipulögðum, röskum og nákvæmum einstaklingi til starfa sem á gott með mannleg samkipti. Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af bókhaldi og hafi góða tölvuþekkingu. Unnið er á DK bókhaldsforrit.

Kierownik zmiany - produkcja opakowań 565218
Przedsiębiorstwo zajmujące się wyrobem butelek plastikowych, fiolek na leki itp. poszukuje pracownika na stanowisko kierownika zmiany. Zakres obowiązków - prace związane z produkcją oraz organizacją pracy na swojej zmianie. Praca odbywa się w miłej atmosferze w zakładzie dbającym o czystość. Czas pracy - praca odbywa się w systemie zmianowym w godzinach 7:30-15:30, 15:30-23:30 oraz 23:30-7:30. Poszukiwana jest odpowiedzialna osoba znająca język islandzki która może rozpocząć pracę od zaraz.

Umsjón með mötuneyti - matreiðslumenntun 565225
Markaðs- og þjónustufyrirtæki á matvælasviði óskar eftir að ráða til sín matreiðslumann til að sjá um mötuneyti í nýrri byggingu sem fyrirtækið mun flytja í um áramót. Starfið felur í sér að sjá um morgun- og hádegisverð, útbúa matseðla, sjá um innkaup o.fl. Einnig þarf viðkomandi að halda kaffibörum hreinum og fylla á þá. Vinnutími er alla virka daga frá kl 8:00-16:00. Leitað er að samviskusömum, hugmyndaríkum og röskum einstaklingi til starfa og er æskilegt að viðkomandi hafi matreiðslumenntun eða mikla reynslu af störfum í mötuneyti. Ráðið verður í starfið 1. janúar 2008.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
atvinnumiðlun
S: 511 1144

VEGAGERÐIN

VÉLAMAÐUR
BORGARNESI

Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

Menntunar- og hæfniskröfur
- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Rafiðnaðarmaður / starfsnemi

Vegna aukinna verkefna þarf Tæknisvið Securitas enn að bæta við sig rafiðnaðarmönnum.

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á meðal verkefna eru myndavélakerfi, innbrota- og brunaviðvörunarkerfi og aðgangsstýri- og hússtjórnarkerfi. Tæknisvið rekur einnig þjónustuver sem aðstoðar viðskiptavini og tæknimenn.

Það sem þú þarft að hafa:
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði
- Almenna tölvukunnáttu
- Enskukunnáttu
- Þjónustulund og ánægju af samvinnu
- Áhuga á að auka þekkingu í starfi

Í boði er:
- Góð sérhæfð þjálfun fyrir starfið
- Stöðug símenntun
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Tækifæri til sérhæfingar
- Góð laun fyrir rétta aðila

Athugið, getum einnig bætt við okkur fagnemum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 29. október nk.
Númer starfs er **7178**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

SECURITAS

Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum.

Starfsmenn Tæknisviðs eru um 90. Starfssvið þeirra eru uppsetningar, viðhald og reglubundnar skoðanir öryggiskerfa fyrir viðskiptavini. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna í starfi.

www.securitas.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

---

LYFJAVER

Aukin verkefni kalla á fleiri starfsmenn

Lyfjaver ehf., var stofnað árið 1998 og starfrækir apótek, heildsölu og tölvustýrða lyfjaskömmtun.

Fyrirtækið er leiðandi aðili í tölvustýrðri lyfjaskömmtun fyrir heilbrigðisstofnanir og einstaklinga.

Lyfjaver ehf., leggur áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavini og því leitum við að fólki með ríka þjónustulund og metnað til að veita viðskiptavinum Lyfjavers góða og faglega þjónustu.

Hjá fyrirtækinu starfa nú 25 starfsmenn.

www.lyfjaver.is

Lyfjafræðingur

Lyfjafræðingur hefur umsjón með tiltekt og afgreiðslu lyfja, ráðgjöf til viðskiptavina auk annarra fagtengdra starfa í lyfjaverslun.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun á ofangreindu sviði og marktæka faglega reynslu. Áhersla er lögð á nákvæmni og fagmennsku í vinnubrögðum, styrk í mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

Lyfjatæknir

Lyfjatæknir vinnur í receptúr og annast afgreiðslu lyfseðla, frágang lyfja, eftirlit með lyfseðlum, afgreiðslu og önnur störf tengd rekstri apóteks.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun á sviði lyfjatækni og marktæka reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á skilvís vinnubrögð, lipurð í mannlegum samskiptum og faglegan metnað.

Afgreiðsla

Starfið felst í afgreiðslu lausasölulyfja, frágang lyfja og vöru, aðstoð við viðskiptavini auk annarra tilfallandi starfa í apóteki.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af afgreiðslu- og/eða þjónustustörfum. Áhersla er lögð á snyrtimennsku, þjónustulund og þægilega framkomu. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Í boði eru áhugaverð störf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki, þar sem liðsandinn er þægilegur.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá **STRÁ MRI**. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál**.

Gunnar H. Ársælsson og **Guðný Harðardóttir** hjá **STRÁ MRI** veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

RAFEINDAVIRKI / RAFVIRKI

Svona erum við:
Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf, þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og höfum stöðugar umbætur á verkferlum og aðferðum að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið allt, sem við erum hluti af.

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða rafeindavirkja eða rafvirkja til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

Starfssvið
- Viðhald á mælibúnaði og öðrum rafeindabúnaði
- Stillingar og kvörðun á ýmsum búnaði tengdum framleiðslunni
- Iðntölvuforritun
- Samskipti við framleiðsludeildir

Menntunar- og hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafeindavirkjun eða rafvirkjun
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð kunnátta í ensku og almenn tölvuþekking æskileg
- Þekking á PLC forritun góður kostur

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Actavis Group leitar að árangursdrifnum einstaklingum

Actavis Group, móðurfélag Actavis, er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að vera í fremstu röð samheitafyrirtækja.

Skráningarsvið Actavis Group ber ábyrgð á umsóknum markaðsleyfa og skráningarferlum fyrirtækisins á þeim mörkuðum sem Actavis starfar. Skráningarsvið Actavis Group leitar að einstaklingum í eftirfarandi störf.

Verkefnastjóri í skráningaferladeild

Starfið felur í sér undirbúning og innsendingu skráningarumsókna innan Evrópusambandsins. Verkefnastjóri tekur þátt í mótun skráningarstefnu og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum þar til markaðsleyfi fæst. Um er að ræða mikil samskipti við evrópskar lyfjastofnanir, ráðgjafa og viðskiptavini.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun, menntun í raunvísindum er kostur. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.

Fulltrúi í breytingarumsóknum

Starfið felur í sér aðstoð við samantekt á upplýsingum fyrir breytingarumsóknir fyrir ný og eldri lyf þróuð á Íslandi sem eru markaðssett innan Evrópusambandsins. Einnig er um að ræða samskipti við viðskiptavini og skráningaryfirvöld varðandi skráninga- og breytingamál og upplýsingagjöf til annarra deilda fyrirtækisins.

Leitað er að einstaklingi með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Mjög góðrar enskukunnáttu er krafist. Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.

Sérfræðingur í breytingarumsóknum

Starfið felur í sér samantekt upplýsinga fyrir breytingarumsóknir fyrir ný og eldri lyf þróuð á Íslandi sem eru markaðssett innan Evrópusambandsins og víðar, uppfærslur á skráningargögnum, ásamt því að svara athugasemdum yfirvalda. Einnig er um að ræða samskipti við viðskiptavini og skráningaryfirvöld um tæknileg atriði er snerta skráningar- og breytingamál og upplýsingagjöf til annarra deilda fyrirtækisins.

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf á sviði raunvísinda. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.

Fulltrúi í textagerð hjá skráningarferladeild

Starfið felur í sér aðstoð við undirbúning texta vegna innsendinga á skráningarumsóknum í nafni Actavis innan og utan Evrópusambandsins. Í því felst aðstoð við ýmsa textavinnslu og aðstoð við öflun gagna vegna skráningarumsókna, frágangur á gögnum sem og önnur tilfallandi verkefni.

Leitað er að einstaklingi með stúdentspróf og mjög góða ensku- og tölvukunnáttu. Gerð er krafa um nákvæmni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af skráningarvinnu er kostur.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ATVINNA

Samkaup Strax
Búðakór 1, Kópavogi

Óskum eftir starfsfólki á allar vaktir

Aðeins þjónustulundaðir og drifandi einstaklingar koma til greina, eldri en 18 ára. Fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um.

Upplýsingar veitir verslunarstjóri
Þórhalla Grétarsdóttir í síma 898 6446

Samkaup strax

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Kennsla á miðstigi

Hraunvallaskóli (664 5874 agusta@hraunvallaskoli.is)
Forfallakennari
Leikskólakennari/deildarstjóri
Leikskólakennarar/annað uppeldismenntað starfsfólk (sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Hvaleyrarskóli (helgi@hvaleyrarskoli.is)
Starfsmaður í frístundaheimili (50% e.hádegi)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliði við fjölnám sem sinnir gæslu, aðstoð í eldhúsi og skrifstofu

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Kennari í sérdeild f. einhverf börn
Skólaliði í íþróttahús
Skólaliða í almenn störf

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Starfsmaður í íþróttahús (80%)
Starfsmenn í íþróttahús, hlutastörf á dagvinnutíma hentar vel eldri borgurum

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Almenn kennsla
Smíðakennsla - val í 10. bekk - stundak.
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari/matráður
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Norðurberg (555 3484/664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskaþjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Aðstoð í eldhús fyrir hádegi
Skilastöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóra
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara
Þroskaþjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sími 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Tungumálakunnátta og þjónustulund!

SPRON óskar eftir að ráða öflugan og kraftmikinn viðskiptastjóra til starfa til að sinna ört vaxandi hópi erlendra viðskiptavina sem eru búsettir á Íslandi. Starfshlutfall og vinnutími er samkomulagsatriði.

Helstu verkefni:

- Almenn fjármálaþjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina SPRON
- Kynning og sala á vörum og þjónustuleiðum SPRON
- Ýmis sérverkefni í sölu- og markaðsmálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og áhugi á markaðs- og sölumálum
- Mjög góð pólsku-, íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Menntun á sviði viðskipta er kostur
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og þjónustulund
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veita Jónína Kristjánsdóttir, forstöðumaður markaðssviðs SPRON sparissjóðs, og Tomasz Þór Veruson, sérfræðingur á markaðssviði SPRON sparisjóðs, í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 31. október nk.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

Znajomość języka i wysokiej jakości usługi

SPRON pragnie zatrudnić silną i energiczną osobę, na stanowisko Kierownika do spraw obsługi klienta, w celu zajęcia się ciągle rosnącą grupą klientów z innych krajów, zamieszkujących na Islandii. Czas pracy i wielkość etatu do późniejszego uzgodnienia.

Podstawowe zadania:

- Ogólna obsługa finansowa i doradztwo klientom SPRON
- Przedstawianie i sprzedaż towarów oraz usług klientom SPRON
- Inne zadania związane ze sprzedażą i marketingiem

Wymogi dotyczące wykształcenia i zdolności:

- Praktyka i zainteresowanie sprawami marketingu i sprzedaży
- Biegłe posługiwanie się językiem polskim, islandzkim i angielskim - wymagane
- Wykształcenie ekonomiczne - mile widziane
- Wybitne zdolności w kontaktach międzyludzkich oraz w obsłudze klienta
- Zdolności organizacyjne, własna inicjatywa i podejmowanie samodzielnych decyzji w pracy

Bliższych informacji na temat pracy udziela Jónína Kristjánsdóttir, szef Działu Marketingu SPRON oraz Tomasz Þór Veruson, specjalista w dziedzinie marketingu w SPRON, pod numerem telefonu 550 1200. Podania o pracę prosimy wysyłać do dzialu kadr SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, do dnia 31 dobrevitz 2007. Wszystkie podania zostaną rozpatrzone poufnie.

75 ára | spron

Tölvu- eða kerfisfræðingur

VEITA

Veita hf. leitar að öflugum sérfræðingi í góða liðsheild. Hann þarf að geta sýnt frumkvæði og lipurð í starfi.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi þekkingu á eftirfarandi: MS Visual Studio og C#, XML og SQL, forritun vefþjónustu vefrænna lausna sem og staðbundinna, SQL Server Enterprise Manager eða álíka.

Í starfinu felst einnig:
Forritun eininga og sérsmíði í Microsoft Dynamics, Axapta.

Fyrirtækið býður upp á þjálfun ef umsækjandi hefur ekki þekkingu á þessu sviði.

Menntun eða reynsla
Háskólapróf í tölvunarfræðum eða sambærileg menntun. Þekking á Agile-verkaðferðum og færni til að vinna skv. þeim.

Í boði er er spennandi starf með góðri liðsheild í krefjandi umhverfi.

Umsóknarfrestur er til 28. október næstkomandi.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is.

Upplýsingar veitir Björn H. Reynisson hjá Hagvangi. Netfang: bjorn@hagvangur.is.

HAGVANGUR

Skógarhlíð 12 - 105 Reykjavík - Sími: 520-4700

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Sveitarfélagið ÁRBORG

Forstöðumenn skólavistunar

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir forstöðumönnum skólavistunar til starfa. Forstöðumaður hefur umsjón með lengdri viðveru barna úr 1.- 4. bekk Um er að ræða tvær stöður annars vegar við Sunnulækjarskóla og hins vegar Vallaskóla á Selfossi.

Sunnulækjarskóli

Frá næstkomandi áramótum verður boðið upp á lengda viðveru barna í 1. til 4. bekk við Sunnulækjarskóla á Selfossi. Um er að ræða nýja starfsemi við skólann og mun forstöðumaður annast skipulagningu og undirbúning skólavistunar og sjá um daglegt starf deildarinnar frá áramótum.

Vallaskóli

Skólavistun Vallaskóla er til húsa í rúmgóðu og afar vel búnu húsnæði sem staðsett er við hlið skólans. Á deildinni dvelja að jafnaði rúmlega 100 börn. Í deildinni er lögð áhersla á að nemendur geti sinnt tómstundastarfi í tengslum við vistun.

Starfssvið og helstu verkefni.
- Umsjón með dagslegri starfsemi og rekstri deildarinnar í samráði við skólastjóra
- Umsjón með starfsmannahaldi deildarinnar
- Samskipti við foreldra ásamt kynningarmálum í samráði við skólastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla. Eyjólfur Sturlaugsson í síma 480 5800 eða netfangið eyjolfur@vallaskoli.is vegna Vallaskóla og Birgir Edwald í síma 480 5400 eða netfangið birgir@sunnulaek.is. vegna Sunnulækjarskóla

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar á heimasíðum viðkomandi skóla þ.e. www.vallaskoli.is og www.sunnulaekjarskoli.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist Eyjólfi Sturlaugsson skólastjóra eyjolfur@vallaskoli.is ef sótt er um starf Vallaskóla en Birgi Edwald skólastjóra birgir@sunnulaekjarskoli.is ef sótt er um starf Sunnulækjarskóla. Einnig er hægt að senda umsóknir á heimilisfang viðeigandi skóla.

3G Vertu með frá byrjun

NOVA er nýtt 3G félag sem mun brátt bjóða nýja tegund farsíma- og netþjónustu. 3G mun breyta því með hvaða hætti fólk á í samskiptum, miðlar upplýsingum og afþreytingu.

Vilt þú takast á við nýja og skemmtilega hluti og ganga til liðs við **NOVA**?

Við leitum að kraftmiklu og hressu fólki sem vill takast á við áskorun í starfi. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum **NOVA** ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G þjónustu fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á gott og skemmtilegt starfsumhverfi hjá nýju og spennandi fyrirtæki.

Verslun 565200

Í starfinu felst ráðgjöf og sala 3G þjónustu til viðskiptavina. Unnið er á vöktum sem miðast við opnunartíma verslunar. Mikilvægt er að ráðgjafar séu lífsglaðir, hafi jákvætt viðhorf, séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun og síðast en ekki síst hafi gaman af nýjungum og áhuga á tæknilegum framförum. Allir starfsmenn fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf. Einnig er leitað af ráðgjöfum í hlutastörf.

Sölu- og þjónustuver 565201

Í starfinu felst ráðgjöf og sala 3G þjónustu til viðskiptavina. Unnið er í vöktum sem miðast við opnunartíma sölu- og þjónustuvers. Mikilvægt er að ráðgjafar séu lífsglaðir, hafi jákvætt viðhorf, séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun og síðast en ekki síst hafi gaman af nýjungum og áhuga á tæknilegum framförum. Allir starfsmenn fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf. Einnig er leitað að ráðgjöfum í hlutastörf.

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Vinna.is www.vinna.is og í síma 511 1144.

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

NOVA

Kaupþing leitar að þér

Sölustjóri óskast til starfa í útibú Kaupþings í Kópavogi

Við leitum að söludrifnum einstaklingi með brennandi áhuga á markaðsmálum í starf sölustjóra í nýju húsnæði við Smáratorg. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að ná árangri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Sala á öllum þjónustuþáttum bankans til einstaklinga
- Skipulagning sölumála og miðlun upplýsinga innan útibúsins
- Markmiðssetning í samráði við þjónustustjóra og eftirfylgni til að ná sölumarkmiðum
- Tengsl við Sölu- og markaðssvið í höfuðstöðvum Kaupþings
- Almenn upplýsingagjöf og fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Ýmis önnur verkefni í samráði við útibússtjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af bankastörfum er æskileg
- Áhugi og þekking á sölu- og markaðsmálum og vilji og hæfni til að selja
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Mikilvægt er að viðkomandi geti leitt hópvinnu, sýnt frumkvæði og verið hvetjandi

Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00.

Gæðastjóri óskast til starfa á Viðskiptabankasviði Kaupþings

Viðskiptabankasvið veitir alla almenna bankaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi. Á sviðinu starfa um 450 starfsmenn, þar af tæplega 400 í útibúum bankans sem staðsett eru um land allt. Verið er að innleiða nýja og metnaðarfulla þjónustustefnu fyrir útibúin sem skila mun bankanum í fremstu röð á sviði þjónustugæða. Mikið kapp verður lagt á að þessu marki verði náð á næstu mánuðum.

Helstu verkefni gæðastjóra

- Umsjón og eftirfylgni þjónustustefnu
- Ábyrgð á þjónustukönnunum
- Umbótaverkefni á sviði þjónustu
- Samskipti við útibú og viðskiptavini
- Námskeið og fyrirlestrar
- Þróun á upplýsingatæknilausnum
- Ýmis önnur gæðaverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf eða víðtæk reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustjórnun og tæknimálum er kostur
- Skipulagshæfni
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt

Við bjóðum

- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi þar sem framtak einstaklingsins fær að njóta sín.

Nánari upplýsingar veitir Anna Þráinsdóttir á Starfsmannasviði, sími 444 6381, netfang anna.thrainsdottir@kaupthing.com.
Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2007. Umsækjendur sæki um á vefsíðu bankans: www.kaupthing.is.

KAUPÞING
Hugsum lengra

ENNEMM / SÍA / NM30281

Leitað er að stundvísri og nákvæmri manneskju.

Starfssvið:
- **Prófarkalestur**
- **Málfarsráðgjöf**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- **BA-próf í íslensku eða almennum málvísindum**
- **Almenn tölvuþekking**
- **Góðir samstarfshæfileikar**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Ástþrúður Sif Sveinsdóttir deildarstjóri flutnings- og þýðingadeildar 365 í síma 5125000. Umsóknir skal senda á astthrudur.sif.sveinsdottir@365.is

365 miðlar ehf. leita að prófarkalesara í fullt starf á sjónvarpssvið

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Víðistaðaskóli

Við íþróttahús Víðistaðaskóla eru lausar stöður starfsmanna við baðvörslu og almenn störf. Um er að ræða hlutastörf í dagvinnu sem henta vel fyrir fólk á öllum aldri af báðum kynjum. Allar upplýsingar veitir Anna Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í síma 595 5800og 664 5891, netfang annakr@vidistadaskoli.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

ATVINNA

Nettó Salavegi í Kópavogi óskar eftir starfsmönnum í almenn afgreiðslustörf frá 8:30-15:00

Einnig vantar okkur starfsmann í mjólkur og ostakæli auk annarra starfa.
Vinnutími samkomulag. Auk þessara starfa er möguleiki á helgar- og kvöldvöktum.

Aðeins þjónustulundaðir, hressir og drífandi einstaklingar koma til greina og eldri en 18 ára.

Upplýsingar gefur Gunnar Sigurbjörnsson verslunarstjóri í síma 698 7289

nettó

Sunnulækjarskóli
Skóli með áherslu á þróunarstarf og nýbreytni í starfsháttum auglýsir eftir starfsfólki

Kennarar þroskaþjálfar

Vegna fæðingarorlofa eru eftirtalin störf við Sunnulækjarskóla á Selfossi laus til umsóknar

- Umsjónarkennari í 7. bekk
- Þroskaþjálfi

Við Sunnulækjarskóla eru 340 nemendur í 1. - 7. bekk. Frekari upplýsingar má finna á vef skólans http://www.sunnulaekjarskoli.is og hjá skólastjóra, Birgi Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is.

Umsóknarfrestur er til 29. október 2007.

Umsókn sendist til skólastjóra Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1, Selfossi.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Sjúkraliði

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar eftir að ráða sjúkraliða eða starfsmann vanan umönnun í Þorrasel, dagdeild aldraða, Þorragötu 3.

Í starfinu felst öll almenn aðstoð við gesti dagdeildarinnar þ.a.m. böðun. Vinnutími er frá kl. 08.00-16.00 virka daga.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Þorrasel er dagdeild fyrir 40 aldraða einstaklinga þar sem fram fer skapandi og skemmtileg starfsemi.

Góð vinnuaðstaða í fallegu umhverfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar gefa Guðbjörg Ögmundsdóttir í síma 561 2828, netfang: gudbjorg.ogmundsdottir@reykjavik.is og Droplaug Guðnadóttir í síma 411 2700, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Ártúnsskóli

Sérkennarar - sérfræðingar

Laust er til umsóknar starf sérkennara/kennsluráðgjafa við sérhæfða fardeild sem veitir skólunum í Árbæ, Breiðholti og Grafarholti þjónustu. Starfstöð er í Ártúnsskóla.

Starfið felur í sér samstarf og teymisvinnu með kennurum, sálfræðingum og skólastjórnendum, við að finna lausnir á málefnum einstakra nemenda og nemendahópa í samstarfi við hlutaðeigandi skóla.

Leitað er að einstaklingi sem:
- Hefur menntun á sviði sérkennslu, uppeldis- og menntunar, námsráðgjafar eða sálfræði og fagþekkingu og reynslu á sviði atferlis- og/eða geðraskana barna
- Hefur þekkingu og reynslu af skólastarfi og stjórnsýslu
- Getur starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Býr yfir lipurð í samskiptum
- Getur aðlagað sig ólíkum aðstæðum
- Hefur áhuga á að vinna með öðru fagfólki á þverfaglegum grunni

Umsóknarfrestur er til 16. nóvember.

Umsóknir sendist í Ártúnsskóla, Árkvörn 6 110 R , eða á netfangið rannveig@artunsskoli.is Nánari upplýsingar veita Rannveig Andrésdóttir skólastjóri Ártúnsskóla s. 5673500 og Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla s. 6648265

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:
- Leikskólakennurum
- Þroskaþjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar
Brákarborg, Brákarsundi 1, sími 553-4748
Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185

Leikskólakennarar/leiðbeinendur
Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135
Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380
Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Furuborg, við Áland, sími 553-1835
Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125
Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040
Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Sérkennsla/ atferlisþjálfi
Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

Aðstoðarmaður í eldhús 50 %
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

STARFSMENN ÓSKAST
Lagerstarfsmenn.

Óskast til starfa sem fyrst.
Lyftararéttindi æskileg.
Áhugasamir sendi inn umsókn á
hjortur@plastprent.is
eða hafið samband við Hjört í síma 564 1990

Plastprent hf.
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600

Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfa 120 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis. Plastprent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum.
Plastprent er einnig með starfsemi erlendis þar sem starfa um 250 starfsmenn.

LANDSPÍTALI

Hjúkrunarfræðingar -dagvinna

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á lungnadeild A-6 og göngudeild A-3, Fossvogi.

Starfið felur í sér:
- móttöku og eftirfylgni við sjúklinga sem koma til greiningar, meðferðar og eftirlits vegna svefn háðra öndunartruflana.
- hjúkrun sjúklinga í öndunarvélum á lungnadeild m.a. þeirra sem eru háðir öndunarvél til fram búðar og útskrifast heim.

Lögð er áhersla á einstaklingahæfða og fjölskyldumiðaða hjúkrun. Þjálfun og kennsla umönnunaraðila er stór þáttur í starfinu.
Hjúkrunarfræðingar á svefnrannsóknareiningu starfa í teymi með læknum, tæknimönnum og sjúkraliðum. Unnið er í dagvinnu.
Um er að ræða starf sem krefst sjálfstæðra vinnubragða og hæfileika til að vinna í hópi. Grunnfærni í tölvunotkun er nauðsynleg.
Skemmtilegt, gefandi og krefjandi starf fyrir þá sem geta unnið sjálfstætt og vilja taka þátt í uppbyggingu og þróun nýrra verkefna. Jákvætt andrúmsloft þar sem rannsóknir og nýjungar eru hluti af daglegu starfi.

Umsóknir berist fyrir 5. nóv. 2007 til Öldu Gunnarsdóttur, deildarstjóra A-6, netfang: aldagunn@landspitali.is, símar 543 6677, 825-5037 og veitir hún upplýsingar ásamt Björgu Eysteinsdóttur, hjúkrunarfræðingi í síma 543 6673.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining auglýsir eftir duglegum og sjálfstæðum einstaklingum til starfa í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda

Sérfræðingur á erfðarannsóknasviði (GMT)

Research Associate in Genomics and Molecular Technologies

Starfið felst í rannsóknum á tjáningu gena og próteina í frumum/frumulínum. Meðal verkefna eru frumuvinna, próteinvinna, tjáningartilraunir auk vinnu með mótefni og genaferjur. Öll störf í deildinni eru unnin í hópum sem starfa saman að ákveðnum verkefnum í samvinnu við aðra sérfræðinga og hópstjóra Íslenskrar erfðagreiningar.

Hæfniskröfur

Hæfniskröfur: Háskólapróf (B.Sc. eða M.Sc) í sameindalíffræði, lífefnafræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu og frumulíffræði er nauðsynleg og reynsla af vinnu með frumulínur er kostur. Við leitum að duglegum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, skipulagður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Sérfræðingur á erfðarannsóknasviði (GSF)

Research Associate in Genetic Service Facility

Starfið felst í uppsetningu og framkvæmd rannsókna sem miða að því að þróa greiningaraðferðir og auka skilvirkni og gæði framleiðslu í þjónustu-deild erfðarannsóknasviðs. Starfið felst einnig í skipulagningu, mati á vinnuaðferðum og innleiðingu nýrra greiningaraðferða sem tengjast vinnuferlum, gæðaeftirliti og þeirri þjónustu sem deildin veitir á sviði mannerfðafræði.

Hæfniskröfur

B.Sc. í líffræði, lífefnafræði eða efnafræði auk reynslu af starfi á rannsóknarstofu. Við leitum að metnaðarfullum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, þjónustulundaður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Aðstoðarmenn á rannsóknarstofu

Research Assistants – Genetic Services

Um er að ræða störf við undirbúning sýna og umsjón rannsóknatækja í grunnframleiðsludeildum fyrirtækisins. Störfin eru krefjandi og áhugaverð en á rannsóknastofunni eru búin til lykilgögn fyrir erfðafræðirannsóknir fyrirtækisins.

Hæfniskröfur

Hæfniskröfur eru stúdentspróf eða sambærileg menntun, góð almenn tölvukunnátta og a.m.k. 1-2ja ára starfsreynsla af vinnumarkaði. Um er að ræða framtíðarstörf og verður einungis í ráðið í fullt (100%) starf.

Starfsmaður á dýratilraunastöð

Research Assistant – Drug Discovery/Animal facility

Starfið felst í aðstoð við dýratilraunir og mun starfsmaður hljóta sérstaka þjálfun fyrir starfið. Hluti af starfinu (um 20%) er fólginn í umsjón með tilraunadýrum.

Hæfniskröfur

Menntun á sviði líffræði er æskileg og reynsla af vinnu við tilraunadýr eða á dýratilraunastöð er kostur. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að læra nýja hluti, er stundvís og skipulagður og getur unnið sjálfstætt.

Sérfræðingur á Tölfræðisviði

Research Scientist/Associate - Statistics Department

Starfið felur í sér tölfræðilega úrvinnslu gagna í tengslum við sjúkdómaverkefni og þróun nýrra tölfræðiaðferða við þá úrvinnslu. Vinnan felst meðal annars í útreikningum á sambandi stakra erfðamarka og haplótýpa við svipgerðir, arfgengi og erfðafræðilegri áhættu skyldmenna, tengslagreiningu, tengslaójafnvægi, samverkandi áhrifum milli sjúkdómsgena og erfðum magnbundinna eiginleika. Starfsmenn á tölfræðisviði koma einnig að gæðastjórnun á framleiðslu gagna, sem og undirbúningi einkaleyfaumsókna og vísindagreina til birtingar í alþjóðlegum vísindatímaritum. Að mestu er unnið í Linux stýrikerfi með forritum sem þróuð hafa verið innan deildarinnar.

Hæfniskröfur

Leitað er eftir fólki með M.S. eða Ph.D. gráðu í tölfræði, líftölfræði eða á skyldum sviðum. Þekking á skeljaforritun og forritun í C++, C, S-Plus/R, Python *og Perl er mikill kostur.*

Verkefnisstjóri í Smitsjúkdómadeild

Project leader – Infectious Diseases

Við leitum að vísindamanni til að leiða verkefni innan smitsjúkdómadeildar sem hafa það að markmiði að einangra og rannsaka frekar erfðabreytileika sem tengjast smitsjúkdómum. Við rannsóknirnar eru tvinnaðar saman aðferðir sameindalíffræði, tölfræði, erfðafræði og lífefnafræði. Unnið er í hópum í náinni samvinnu erfðarannsóknasviðs við aðrar deildir fyrirtækisins sem og stofnanir og háskóla í Bandaríkjunum, Evrópu, Afríku og Asíu.

Hæfniskröfur

Háskólapróf (Ph.D. eða M.D.) í sameindalíffræði, lífefnafræði, læknisfræði, tölfræði og stærðfræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu er nauðsynleg. Við leitum að öguðum, duglegum og sjálfstæðum einstaklingi sem vinnur vel í hóp

Verkefnastjóri á styrkjasviði

Project Manager – Non-commercial Contracts

Vegna vaxandi umsvifa leitum við að einstaklingi með þekkingu á verkefnastjórnun til starfa á styrkjasviði ÍE við fjármögnun og framkvæmd rannsóknaverkefna fyrirtækisins.

Helstu verkþættir

Rekstur rannsóknaverkefna í samvinnu við vísindalega stjórnendur þeirra. Samskipti við erlenda og innlenda samstarfsaðila í styrktum verkefnum. Umsókna- og skýrslugerð, og undirbúningur funda. Tengsl við erlendar og innlendar stofnanir og styrkjaveitur.

Viðkomandi þarf:

- að hafa háskólapróf B.Sc./M.Sc. í raunvísindum, verkfræði, *viðskiptafræði eða fjármálum*
- að hafa starfað við verkefnaumsjón og áætlanagerð
- að kunna að nota tölvutækni til verkefnastjórnar (t.d. Excel *og Microsoft Project)*
- að vera skipulagður, ákveðinn og góður í samskiptum
- að hafa mjög gott vald á ensku.

Umsækjendur um sérfræðingsstöður eru beðnir að láta fylgja með umsókn stutt yfirlit um reynslu af rannsóknarstörfum, þ.m.t. aðferðir sem notaðar voru, auk lýsingar á áhugasviði.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður E. Guðlaugsdóttir Starfsmannastjóri ÍE careers@decode.is eða má finna á www.decode.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma og býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍE og hjá Starfsmannaþjónustu ÍE: careers@decode.is / 5701900.

Matreiðslunemi óskast á Hótel Sögu

Okkur á Hótel Sögu vantar matreiðslunema í liðsheild okkar.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 820 9919 virka daga milli kl. 10 og 14, eða í tölvupósti
karl.davidsson@radissonsas.com

Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótel byggt á sígildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótel í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 100 starfsmenn.

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

PIPAR • SÍA • 72056

PÓSTURINN
allur pakkinn

Bílstjórar

– vaktavinna eða hlutastarf á kvöldin

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi eða hlutastarfi á kvöldin.

Hæfniskröfur:
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Linda Björk Jónsdóttir
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

Borgun Hugbúnaðarsérfræðingur

Upplýsingatæknisvið leitar eftir tölvunarfræðingi, kerfisfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun, sem er tilbúinn til þess að takast á við krefjandi verkefni í framsæknu umhverfi.

Helstu verksvið og ábyrgð
- Þróun og viðhald á nýju upplýsingakerfi Borgunar
- Þjónusta við notendur
- Bakvaktir

Menntunar- og hæfniskröfur
- Alhliða þekking og reynsla í forritun í vefviðmóti með Java/JSF/Vefþjónustum
- Góð þekking á gagnagrunnum
- Gott vald á enskri tungu
- Metnaður til að ná miklum árangri í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hafa frumkvæði og eiga auðvelt með að vinna í hóp

Í nýju upplýsingakerfi félagsins er stuðst við hugbúnaðarferli IBM Rational,Rational Unified Process, DB2 gagnagrunn, Java/JSF/Vefþjónustur og IBM iSeries.

Umsóknir
Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergþóra K. Ketilsdóttir, forstöðumaður Upplýsingatækni, netfang bkk@borgun.is, sími 560 1600.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir á www.borgun.is/starfsumsokn
Umsóknarfrestur er 28. október.

Um Borgun hf.

Borgun hf. starfar á sviði greiðslumiðlunar og er leiðandi í þróun viðskiptalausna og þjónustu við korthafa og banka og sparisjóði sem gefa út MasterCard og Maestro greiðslukort.

Fyrirtækið er einnig í fararbroddi í þjónustu við seljendur sem veita MasterCard, Maestro, American Express, JCB og DinersClub greiðslukortum viðtöku.

Fyrirtækið hefur sterk alþjóðatengsl og hefur sett sér að vera eftirsóttasti samstarfsaðili Íslands á sviði greiðslumiðlunar og tengdrar starfsemi.

Borgun hf. er reyklaus vinnustaður.

Borgun hf. • Ármúla 30 • IS-108 Reykjavík • s. 560 1600 • f. 560 1601 • kt. 440686-1259 • borgun@borgun.is • www.borgun.is

RÁÐGJAFAR
VIÐSKIPTARÁÐGJÖF
GARÐASTRÆTI 36
101 REYKJAVÍK
SÍMI 544 2400
WWW.RADGJAFAR.IS

Meðeigandi/starfsmaður

Leitum að meðeiganda sem jafnframt verður starfsmaður í þekktri barnafataverslun í Kringlunni. Verslunin hefur starfað í nokkur ár og stundar innflutning og smásölu á þekktum vörum. Til greina kemur að selja allan reksturinn. Gott tækifæri fyrir vanan aðila. Miklir stækkunar og framtíðarmöguleikar.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við fulltrúa Ráðgjafa ehf. í síma 544 2400

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

Heilsugæslulæknir

Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir sérfræðingi í heimilislækningum í fullt starf. Um er að ræða nýja stöðu læknis. Áhugavert starf á heilsugæslustöð í nýju og vaxandi íbúahverfi.
Sveigjanlegt starfs- og launafyrirkomulag.

Umsóknarfrestur ert til 1. des. n.k.
Upplýsingar um starfið veita læknarnir Böðvar Örn Sigurjónsson og Haukur Valdimarsson í síma 590-3900.

Umsóknir sendist Hauki Valdimarssyni, yfirlækni Heilsugæslunni Salahverfi,
Salavegi 2,
201 Kópavogi

www.mos.is
MOSFELLSBÆR
Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Styrkumsóknir

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði fjölskyldu-þjónustu í Mosfellsbæ.

Umsóknir skulu berast Þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, 1. hæð, á þar til gerðum eyðublöðum í síðasta lagi 30. nóvember 2007. Eyðublöðin má nálgast í Þjónustuverinu og á heimasíðu bæjarfélagsins www.mos.is/tilkynningar

Umsóknir sem berast eftir þann tíma hljóta að jafnaði ekki afgreiðslu. Aðilar sem fengu styrk á síðasta ári þurfa að skila inn greinargerð um ráðstöfun hans.

Afgreiðsla styrkumsókna fer fram fyrir lok mars 2008.

Forstöðumaður fjölskyldusviðs

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Kennarastaða á unglingastigi

Kennarastaða við Lundarskóla er laus vegna fæðingarorlofs frá 1. desember. Því vantar okkur umsjónarkennara á unglingastig út skólaárið. Kennslugreinar danska og íslenska.

Upplýsingar veitir Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, skólastýra (thelga@akureyri.is) eða Gunnar Jónsson aðstoðarskólastjóri (gunnarj@akureyri.is) í síma 462-4888.
veffang: http://www.lundarskoli.akureyri.is/

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í störfin. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar:
www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 5.nóvember 2007.

Viltu vinna með okkur ?

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili fatlaðs fólks að Svöluási í Hafnarfirði.

Helstu verkefni:
- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:
- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

Í boði er:
- Spennandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 5.nóvember nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Rafport

Sölumaður / rafvirki

Óskum eftir sölumanni / rafvirkja
Starfið felur í sér sölu á raflagnaefni af öllu tagi ásamt ráðgjöf. Skilyrði er að viðkomandi sé rafvirki eða með haldgóða þekkingu á raflagnaefni. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem getur hafið störf sem fyrst.
Við bjóðum skemmtilegt starfsumhverfi í samheldnum hópi yngri og eldri starfsmanna.

> **Áhugasamir hafi samband við Jón Þór í síma 897 7383 eða sendi umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið jonthor@rafport.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Vigdísi segist svo frá að hún hafi unnið útvarpsþætti með Þorleifi Friðrikssyni sagnfræðingi þar sem þau töluðu við fólk, sögumenn: „Þorleifur þekkti til Bíbíar, við fórum til hennar og hún sagði okkur af sér, en það var bara yfirborðið, það var margt svo djúpt þarna niðri. Ég heillaðist af henni. Þetta var í febrúar 2006. Svo ég sendi henni tölvupóst og bað hana að hitta mig en fékk engin svör, aftur sendi ég henni boð en ekkert svar kom frá henni. Svo ég hringdi í hana. Hún svaraði ekki símanum en eftir nokkrar tilraunir tókst mér að ná í hana og fá hana til að hitta mig. Við hittumst á Hótel Borg og ég spurði hvort ég mætti skrifa ævisögu hennar.“ Hvernig varð almúgakonu við þegar viðurkennd og virt skáldkona vildi skrifa ævisögu hennar? „Hún sagðist hafa vitað það: Þessu er sennilega ætlað að verða.“

„Þú mátt nota þetta að vild,“ segir fólk við Vigdísi Grímsdóttur. Eftir feril sem sagna- og ljóðskáld snýr hún sér að ævisöguforminu til að segja söguna af Bíbí. MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þú hefur áður verið að fjalla um fólk sem er í jaðrinum í fleiru en einu tilliti, þessa sem hafa næmari skynjun en fólk hefur flest, fólkið sem er yst í samfélaginu, þá sem hrekjast,“ segi ég. „Við þekktumst ekki ég og Bíbí,“ segir hún, „þegar við vorum í Laugarnesskólanum. Foreldrar mínir voru ekki þannig fólk að þau færu í manngreinarálit, en það þurfti ekki. Krakkarnir úr Múlakampinum sáust ekki. Börnin úr þessum stöðum þar sem fátæklingar Reykjavíkur bjuggu, gömlu braggahverfunum, voru ekki falin. Þau sáust ekki.“

Kröpp kjör

Sagan af Bíbí er ekki aðeins saga af einstökum gáfum, hún er líka saga mikilla erfiðleika og áfalla. „Leggst það í leggi?“ spyr ég og hún misskilur mig, heldur að ég sé að spyrja um skyggnigáfuna. Mamma hennar...“ byrjar hún. Nei, þetta með þessi miklu örlög, áföllin, erfiðleikana,“ segi ég. „Lágstéttin á Íslandi bjó við miklu erfiðara líf, sárari vonbrigði, minni hamingju, en þeir sem höfðu það skár,“ segir Vigdís. „Við erum öll komin þaðan en viljum ekki vita af því, ekki þekkja það hvernig ástandið var. Við erum ekki komin af svoleiðis fólki, ekki við í útrásinni.“ „Með eymd í arf,“ hugsa ég. Leggst það líka í legginn, erfðina eins og svo margt annað, lundernið, líkamsbyggingin, gallarnir. Sagan af Bíbí dregur ekki dul á þá hugmynd að skyggnigáfa erfist, hún hvíli í ættum. Það er kunnugt minni í munnlegri geymd þjóðarsálarinnar: forspárgáfa, berdreymni, skyggni á áru manna og birtu. allt eru þetta þroskaðri hæfileikar en hversdagslegri birtingarmyndir innsæis: hinir forvitru í viðskiptum státa stundum af slíkri tilfinningu fyrir óorðnum hlutum, þeir finna á sér: „Það er eitthvað meira, allt lífið er bara orka í mismunandi formum,“ segir Vigdís og klappar létt á borðið, „ekki bara þetta.“

Reiðarslag

Vigdís segir samstarf þeirra Bíbí hafa farið hægt af stað, en smátt og smátt vaxið traust milli þeirra og þá segist Vigdís hafa vitað að hér væri á ferðinni meira söguefni en hana hefði áður órað fyrir. Er lífið ekki svoleiðis að hjá öllum eru örlögin, lífið, flókin og margbreytileg þótt allt sýnist slétt og hversdagslegt? En þá tóku þær sér hlé.

Vigdís hélt utan, hún sagðist hafa haldið að það gerði sér gott að fá smá fjarlægð á efnið. Erlendis veiktist Vigdís heiftarlega: „Við skulum ekki tala mikið um það,“ segir hún. „Þú varst lífshættulega veik,“ segi ég og hún jánkar því. Hún fékk heilahimnubólgu og mátti þola hægan bata. Um tíma var tvísýnt hvort hún næði sér og fengi fullan mátt til frekari skrifa. „Ég man ekki mikið frá þessum veikindum,“ segir hún. „Það sem ég man skýrast er að ég var utan við líkama minn og horfði á mig og Bíbí fór um mig höndum, gaf mér ljós og orku, læknaði mig. Rétt eins og hún hefur læknað margt fólk í þessu samfélagi af öllum stéttum. Við ákváðum strax að láta þetta ekki vera svoleiðis bók að fólk vitnaði um hvernig Bíbí hefur hjálpað því.“

Hlið að öðrum heimi

Við erum komin að þröskuldi, nýr gangur er opinn og hann verðum við að fara: „Þú sjálf, sérðu?“ spyr ég. „Það er bara smávegis,“ segir Vigdís án þess að láta sér bregða, „helst liti, einstaka látinn mann.“ „Nafnkunnan,“ spyr ég. „Já,“ svarar hún og eins og ekkert sé sjálfsagðara segi ég henni frá minni einu reynslu. Við erum að komast á trúnó. Áður en ég veit af er hún byrjuð að láta mig tala um mig, ekki sig. Eftir nokkra stund hef ég lagt spilin á borðið. Ætli hún hafi þessa gáfu svona sterka eða seiði fram ævina frá vandalausum, er það galdurinn á bak við skáldgáfu Vigdísar, óseðjandi forvitni til að finna efnin í nágrenni sínu, draga fram sögurnar og gera þær að sínu efni. Ljóst er af bókinni um Bíbí að hún hefur mátt ganga býsna langt: „Satt að segja fannst mér þetta svo vandmeðfarið efni að ég gæti seint komið því til skila,“ segir hún. „Á endanum varð ég að sleppa mörgu.“

Gæska og grimmd

En sagan af Bíbí er ekki bara saga af barni, ungri stúlku, ungri móður, eiginkonu og dóttur. Hún er líka saga af hrakningum sem vekja lesanda undrun í öryggi ljóss og birtu. Lífshlaup Bíbí er rakið frá Blesugróf um Múlakamp suður í Kópavog og þá eru áfangastaðirnir fæstir taldir: Frómur flækist víða. Vigdís segir það öðrum þræðinum meginefni verksins: hvernig gat manneskja þolað slíkar raunir og staðið eftir björt og glöð: „Hún er góð manneskja.“

Raunar hefur söguefni Vigdísar í öllum hennar ferli borið þau einkenni, andstæður gæsku og illsku, sakleysis og skaða. Persónulegur tónn hennar hefur styrkst með árunum, litbeiting hennar og stíll sem í senn er lokkandi og heillandi, slægur og fullur af björtu sakleysi. Skuggahliðarnar í sögum hennar sækja stöðugt á ljósið: „Myrkur er í okkur öllum,“ segir hún og drepur fingurgómum á hjartastað. „Eins og Guðrún Helgadóttir sagði við okkur einu sinni: Krakkar mínir, við erum öll að skrifa um okkur sjálf, við bregðum okkur í annarra líki.“

Kannast hún ekki við að hafa dvalið oft við skuggahliðarnar? „Jú,“ segir hún og brosir með sjálfri sér, „en nú er ég farin út úr myrkrinu.“

> Við erum öll komin þaðan en viljum ekki vita af því, ekki þekkja það hvernig ástandið var. Við erum ekki komin af svoleiðis fólki, ekki við í útrásinni.

„Ein glæsilegasta bókmenntafrumraun síðustu ára“

The Times

Suleiman er níu ára drengur sem býr í Trípólí undir ógnarstjórn Gaddafis einvalds í Líbýu á áttunda áratugnum. Einn daginn er nágranni fjölskyldunnar dreginn á brott af svartklæddum útsendurum Gaddafis og smám saman rennur upp fyrir Suleiman að þeir hafa líka illan bifur á föður hans.

„Meistaralega skrifuð, lýsandi, ljóðræn og nosturslega ofin.“

Times Literary Supplement

„Gríðarlega sorgleg saga af ást og missi ... frábærlega skrifuð.“

The Scotsman

„Hisham Matar finnur fegurð í lamandi ótta og missi.“

Publishers Weekly

Hvernig finnum við kjark til að vera sjálfum okkur trú

– jafnvel þótt við séum ekki viss um hver við erum?

Þetta er grundvallarspurningin í nýrri, djúpsærri sögu eftir metsöluhöfundinn Paulo Coelho, *Nornin í Portobello*. Þetta er sagan um leyndardómsfulla konu, Aþenu að nafni, sögð af þeim mörgu sem þekktu hana vel – eða lítið sem ekkert.



JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

Nornin í Portobello er eins og *Alkemistinn* saga sem gerbreytir hugmyndum lesandans um ást, ástríðu, gleði og fórnir.

Er ekkert mjög
MENNINGARLEGA SINNAÐUR

Nýtt skáldverk eftir Gyrði Elíasson leit dagsins ljós í vikunni. Í samtali við Menningarblað Fréttablaðsins ræðir Gyrðir Sandána, sandárin, samband hans við bækur og hvers vegna hann kann best við sig í menningarleysi svokölluðu.

BÓKMENNTIR
BERGSTEINN SIGURÐSSON

Ný bók eftir Gyrði Elíasson kom út í vikunni, Sandárbókin. Í henni segir frá fráskildum listmálara sem heldur austur í Þjórsárdal, kemur sér fyrir í hjólhýsabyggð og ætlar að mála tré. Titillinn vísar í senn til Sandárinnar, sem rennur í Þjórsárdal, og þess sem á undan er gengið í lífi listamannsins – sandáranna.

Sagan fjallar öðrum þræði um vanmátt. „Sköpun hvers listaverks er greidd dýru verði, í þeim gjaldmiðli sem er verðmætastur allra, mannlegri nánd," segir í bókinni. Listamaðurinn stendur frammi fyrir því að hafa kosið sér ævistarf sem hefur knúið hann í félagslega einangrun og er harla fánýtt ofan í kaupið. Á kápu bókarinnar segir að kannski hafi Gyrðir „aldrei skrifað jafn sterka og áleitna sögu, sem jafnfram er um margt aðgengilegri en fyrri verk hans". Að lestri loknum læðist tilfinning óneitanlega líka að manni að ef til vill hafi hann aldrei skrifað persónulegri sögu.

„Kannski er hún það að vissu leyti," segir Gyrðir. „Maður finnur þetta á eigin skinni eftir því sem árin líða, það er alveg rétt. En ég hef líka verið að velta fyrir mér almennu hlutverki lista í dag og útfæri það í þessari persónu; hvernig þrengt er að listum og þær á vissan hátt einangraðar frá þeim áhrifamætti sem þær höfðu í samfélaginu áður."

Veit sjaldnast hvað kemur næst

En sagan gerist á ákveðnum stað, austur í Þjórsárdal. Þar er þetta skóglendi og hjólhýsabyggð sem ég styðst að mestu leyti við. Ég kom á þennan stað fyrst fyrir nokkrum árum og heillaðist af honum. Síðan hef ég farið þangað oft og þetta mótaðist smátt og smátt. Fyrst sá ég þetta sem óskilgreint sögusvið, síðan kom það hægt og hægt hvers konar saga myndi fara þarna fram, en mestan part var það óljóst þangað til ég byrjaði að skrifa hana. Að því leyti er þessi bók ekkert sérstaklega ólíkt unnin og aðrar bækur mínar. Ég get aldrei sest niður og sagt að nú ætli ég að skrifa um hitt eða þetta. Hver lína leggst niður en svo sér maður heildarsvipinn eftir á. Bækurnar eru aldrei fyrirfram mótaðar, það er eitthvað sem á ekki við mig. Ég veit að aðrir vinna þannig og það er gott og gilt fyrir þá en ég hneigist meira til að skrifa eins og ég sé nánast að lesa bókina. Ég veit sjaldnast alveg hvað kemur næst."

Að halda textanum á lífi

Gyrðir hóf rithöfundarferil sinni sem ljóðskáld og skáldsögur hans bera þess skýr merki. „Ég hef oft sagt að mín aðferð við að skrifa laust mál sé það nálægt ljóðinu að það séu ekki afgerandi skil á milli. En það getur alveg tekið sinn tíma að skrifa stuttar bækur rétt eins og langar bækur. Öll vinnan sem felst í að fara í svona texta eftir á liggur í því að halda honum lifandi, passa sig á að drepa hann ekki með ofvinnslu heldur einmitt að halda lífinu í honum. Þetta er annað vinnuferli og ég held að höfundar sem skrifa bækur af þessu tagi séu bara annars konar persónuleikar, þetta er annar „skóli". Það er mér ekkert kappsmál að þetta séu kallaðar skáldsögur, ef mönnum finnst of mikið í það lagt. Þetta liggur kannski þarna á milli langrar smásögu – nóvellu – og skáldsögu."

Annað höfundareinkenni Gyrðis er að hlutirnir eru sjaldnast sagðir berum orðum. „Mér hefur verið legið á hálsi fyrir að vera of dulur," segir hann og kímir, „að ég vilji láta lesa ofan í einhverja dýpri merkingu. Ég er ekkert svo meðvitaður um það, ég skrifa bara eins og mér segir hugur um að ég eigi að gera um það sem leitar á mig. Ég verð einfaldlega að skrifa eins og ég er og það verður að hafa það þó að það henti ekki öllum."

Háður bókum

Gyrði hugnast ekki að vera talinn – stimplaður öllu heldur – stílisti fyrst og fremst, sem stundum hefur verið gert. „Já, ég er svolítið mótfallinn því vegna þess að orðið stílisti hefur verið misnotað. Margir nota það, finnst mér, til að staldra við á yfirborðinu hjá höfundi og fara ekki dýpra. Að sumu leyti er það orðið notað sem smækkunarending á höfundi. Fyrir mér er stíll ekkert annað en það sem kemur mönnum nær hinu raunverulega innihaldi þess sem verið er að segja. Jú, hver höfundur hefur sína orðnotkun og sína nálgun. En eins og frægur maður sagði snýst stíll eingöngu um að setja rétt orð á réttan stað."

Gyrðir lærði að lesa fjögurra ára og tók frá upphafi ástfóstri við allt lesmál. Bækur sem honum líkar verður hann að eiga. „Ég mynda þannig samband við þær. Sumir vilja meina að þetta sé spurning um að vera háður bókum, það má vera. Það er eins og ýmislegt annað – maður lætur það yfir sig ganga. Þetta er ekki verri fíkn en hvað annað að minnsta kosti."

Hann á aftur á móti í öðru sambandi við eigin bækur, sem hann kveðst ávallt vera ósáttur við. „Og það verður bara verra með árunum. Eftir því sem bókunum fjölgar því ósáttari verð ég. Ég les þær ekki aftur og má varla sjá þær."

Hann liggur á textanum eins lengi og hann getur áður en hann skilar honum til útgefanda. „Það getur verið erfitt að skera úr um hvenær verki er lokið en maður finnur samt oftast hvenær það er kominn tími til að láta það af hendi. Það er alltaf þessi hætta á að ofvinna, fara of langt. Bók er hvort sem er aldrei fullgerð ef út í það er farið. Það er engin bók fullkomin, og verður aldrei. Það væri held ég hræðilegt ef út kæmi fullkomin bók."

Áhrif æskustöðvanna

Náttúran skipar iðulega stóran sess í verkum Gyrðis. Á því er Sandárbókin engin undantekning og kallast um margt á við síðustu skáldsögu hans, Hótelsumar, frá 2003. Þar var sögusviðið æskustöðvar skáldsins á Sauðárkróki, sem hann segir að hafi ávallt málað verk hans sterkum litum. „Ég held að það fari ekkert hjá því að allt umhverfi sem höfundur elst upp í móti hann á hvern hátt sem er, hvort sem það er gott eða slæmt."

Á Sauðárkróki var mikið skáld, Geirlaugur Magnússon, sem hafði töluverð áhrif á Gyrði – bein og óbein. „Hann kom með mikið bókasafn á Krókinn sem hann leyfði mér að ganga í að vild. Svo auðvitað hafði hans skáldskapur áhrif á mig og hans viðhorf til ljóðlistar og skáldskapar, það kveikti í mér og hvatti og hafði vissulega áhrif. En aðaláhrifavaldur minn hefur líklega verið faðir minn."

Það var upp úr tvítugu sem Gyrðir tók þá ákvörðun að leggja fyrir sig ritstörf, þótt ýmislegt annað hafi einnig komið til greina. „Ég fór í Kennaraháskólann og fáeinar vikur í bókmenntafræði. Ég var ekkert endilega þá að spá í rithöfundarstarfið sjálft heldur eitthvað tengt bókmenntum. Myndlistin var einn möguleiki, ég hafði á tímabili hug á því. Ég fann bara að ég hafði ekki hæfileika í það þannig að ég hvarf frá því. Bróðir minn er málari og mér fannst líka nóg að hafa tvo myndlistarmenn í fjölskyldunni. En það var sem sagt ýmislegt sem kom til greina."

Togstreitan við landið

Gyrðir flutti til Reykjavíkur, sem reyndist honum að eigin sögn erfitt. „Og finnst reyndar enn erfitt að samsama mig þessu samfélagi. Ég held mig vanti meiri náttúrutengingu. Ég hef alltaf haft sterka þörf fyrir sambýli við landið og þessi togstreita er alltaf hluti af því sem ég skrifa."

Gyrðir Elíasson rithöfundur „Það fer heldur ekkert hjá því að mér finnst ég ekki eiga heima í því samfélagi þar sem þeir hlutir eru efst á baugi sem nú eru."

Sögumanni Sandárbókarinnar líður ekki vel í mannfjölda og það liggur beinast við að rekja þann eiginleika beint til höfundarins. „Já, mögulega. Ég vil til dæmis frekar hlusta á tónlist heima hjá mér heldur en fara á tónleika. Ég er ekkert mjög menningarlega sinnaður í borgaralegum skilningi. Það fer heldur ekkert hjá því að mér finnst ég ekki eiga heima í því samfélagi þar sem þeir hlutir eru efst á baugi sem nú eru, neysluhyggja og auðmannadýrkun. Það leitar vissulega á hugann hvaða afstöðu samfélagið hefur til þeirrar listar sem mér finnst einhvers verð. Þá á ég ekki við sjálfan mig heldur aðra listamenn sem ég tel að eigi það nafn skilið."

Það hefur þó aldrei hvarflað að honum að yfirgefa landið. „Nei, ég hef engan áhuga á því. Ætti ég að yfirgefa Reykjavík færi ég bara út á land. Ég þrífst mjög vel í menningarleysi – svokölluðu. Mér finnst það talsvert heiðarlegra en „menningarsamfélag" sem bítur í skottið á sér og tekur sjálft sig mjög hátíðlega. Á sumrin nota ég tækifærið og ferðast um landið og sæki mér þann innblástur sem ég þarf."

Fleira en pólitík hefur áhrif

Undirtónninn í verkum Gyrðis er jafnan þungur, jafnvel nístandi, auk þess sem oft má greina samfélagslegan brodd. Hann fer aftur á móti aldrei alla leið upp í ræðustól og predikar um böl og meinsemdir samfélagsins. „Það þýðir ekki að ég hafi ekki skoðanir á þessum hlutum, þær koma fram undir niðri, en mér finnst skáldskapur og samfélagsleg predikun ekki endilega eiga samleið. Það er svo margt annað í lífinu og veruleikanum en ástand heimsins í pólitískum skilningi sem mótar líf okkar og hefur áhrif á tilveruna. Mér finnst að einhverjir verði líka að beina sjónum að því. Að sumu leyti eru blaðamenn, félagsfræðingar, og stjórnmálafræðingar betur til þess fallnir að bölsótast yfir gangi veraldarinnar. En það þýðir ekki að höfundur sé skoðanalaus. Skoðanir hans koma bara ekki fram eftir lögmálum blaðamennsku."

Gyrðir hefur ávallt verið höfundur fárra og finnst ekki mikilvægt að tróna á toppi metsölulista. Hann játar þó að þessu fylgja ókostir. „Nei, það er í sjálfu sér ekkert atriði. En ég þykist samt greina að minn lesendahópur hafi dregist nokkuð mikið saman undanfarin, prósabækurnar séu komnar alveg niður í tvö til þrjú hundruð eintök, sem er eins og sala á ljóðabók." Hann neitar því ekki að þetta hafi áhrif á hann. „Það hlýtur að gera það. Jafnvel þótt maður viti að maður skrifi bækur sem höfða ekkert endilega til margra, þá getur það reynst höfundi erfitt að vita að lesendur eru mjög fáir. En ég held mínu striki.

Þetta skýrist kannski meðal annars af því að það eru allt aðrir hlutir upp á borðinu í dag en þeir sem ég er að gera. Hið hráa raunsæi er fyrirferðarmikið og nýtur mikillar virðingar. En raunsæi í skáldskap er aðeins ein aðferð til að takast á við veruleikann og ekkert endilega sú besta. Ég held það hafi verið Wallace Stevens sem sagði að raunsæi í skáldskap væri hnignun veruleikans."

Gyrðir segir að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því að hann sagði skilið við Eddu útgáfu og sneri sér til Kristjáns Kristjánssonar og forlags hans Uppheima. „Mér finnst metsöluslagsíðan orðin ansi sterk hjá stóru forlögunum. Mér fannst gott að sjá þarna mann uppi á Skaga sem hugsaði um annað en sölutölur og vildi gefa út bækur sem hann hafði áhuga á framar öllu."

Nauðsynlegt að staldra við

Gyrðir vinnur jöfnum höndum með ljóð, prósa og þýðingar. „Sá ryþmi er ágætur – að fara úr sjálfum sér og í verk annarra. Það er líka lærdómsríkt að kynnast verkum annarra, að fara nánast ofan í hvert einasta saumspor, auk þess sem þetta er alltaf góð þjálfun í sínu eigin tungumáli."

Á milli verka þarf hann alltaf að láta vissan tíma líða, „láta renna í," eins og hann kallar það, sérstaklega í seinni tíð. „Ekki það að mér liggi minna á hjarta – þvert á móti. Hins vegar breytist aðferðin og tjáningin; hugsanlega gerir maður öðruvísi kröfur um framsetningu gagnvart sjálfum sér. Það er heldur ekki nóg að skrifa látlaust. Ég held að hver höfundur þurfi líka að gefa sér tíma til að staldra við og athuga hvar hann er staddur. Það er líka hluti af þessu. Að hugsa."

Villibráðarhlaðborð

18. október - 21. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.
Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.

Verð 6.590 kr.

Tilboð mánudaga - miðvikudaga: 5.590 kr.

Hringbrot

Jólahlaðborð

22. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 6.250 kr. ***Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.***

Skötu- og jólahlaðborð

Þorláksmessa, í hádeginu

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá er boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

PERLAN

Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

MANNKYNSSAGAN MOLNAR

Á síðustu fjórum árum hefur forn atvinnugrein, safna- og fornleifarán, þróast með slíkum ágætum austur í Mesópótamíu, að sumir eru jafnvel stoltir af. Fagmenn tæma söfn og þefa uppi ævafornar rústir í söndum landsins til að selja með leynd auðugum söfnurum í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu og öðrum Mið-Austurlöndum.

FORNLEIFAR RAGNHEIÐUR GYÐA JÓNSDÓTTIR

Bandarískur hermaður gengur hjá veggmynd í Þjóðminjasafni Írak. Þúsundir fornminja hafa horfið frá Írak á þeim tíma sem hernám Bandaríkjanna og stuðningsþjóða þeirra hefur staðið AFP/KARIM SAHIB

Ekki er lát á daglegum hryllingi í Írak; ofbeldi, óréttlæti, blóðsúthellingum og óskaplegu mannfalli. Borgarar sundraðs samfélags leita allra leiða til að hafa í sig og á. Forngripарán og sala eru þó ekki eina áhyggjuefni sérfræðinga í sögu manns og menningar. Umsvif nútíma hersveita á þungavígvélum á viðkvæmum fornleifasvæðum eins og Babýlon, Niniveh, Samarra og Úr mylja söguna undir sandinum mélinu smærra.

Í árdaga

Á langri leið hefur mannkyni skilist að menningarvöggur þess eru margar, jafnt á sviði handverks sem hugmynda. Ein þeirra liggur á sléttunni milli fljótanna Efrat og Tígris í núverandi Írak. Grikkir kölluðu landsvæðið Mesópótamíu eða Millifljótaland en heimamenn nefna það Al Jazirah, Skagann eða Eylandið. Frjór framburður fljótanna jók landgæði þar svo mjög að fyrir um 12.000 árum þótti flakkandi forfeðrum okkar rétt að staldra við, sá fyrir hinu og þessu og hefja með því akuryrkju á jörðinni. Með tímanum lærðist þeim að hemja flóðin í fljótunum og byggja áveitur.

Heimur batnandi fer

Á sléttunni var gnægð veiðidýra, svo sem geitur, sauðfé, svín og naugripir. Ekki leið á löngu þar til kyrrsetumönnunum á sléttunni tókst að laða þessi dýr til fylgilags og húsdýrahald hófst. Gripirnir og afurðir þeirra voru ekki bara aukinn matarforði ættarinnar heldur mikilvægur gjaldmiðill og nú gátu menn lagt loðskinnum sínum og borið spunnin klæði og ofin. Sérhæfing fylgdi í kjölfarið, myndun þorpa og borga og stéttaskipting. Og þá var hægt að deila um lönd og árfarvegi og í framhaldi af því herja á nærliggjandi byggðir með skipulögðum hætti. Viðskipti jukust; íbúar sléttunnar seldu fjallabúum leirker og korn fyrir trjávöru, málma og skinn.

Bústörf og umsýsla

Gósenland þetta freistaði auðvitað margra og hver þjóðin af annarri settist þar að til að deila og drottna. Súmerar vildu halda skikk á stjórn sinni og viðskiptum og fundu því upp fleygrúnir til að skrá allt hjá sér. Þeim þótti augljóst að sólarhringurinn skiptist í 60 mínútna klukkustundir, tólf mánuðir væru í einu ári og 360 gráður í hring um leið og þeir suðu saman tin og kopar og bjuggu til brons. Aðrir ortu sálma og ljóð á leirtöflur sínar.

Konungi Babýlóníumanna þótti rétt að skrá fleira en viðskiptasamninga og stjórnskipanir; hann bætti við lagasetningum og dómum svo tryggja mætti „réttlæti í landinu, að brjóta illviljuð niðurrifsöfl á bak aftur og sjá til þess að þeir voldugu sætu ekki yfir hlut þeirra sen minna mættu sín“. Hammúrabí lét fleyga þetta á opinberar leirtöflur fyrir um 3.700 árum, nokkru eftir að Abraham lagði af stað frá Úr í Kaldeu að leita fyrirheitna landsins.

Einn af öðrum án olíuauðs

Sargon konungur Assýríumanna úr norðri færði út landsvæði ríkisins og sá ekkert athugavert við fjölmenningarríki. Afkomendur hans glutruðu völdunum til Babýlóníumanna eftir tæpar tvær aldir og Nebúkadnessar II náði að mölva Jerúsalem og teyma íbúa hennar og nærsveita í útlegð í Babýlon. Kýros mikli Persakonungur hleypti fólkinu aftur heim með gamla testamentið í farteskinu. Sjálfur var hann sennilega hallur undir Zaraþústrasið; taldi manninn hafa frjálsan vilja og val milli góðs og ills. Þessu næst bar að Alexander mikla frá Makedóníu að leggja undir sig heiminn og sá fyrir hellenismanum í leiðinni. Persar fengu enn að reyna sig við stjórnvölinn um hríð eða þangað til fólk innan af Arabíuskaga æddi yfir með boðskap Múhameðs spámanns. Taka þá við innansveitarátök í heimi múslima í um þúsund ár. Og ekki einu sinni komið að olíuauðnum. En söguna alla má finna í írakskri jörð.

Fagmenn á fullu

Grafar- og fornleifarán eru ekki nýlunda meðal mannkyns. Þar sem mest ber á fortíðinni hefur sérþekking á þessu sviði jafnvel varðveist í ættum í ótal kynslóðir. Fornleifafræðingar fullyrða þó að í Írak hafi orðið nokkur breyting á verklagi og vinnuhraða. Auðugir landeigendur eða kaupsýslumenn kaupa upp stór sandsvæði og senda þangað fagmannasveitir sínar. Ræningjahópar eru misstórir með stórvirkar vinnuvélar eða skóflur en eira engu. Enda til mikils að vinna; meðalárslaun í Írak samsvara nú um 60.000 ísl. kr. en fyrir vænan kassa af fornminjum má fá rúma íslenska milljón. Þeir færustu ná 2-3 kössum á viku. Á tímum Saddams lá dauðarefsing við fornminjaránum, nú er talið að um 15.000 munir finnist á degi hverjum og flestir þeirra eru fluttir úr landi. Í Írak eru um 10.000 fornminjasvæði þekkt og skráð, í Nassariyah einni og nágrenni eru leifar um 840 byggða frá tímum Súmera. Ræningjahóparnir hafa tæmt þær allar enda hamla fjárskortur og ófremdarástand í landinu öllu eftirliti.

Frelsi er sóðalegt

Samkvæmt Haag-sáttmálanum frá 1954 er herjum heims óheimilt með öllu að reisa herstöðvar á þjóðar- eða heimsminjum. Bandaríkjamenn sambykktu ekki þennan sáttmála og herstöðvar þeirra og búðir eru m.a. við hinar fornu borgir Babýlon, Samarra, Úr og Niniveh svo nokkrar séu nefndar. Umsvif hersveita og ekki síst þungra vígvéla mylja fornleifarnar undir sandinum ekki síður en þær sem upp úr honum standa. Stjórnvöld í BNA hafa ekki tjáð sig um ástandið í fornleifamálum Íraks síðan í apríl árið 2003 en þá sagði þáverandi varnarmálaráðherra, Donald Rumsfeld, í viðtali við CNN: „Hlutir fara í rugl. Frelsi er sóðalegt og frjálst fólk gerir mistök, fremur glæpi og gerir slæma hluti.“

Hverjir græða?

Menn standa ráðþrota frammi fyrir menningarhamförunum í Írak og velta fyrir sér hvað valdi, hverjir græði. Grunur sumra beinist að fjölmörgum baráttusveitum og öfgahópum í landinu og aðferðum þeirra við að fjármagna baráttuna, aðrir telja auðmenn og ættarhöfðingja maka krókinn, þar heima og í útlöndum. Hitt er víst að eftirspurnin eykst – auðjöfrar í Evrópu, BNA, Japan og Sameinuðu Arabísku furstadæmunum þreytast ekki á að panta sér muni úr menningarvöggunni, stóra og smáa. Fulltrúar UNESCO, Interpol og fleiri alþjóðlegra stofnana vinna þrotlaust með safna-, sagn- og fornleifafræðingum við að leita muni uppi, m.a. á netsíðum sínum, en válistar þeirra lengjast jafnt og þétt.

Útrýmingarhætta

Mannkynssaga skoðar manninn, þróun hans og samfélaganna sem hann hefur smíðað, aðferðirnar sem hann hefur notað til að komast af. Tómstundir hans, hugmyndir um guði, menn og heim, sýn hans á sjálfan sig og umhverfið. Smíðar hans, störf og list, verkfæri, skáldskap og skynjun. Daglegt líf og tyllidaga, orrustur, harðindi og ofgnótt. Frá ýmsum hliðum og sjaldnast einróma. Vitneskjuna hafa menn ekki síður notað til að skyggnast um í samtíma sínum, skilja hann og barning manna við að lifa af og aðlagast hörðum heimi.

Sérfræðingar í mannkyni og sögu þess reyna hvað þeir geta til að vekja athygli á þeim fjársjóðum heimilda sem nú tínast inn á einkasöfn auðugra um allan heim eða fjúka burt molnaðar undan herjum og vígvélum með sandinum. Þeir segja forna sögu Íraks í bráðri útrýmingarhættu og þar með sögu einnar af vöggum siðmenningarinnar.

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7

VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16

SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9

MÚSÍK OG SPORT
laugardaga kl. 16

ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16

RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ljóð sem opna augu

Í FELUM BAKVIÐ GLUGGATJÖLDIN.
Þórdís Björnsdóttir

Þrjár raddir ljóðsins: Fyrsta röddin er rödd skáldsins að tala við sjálft sig eða öngan. Önnur röddin er rödd skáldsins sem ávarpar lesanda eða áheyrendur. Sú þriðja er rödd skáldsins þegar það skapar dramatískar persónur sem síðan mæla sjálfar. Allar eru þessar raddir í felum bakvið gluggatjöld Þórdísar og samfléttun þeirra listilega spunnin. Raddir sem opna augu.

Í bókinni fer nefnilega fram sögu (í felum) með holdi klæddum persónum, drama með atburðarás, stígandi, afhjúpun, risi og ógurlegu klímaxi, viðbjóðslegum glæp, (bakvið tjöldin) „atviki sem aldrei mun gleymast“ (75), eftirþönkum og uppgjöri. En ljóðmælandinn, ég, er eina röddin sem mælir, Ég er eina persónan sem hefur orðið (þótt hún mæli með öllum röddum ljóðsins – í senn og á víxl). Þetta er mín saga, mín sýn, „ég er ekki blind“ (31).

Persónurnar eru Ég, Hún, Hann og Þú. Ég er ung kona, skáldkonan, einnig blinda stúlkan með eldspýturnar, gerandi ljóðanna, þolandi glæpsins. Hann er tvískiptur, „báðir“ tilheyra liðinni tíð; „maðurinn með hattinn“ (56) (gerandi glæpsins) „tréð“ 78 (föðurmynd) og einnig „elskan mín“ (44) (birtist þá oftast í 2. pers. t. d. bls. 25-33) sem er horfin ást (elskhugi, bróðir). Hún er dáin (móðurmynd, systurmynd) og hennar er sárt saknað (Hún getur líka verið Ég, sem líka er kona). Þú er ýmist Hann (horfin ást) eða Hún (dáin ást) (t.d. 70-71), jafnvel Ég (hugsanlega fleiri). Ekki einfalt en alltaf í fullu samræmi. Flétta sem þjónar tilgangi og þyngir slagkraftinn þótt hún flæki samskiptin.

Tungumál ljóðanna sprettur af (kvenlegri) reynslu (fullt samræmi) og líkamleg hrynjandi magnar trúverðugleika þeirra í ósýnilegum takti við holdlegt táknmálið. Frjótt og aldrei klúrt, æpandi en aldrei groddalegt, stílhreint og sannfærandi tungutak. Táknum og minnum beitir skáldkonan af íþrótt og miklu hugarflugi og ljóðstíllinn er mjög áreynslulaus, „eins og þegar áin rennur“.

Það er nautn að lesa þessa bók alveg ofan í kjölinn og hvet ég lesendur mjög til þess; þetta er krefjandi skáldskapur, hlaðinn táknmáli, myndirnar ögrandi, opinberunin vægðarlaus og endurtekningin stríð. Glæpurinn stór og orðfærið í stíl. Samræmið aðdáunarvert. Efnið viðkvæmt „bakvið vegginn“; vargur í véum, „vondu börnin“, blóð og dauði, synd og skömm. Líka mjög aðlaðandi bók, einlæg ljóð, skarpur kveðskapur.

Angist og dauði, fjötrar, ofbeldi, misþyrming, nauðgun og blinda... „ég missti augun mín“ (56) – (höfuðminnið) augun sem gluggar, augun blind (gluggatjöld) blinduð, augun blóðug, tóm, stungin, skorin, farin, boðin, gefin – samviskan, sektin; sígild minni, bókleg fremur en bókstafleg (a.m.k. hjá körlum). En það magnaða við afhjúpun glæpsins og lestur myndmálsins í þessum ljóðum (þegar táknin hafa að endingu verið ráðin??) er að þetta er ekki gotneskur hryllingur, ekki hræðsluefni fyrir börn, ekki ljóð um ljóð, ekki bók af bók, ekki gamlar ljósmynd-

Þórdís Björnsdóttir ljóðskáld.
MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ir – þetta er alíslenskt slátur, hjarta og grátur og vömb.

Þrátt fyrir „gotneskt“ táknmál (auga, blinda, saumur, nál, hnífur, fugl, fjara, sjór, lík, spegill, skuggi, draugur, kerti, bruni, tré, gröf, mold, steinn, veggur, gluggi) þar sem augun og blindan eru stigmagnandi leiðarminni (frelsi/fjötrar – glæpur/afneitun – sekt/borgun) er veruleiki ljóðanna ekki ímyndaður hryllingur heldur harmsaga sem er að gerast (við lestur) og illfyglið „goggar í mig (lesandann) alla nóttina svo mig verkjar sárlega“ (25) og „spörfuglarnir flögra áfram milli greina, berja vængjum og hvísla án afláts í eyra þitt“ (lesandans): „Er þetta nægilegur blástur, ástin mín?“ (78). Úff! „Ekkert svar, bara niður í ánni sem þú hefur aldrei augum litið“ (79) – svarar ljóðið og opnar lesandanum sýn um leið. Sýn á öðruvísi náttúru.

Það er leynilegur tilgangur allra bóka að fá lesandann til að trúa sér, fá hann til að trúa eigin augum. Það gerist í felum bakvið gluggatjöldin. Dýr og tímabær skáldskapur.

Sigurður Hróarsson

Skemmtilegt ferðalag

HÓTEL BORG
Nicola Lecca Þýðing: Paulo M.Turchi

192 síður sem renna léttilega niður eins og vel samansett máltíð með besta hugsanlega víninu. Textinn er eins og tónlist. Setningar stuttar og meitlaðar og þýðing Paulos Turchi frábær. Þetta er á vissan hátt eins konar lærdómsbók. Hversu langt eru menn viðbúnir að ganga í dellum sínum?

Örlög þriggja manna eru sögð á mismunandi stöðum í veröldinni og svo skarast þau í Reykjavík þar sem halda á einhverja merkustu tónleika sem um getur. Frægur hljómsveitarstjóri hefur ákveðið að ljúka ferli sínum með tónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þar býr hann ásamt tónlistarfólki sínu á Hótel Borg og umhverfinu þar í kring er lýst með elskulegum augum gestanna. Eitthvað hrífst nú Lecca af norðrinu því hann hefur einnig skrifað um Færeyjar í smásagnasafni sínu og þar dásamar hann Voga og segist geta verið þar ævilangt.

Nicola Leccha: Sögumaður leiðir lesendur milli staða.

Í þessari bók er farið víða yfir og raunar er tilfinningin svolítið eins og verið sé að horfa á kvikmynd þar sem sögumaður leiðir áhorfendur milli staða. Óskar er sænskur strákur. Pabbi hans á blómabúð við aðalgötu Gautaborgar og höndlaði sá hamingjuna þann dag er sjálf Greta Garbo kom inn og verslaði hjá honum.

Hann þreytist aldrei á að segja sögur af því aftur og aftur. Óskar vill sjá meira af heiminum en litlu friðsælu sænsku borgina og heldur því til Lundúna þar sem hann fer að starfa á hóteli. Hann er eins og pabbinn með Garbo, heltekinn af hljómsveitarstjóranum Alexander Norberg og gerir allt sem hann getur til þess að komast á tónleika með honum.

Það er vonlaust að fá miða en honum tekst þó að fá starfsstúlku tónleikahallarinnar til þess að leyfa sér að sjá og heyra þessa merku tónleika af skjá uppi í stjórnherbergi undir rjáfri hallarinnar. Alexander þessi Norberg fær síðan þá flugu í höfuðið að halda sína lokatónleika í Reykjavík og eiga aðeins 52 áheyrendur að vera í salnum. Þetta eru ekki fyrirmenn úr heimi tónlistarinnar heldur tekur hann upp á því að láta draga í beinni útsendingu úr íslensku símaskránni.

Íslandi og Íslendingum er lýst svolítið eins og heimamenn vilja láta lýsa sér.

Ungi söngvarinn Marcel fer í Laugardalslaugina og þar eignast hann vini, tvo unglingsstráka frá Grindavík sem segja honum frá öllum leyndardómum ungl-

ingsáranna.

Óskar eltir Norberg til Íslands og situr dag og nótt fyrir utan Dómkirkjuna í von um að komast yfir miða. Hann er sum sé algerlega heltekinn af þessum tónlistarmanni.

Án þess að afhjúpa nú hvernig fer fyrir Óskari í samskiptum hans við fallegasta mann Reykjavíkur er óhætt að segja að niðurstaðan er að það er hættulegt að vera svo heltekinn af einhverju að maður missir dómgreindina.

Hver og ein af þeim persónum sem hér er lýst er einangruð, þannig að hér eru máluð portrett af fólki sem er ekki í eiginlegum samskiptum við aðra. Óskar er einn, Norberg er einn, Marcel er einn, íslenska konan sem missti son sinn er ein. Rósa fína í Grindavík er ein. Höfundur leikur sér með einsemdina án þess að beinlínis nefna hana nokkurn tíma á nafn.

Þessi bók er eins og ævintýri sem mælt er af munni fram án þess að vera nokkuð að gera kröfu um að vera trúverðugt. Góð lesning og skemmtilegt ferðalag án morða og ofbeldisverka, og þó?

Foreldrar sem löðrunga börnin sín átta sig sjaldan á því að huggunarfaðmlög eru vita gagnslaus.

Á öldunnar hátoppi er hægindi mitt

HOLD ER MOLD.
Megas & Senuþjófarnir

Maggi er í stuði þessa dagana. Þeir sögðu hann studdan á sviðið eftir tveggja og hálfstíma tónleika í Höllinni fyrir viku. Okkar maður er kominn á sjötugsaldurinn og þó hann taki sig stundum á í líkamlegri reglusemi og drekki hreinan djús segir aldurinn til sín.

Aldrei fyrr á ferlinum hefur liðið svo skammt milli diska hjá honum. Skammt er síðan Frágangur kom út – var það ekki í vor? Hann er búinn að túra um landið og lauk þeirri törn í Laugardalnum. Skýringa á flæðinu í útgáfu nýrra og gamalla laga úr smiðjunni við Þórsgötuna verður að leita víðar en í andagiftinni.

Fyrst ber að nefna að Sena virðist gefa gripinn nýja út þó þess sé hvergi getið á koverinu. Menn eins og Megas verða að hafa útgefanda. Hitt er líka kýrskýrt: Senuþjófarnir eru sennilega besta band sem hefur unnið með Magnúsi um langt árabil og þá tölum við í áratugum.

Nú svo er gleðilegt að hann virðist eiga sér víðari hljómgrunn nú en fyrir bara fáum árum. Hvort þar ræður hin myndarlega endurútgáfa sem ráðist var í á stærstum hluta katalóksins þá þannig að verk hans urðu aftur aðgengileg á cd-tímum eða að hann rímaði betur við tíma, veit ég ekki. Allar eldri plötur hans voru gefnar út í litlum upplögum og seldust lítið. Þá. Nú svo bætist líka við að Magnús hafði um síðir þann fræga sigur sem við nokkur töldum honum áskapaðan þegar í upphafi.

Hold er mold er sextán laga safn: það er skemmtilega samsett, sumt á þessum diski er býsna fornt: Kæra Karí er gamall ópus en laglínan ber þess nokkur merki. Svo eru þarna enn eldri lög og eftir aðra en hann: Önundur Póli, sú gamla drykkjuvísa, Flærðarsenna séra Hallgríms og Hversu fánýt að fordildin sé fá hér lag og einnig Leirkarlsvísur kenndar honum. Þrjá texta úr búi Hallgríms Péturssonar gæti enginn sett á poppplötu nema Megas. Það er í raun ánægjulegt að hann skuli gefa lagasmíðum sínum við kvæði annarra rúm undir geislanum.

Glöggir menn geta líka heyrt aðkomulög sem sveigð eru undir braginn: Fífa er gamla Feverlagið, Tóbaksvísan felur í flutningi hans Ríótríóminninguna og hét þá Flaskan mín fríð – hvaðan sem sá söngur er kominn. Ferðalok er umsnúningur á Sennilega það síðasta sem var á Millilendingu. Magnús semsagt er á sínum slóðum og endurvinnur hratt og vel og bætir í braginn.

Nú er það svo að kveðskapur hans hefur í seinni tíð orðið talsvert flóknari en var, íslenskan brotin og víða tætt. Hann leyfir sér líka að vera enn meira flóktandi, jafnvel myrkari og reikull í merkingu. Sum kvæðin á disknum eru samt býsna einföld: Dáblá dauðarauða er ekki flókið kvæði – hin bitra kveðjustund bara klædd þannig. Ná þér heldur ekki í sínum glaða ásetningi sem má reyndar lesa á fleiri vegu en einn. Stubbur og Ögn er kynlegur epos. Tímamót þekkilegur kveðskapur um þrykk. Aðrir bragir eru þyngri undir tönn og útheimta langa yfirlegu ef lesa á í málin.

Magnús eignar sér útsetningarnar en Senuþjófarnir eru leiftrandi létt rokkband með húmoríska sveiflu sem hentar þessum lögum vel. Þeir eiga samt líka til þyngri tóna, geta nánast hvað sem er – kántríið verður meira segja sannfærandi í fangi þeirra. Þá er til fyrirmyndar að Magnús vandar sig við sönginn. Brotin röddin verður alltaf nokkuð reikandi í efri skalanum. Hann hefur aldrei sótt niður í raddregistrið sem hæfði oft efninu. Hraðinn verður oft fullmikill fyrir þjappaðar línur en með góðum friði má heyra

Megas - Magnús Þór Jónsson - hefur verið óhemju afkastamikill á þessu ári við upptökur og hljómleikahald. Nýtt safn á disknum Hold er mold geymir bæði ný lög og gömul, sum hundgömul.
MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvert orð. Þetta er klassapopp með þjóðlegum blæ hreintungumeistara sem kann bæði að yrkja og smíða nýtt í slangrinu.

Páll Baldvin Baldvinsson

Selló og píanó í kvöld

Tvær framúrskarandi tónlistarkonur frá fyrrum Sovétríkjunum, ung, sívaxandi og glæsileg sellóstjarna, Tanya Anisimova, og píanóleikarinn, Lydia Frumkin, halda tónleika í Tíbrárröðinni í Salnum í kvöld og hefjast þeir kl. 20. Þær Tanya og Lydia hafa nýverið leikið þessa sömu efniskrá á tónleikum í Moskvu við frábærar undirtektir og má sjá umsögn um þá tónleika á vef Salarins: www.salurinn.is. Í tilefni af þessum tónleikum í TÍBRÁ hefur Anisimova, sem einnig er tónskáld, samið nýtt verk sem ber heitið Íslensk ballaða fyrir selló og píanó, og er verkið byggt á hinu sérstæða íslenska Liljulagi frá 14. öld „Almáttugur guð allra stétta".

Tanya Anisimova hefur á undanförnum árum heillað áheyrendur upp úr skónum á tónleikum víða um heim. Hún stundaði sellónám við Tónlistarháskólann í Moskvu og lauk síðar doktorsprófi í sellóleik við Yale-háskólann. Lydia Frumkin lærði píanóleik við Tónlistarháskólann í Leníngrad en flýði til Bandaríkjanna að loknu námi og hefur undanfarna áratugi verið prófessor í píanóleik við Oberlin-tónlistarháskólann. Hún kom til Íslands á vegum Listaháskóla Íslands haustið 2003 og hélt píanónámskeið í Salnum í Kópavogi við sérlega góðar undirtektir og hafa margir nemendur beðið þess með óþreyju að hún snúi aftur hingað til lands. Þær Tanya og Lydia eru nú báðar búsettar í Bandaríkjunum og hafa

Tanya og Lydia teljast brátt í hópi Íslandsvina.

getið sér einstaklega gott orð fyrir tónlistarflutning sinn og kennslu.

Tanya og Lydia hafa leikið margvíslegar efnisskrár í gegnum tíðina en á tónleikum nú leika þær Sónötu fyrir fiðlu og píanó í A-dúr eftir César Franck í umritun Jules Delsart, Sónötu fyrir selló og píanó í g-moll op. 19 eftir Sergei Rachmaninoff og loks nýja verkið eftir Tönju sem hún tileinkar Lydiu en verkið heitir Íslensk ballaða.

RAY MEÐ NÝJA PLÖTU

Kaupendur Sunday Times fá í dag glaðning með blaðinu: **Ray Davies gefur nýjan disk með hverju eintaki**. Diskurinn heitir Workingmans Cafe og eru lögin tekin upp í Nashville en fullfrágengin í Konk-hljóðveri hans í London. Hann mun koma fram á BBC Electric Proms á sunnudaginn kemur en diskurinn kemur í verslanir daginn eftir. Þá hefur vefur Timesonline ókeypis lag fyrir áhugasama til niðurhlaðningar þessa dagana. Þetta er önnur sólóplata Davies sem kom hingað og flutti stóran hluta af Others Peoples Lives í Háskólabíói en hann á sér tryggan aðdáendahóp hér á landi. Nýja safnið er sagt vera til marks um snilld hans sem lagahöfundur og flytjandi.

DAAGBLAÐIÐ VÍSIR! 1960–2000
AFTERNOON PRESS PHOTOGRAPHY IN ICELAND

15. september – 25. nóvember 2007

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE

GERÐUBERG

Handverkshefð í hönnun

Anna Guðmundsdóttir • Anna Gunnarsdóttir • Anna Þórunn Hauksdóttir • Auður Vésteinsdóttir • Ásdís Birgisdóttir • Bergrós Kjartansdóttir • Bjargey Ingólfsdóttir • Bjarni Þór Kristjánsson • Björg Juto Dóra Árna • Friðgeir Guðmundsson • Fríða Gylfadóttir • Guðný Hafsteinsdóttir • Guðrún H. Bjarnadóttir • Guðrún Ásgerður Steingrímsdóttir • Hafdís Sverrisdóttir • Hélene Magnússon • Inga Elín Kristinsdóttir • Ingibjörg Hanna Pétursdóttir • Jóna Björg Jónsdóttir • Kristveig Halldórsdóttir • Oddný Magnúsdóttir • Ófeigur Björnsson • Ólöf María Ólafsdóttir • Philippe Ricart • Rósa Helgadóttir • Sif Ægisdóttir • Sigga á Grund • Sigríður Ásdís Jónsdóttir • Sigrún Lára Shanko • Sigrún Skarphéðinsdóttir • Steinunn Bergsteinsdóttir • Védís Jónsdóttir • Þórey Sigríður Jónsdóttir • Þórunn Símonardóttir

Sýningin stendur til 11. nóvember og er opin virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16. Ókeypis aðgangur!

Leiðsögn á sunnudögum kl. 14. Hópar geta pantað leiðsögn í síma 575 7700.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík
www.gerduberg.is - s. 575 7700

www.gerduberg.is

Óvenjuleg og spennandi skáldsaga um glæp

Bækur þýska rithöfundarins og tónlistarmannsins Alexöndru Kui eiga sér tryggan og sífellt stærri hóp aðdáenda, enda tekst henni að byggja upp dulmagnaða spennu án þess að fara troðnar slóðir. Bækur hennar ná stöðugt vaxandi útbreiðslu, því hér er sleginn nýr tónn bæði hvað varðar stíl og efnistök.

Skjaldborg

www.skjaldborg.is

FERÐALAG TIL HELVÍTIS OG MÖGULEGA AFTUR HEIM

SYNDIR FEÐRANNA
Leikstjórn: *Bergsteinn Björgúlfsson & Ari Alexander Ergis Magnússon*
Framleiðendur: *Hrönn Kristinsdóttir & Bergsteinn Björgúlfsson*
Meðframleiðandi: *Sigurður Gísli Pálmason, Þorvarður Björgúlfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon*
Handrit: *Ari Alexander Ergis Magnússon, Kristján Loðmfjörð*
Hljóðvinnsla: *Ingvar Lundberg*
Tónlist: *Þór Eldon*
Kvikmyndataka: *Bergsteinn Björgúlfsson*
Klipping: *Kristján Loðmfjörð*
Ráðgjafi: *Jón Proppé*
★★★★

Örlög drengjanna á Breiðavík eru flestum kunn enda tíðrædd í fjölmiðlum í byrjun árs. Heimildarmyndin Syndir feðranna er saga þessara manna og samfélagsins sem brást.

Aðdraganda myndarinnar má rekja til ársins 2001 þegar Bergsteinn Björgúlfsson kvikmyndagerðarmaður hóf rannsókn á málinu. Hann mætti hvarvetna luktum dyrum, bæði hjá yfirvöldum og fyrrum starfsmönnum. Þó bar fyrrum vistmönnum öllum saman um hrikalega atburði sem áttu sér stað á Breiðavík á árunum 1953-1973, þar sem 128 drengir voru vistaðir á heimilinu, flestir á aldrinum 9-14 ára. Sá yngsti aðeins 6 ára. Þegar málið komst í fjölmiðla í ársbyrjun tók myndin á sig nýtt form og Bergsteinn fékk til liðs við sig Ara Alexander Ergis Magnússon leikstjóra og Hrönn Kristinsdóttur framleiðanda.

Sagan er rakin í gegnum frásögn fimm manna sem voru vistaðir þar á mismunandi tímabilum. Hún hefst á umfjöllun Kastljóssins um málið og býður síðan upp á ferðalag sem spannar frá upphafsárunum til nútímans. Þar kemur fram að vistin hafi átt að gera

unga ógæfudrengi hæfa til að þrífast í þjóðfélagi siðaðra manna. Raunin var hins vegar allt önnur og í staðinn máttu drengirnir þola gríðarlegt ofbeldi, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt.

Syndir feðranna dregur engan á tálar með tilfinningalegu klámi eða ofsafengnu fári fjölmiðlanna. Okkur er boðið að Breiðavík frá lofti þar sem myndir ofsafenginnar náttúru gefa til kynna einangrunina. Og þyrluhljóð í aðflugi vekja hugmyndir um óhug á borð við stríð. Atburðarásin fetar beina leið og segir söguna fumlaust með notkun gamalla mynda og viðtala. Áróðursmynd um ágæti Breiðavíkur, gerð til fjáröflunar á árunum 1950-60, rennur kaldhæðin samhliða frásögn um margorðað morð á sálum saklausra barna.

Leikstjórarnir segja þó sjálfir að markmiðið sé ekki að hengja einhvern sökudólg. Leiðarljósið hafi frekar verið kærleikur, manngæska og nærgætni við viðmælendur. Svo þeir gætu sagt sögu sína á eigin forsendum í tilraun sinni til að öðlast mannlega reisn. Eins konar ferðalag til helvítis og mögulega aftur heim. Eins og góðri heimildarmynd sæmir spyr hún spurninga. Var þetta mannvonska eða bara tíðarandinn? Hver er samfélagsleg ábyrgð okkar allra og samfélagsleg meðvirkni? Ásamt aðalspurningunni: Hvernig er hægt að vera vondur við börn? Og minnir okkur í leiðinni á að spyrja hvernig hafa börnin sem minna mega sín, í dag?

Syndir feðranna er vel unnin heimildarmynd, sem nýtur þess tíma sem hún fékk til að þroskast. Hún skartar dásamlegum myndum Bergsteins Björgúlfssonar sem hefur að þrautseigju og næmi fundið leið til að segja þessa erfiðu sögu, ásamt einstakri sagnalist Ara Alexanders Ergis Magnússonar. Hún er kröftug og átakanleg samfélagsádeila sem leikstjórar á borð við hinn sænska Stefan Jarl, Nick Broomfield og jafnvel Michael Moore reyna einnig að túlka. Syndir feðranna gerir nákvæmlega það sem hún á að gera, hún vekur af værum svefni og heimtar svar.

Rut Hermannsdóttir

> Syndir feðranna er vel unnin heimildarmynd, sem nýtur þess tíma sem hún fékk til að þroskast. ... Hún er kröftug og átakanleg samfélagsádeila sem leikstjórar á borð við hinn sænska Stefan Jarl, Nick Broomfield og jafnvel Michael Moore reyna einnig að túlka.

Fallega smíðar drottinn

Á MÖRKUM
Valgarður Egilsson JPV

Í þessari fallegu ljóðabók eru þrjú meginþemu sem fléttast þar saman í margþátta rímu, og áskorun bókarinnar felst í því hversu stórt er spurt – þemun eru: (1) sköpunarverkið = náttúra = móðir = maður = guð = sköpunarverkið (2) uppruni = fæðing = sköpun = feigð/örlög /mörk lífs og dauða = hringrás (3) orð = ljóð = sköpunarverk. Skáldið leitar sjálfu sér skjóls í þessu skáldlega ríki, leitar sátta við föður andans og móður náttúru, rýnir í sígildar ódáðarúnir fjalls og manns (8), veit og skilur þótt fjarskinn sé djúpur (28), vinsar kjarnann úr heilögu riti (59) og stendur vörð um lifandi náttúru (35), spyr hvort hún sé feig. Göfugt markmið, gjöfull kveðskapur.



Eru þá ónefnd ýmis önnur djásn þar sem rödd skáldsins er bundnari brag og bókviti og veikari fyrir vikið; haglega kveðin söguljóð, dýr sléttubönd, beittar rímþrautir, rómantísk danskvæði og nokkur meinhæðin óaldarljóð með hefðbundnum siðvöndunartóni; „við ofgnóttir alls við öreigar nútímans heitum“ (45). En beinum sjónum að fyrsta þemanu og fylgjum því eftir gegnum örfá kvæði:

„Ég veit, ég rata“, ég miða líf mitt við náttúrumörk (5) segir skáldið í upphafskvæði bókarinnar og rammar það inn í brag sem rímar vel við jarðbundna náttúruna ... sem síðan lifnar óðar við í næsta kvæði er „villiskáld úr heiðnum sið deyr í fjallið“ (8) og gæðir náttúruna mannlegu eðli sem um leið er guðleg vera sköpuð í mannsins mynd og móður, því að „þitt er ríkið, faðir vor“ (72-73) og jörðin helg þótt móðurættin (moldin) eigi sér heiðna rót. En þótt vafi leiki á hvor skóp hvorn, guð eða maðurinn, og hvor sé skár ortur (20) er uppruna mannsins að leita í fljótandi móðurskauti náttúrunnar (23) þaðan sem hann kemur og fer og (skynvilltur 23-24) fellur á kné og lofsyngur mátt hennar (25). Skáldið holdgerir hana síðan á ný með „formóður vorri Lucy“ (34) sem raunar er holdlaus og tákn forgengileikans (mannsins/efnisins) gegn eilífum draumi lifandi jarðar.

Og skáldið óttast um móður jörð, teikn á lofti „hvítnaði andlit jarðar“ (26-29) og maðurinn feigur sömuleiðis og tími lífsins ámóta óviss og dauðans. Því maðurinn hefur villst af leið „gleymd er samleið úr suðri“ (33) og „vestræn gildi“ (kristin siðfræði) orðin tóm ef þeim fylgir ekki breytni að eftirdæmi Krists „sem vér eigum sitthvað ólært af“ (39). Skáldið

Valgarður Egilsson rithöfundur.

varar við hræsni, hnefaréttinum, valdboði frekjunnar, blindri efnishyggju, ofbeldi gagnvart helgri jörð, afhelgun andans og undanhaldi frá boðorði vors Föður: „Sonur þinn er...einsog sammæðra vitund vorri“ (73).

En maðurinn ber sjálfur alla ábyrgð, verður að treysta sjálfum sér til að finna almættið í eigin blóði og náttúru. „Frjósemisást“ er „fullkomleikinn sjálfur, vor sigur á dauða“ (73) því atgangur mannsins lifir „út yfir dys og dauða“ (58) þótt holdið sé mold; upprisan er á eigin ábyrgð og bundin veikri von því í jarðvistinni er „sálin föl“ (45) og syndin lævís. „Helgi“ er sömuleiðis verund (sprottin af vitund) og villandi orð ef ekki fylgir gjörð – það er glæpur gagnvart sköpunarverkinu að snúast gegn því; „undarleg sýki að sækja í það að sigra fólk hér á jörðu“ (61).

Hámarki nær þessi samhelgun móður, náttúru, manns og guðs í „Fæðingarhátíð á heiði“ (66-69) þar sem skáldið yrkir sögu Sonarins upp á íslenskri heiði og býður fylgd „hinni fegurstu mey og móður“, og í „Sálmi efasemdarmanns“ (72-73) þar sem Faðirvorið og bókin enda í spámannlegri spurn.

Gullfalleg bók, ort af mikilli íþrótt, víðskyggn kveðskapur og mikið undir en sums staðar um of.

Sigurður Hróarsson

SPENNA

HEFUR SETIÐ Á ÞÝSKUM METSÖLULISTUM ALLT ÁRIÐ!

HANDHAFI ÞÝSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNANNA

FRAMÚRSKARANDI GLÆPASAGA. BYGGIR Á ÓHUGNANLEGU OG DULARFULLU MORÐMÁLI SEM ENN ER ÓUPPLÝST.

„Drápin er stórfengleg glæpasaga.“
– Die Zeit

„Spennandi glæpasaga af bestu gerð.“
– Hamburger Abendblatt

„Þessi fyrsta bók Andreu Mariu Schenkel er ekki bara bráðspennandi og vel skrifuð glæpasaga. Hún dregur upp ógnvænlega og eftirminnilega mynd af hrollvekjandi sveitasamfélagi ... “
–Die Berliner Literaturkritik

DYNAMO REYKJAVÍK



MEISTARI HINNAR ÓVÆNTU FLÉTTU

ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK EFTIR KONUNG BRESKRA SPENNUSAGNA

„Snilldarlega góð glæpasaga.“
– Aftenposten

„Úthugsuð og þéttofin spennusaga eftir sjálfan meistara formsins.“
– Aftenposten

ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK

BJARTUR

SÍMANÚMER MENNINGAR: 512 5000, menning@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

... AÐ TJALDABAKI

Nýlega kom í leitirnar kvikmynd eftir Þránd Thoroddsen frá 1950. Myndin er tekin áður en Þrándur sneri til náms í Póllandi í kvikmyndagerð en hann var í hópi þeirra sem lærðu kvikmyndagerð uppúr miðri öldinni. Myndin lýsir þorrablóti Íslendinga í Kaupmannahöfn. Þrándur var einn þeirra sem nutu merkilegrar tortryggni hjá ráðandi öflum krata og sjálfstæðismanna í útvarpsráði þegar sjónvarp var sett á stofn á Íslandi. Hann var jú lærður austan járntjalds og róttækur. Hann komst að hjá Sjónvarpinu andstætt Þorgeiri Þorgeirsyni, Magnúsi Jónssyni, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Þorsteini Jónssyni og fleirum.

Dómkórinn fer í tónleikaferð til Dresden á næsta ári og mun syngja í einni höfuðkirkju hinnar fornu menningarborgar sem byggð var upp úr rústum stríðsins. Kórinn fer víða en aldrei hafa félagar þar á bæ vitað til að uppselt hafi verið á tónleika kórsins langt fram í tímann í fjarlægri borg. Marteinn Hunger stjórnar.

Kurr er meðal kvikmyndagerðarmanna vegna seinagangs í viðræðum forkólfa Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands kvikmyndaleikstjóra á Íslandi við Ríkisútvarpið en í þjónustusamningi við menntamálaráðherra eru bindandi ákvæði um hlut innlendra framleiðenda í dagskrá Sjónvarps. Forkólfar félaganna geta varla talast við, þeir Hjálmtýr Heiðdal og Baltasar Kormákur. Heyrast raddir að líklega verði að setja þá báða á hilluna eða senda þá á færninámskeið í samskiptum.

iPod endurfæddur

iPod nano 4 GB
Glæný hönnun / Nýir litir / Spilar myndbönd / Bjartari skjár
Nýtt stýrikerfi / Cover Flow / Hljóðbækur / Leikir / Myndir
18.990

iPod touch
8 GB / svartur 29.990*
16 GB / svartur 39.990*

iPod classic
80 GB / silfur 33.990
80 GB / svartur 33.990
160 GB / silfur 47.990
160 GB / svartur 47.990

iPod nano
4 GB / silfur 18.990
8 GB / silfur 24.990
8 GB / blár 24.990
8 GB / grænn 24.990
8 GB / svartur 24.990

iPod shuffle
1 GB / silfur 9.990
1 GB / blár 9.990
1 GB / grænn 9.990
1 GB / fjólublár 9.990

* Væntanlegur í nóvember.
* Verð er með fyrirvara um tollflokkun.

Apple IMC Humac ehf.
apple.is 534 3400

Laugavegur 182 | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
Kringlan | Opið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar

eitthvað alveg
einstakt

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

Arnarneshæð

Ég bý á besta stað

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallegt útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.

Sýning á glæsilegum, innréttuðum íbúðum í dag frá kl. 14-16

Söluskrifstofa í Hofakri 1

Komdu við á söluskrifstofu okkar, Hofakri 1 í Garðabæ og kynntu þér kosti Arnarneshæðar. Nánari upplýsingar í síma 530 1500.

Nýjar íbúðir

Vorum að taka til sýningar tvær glæsilegar íbúðir, fullbúnar húsgögnum frá EGG.

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

Verkefni á vegum hanza

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

STUÐ MILLI STRÍÐA í öðrum heimi, eða hvað?

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR ER VEIK FYRIR SÁPUM

Sápuóperur eiga sér ákveðinn sess í lífi margra, og ég held að þær eigi sérstaklega vel við kjaftasöguþjóðina. Flestir myndu þó neita því alfarið að þeir horfi á þær, en staðreyndin er sú að mörg okkar eru veik fyrir þessum froðukenndu og óraunverulegu þáttum. Og það skiptir engu máli þótt maður horfi ekki í nokkrar vikur, jafnvel ekki nokkra mánuði. Þegar þú ert á annað borð kominn inn í sápurnar tekur enga stund að komast inn í þær aftur.

Samband mitt við sápuóperur hófst í kennaraverkfallinu árið 1995. Þá var ég grunnskólanemi og eftir nokkurra vikna verkfall var mér farið að leiðast. Kennaranum, móður minni, leiddist líka. Ég man ekki nákvæmlega hvernig það atvikaðist, en einn daginn prófuðum við að horfa saman á þátt af Leiðarljósi. Einn þáttur varð að mörgum og þegar kennaraverkfallinu loksins lauk var Leiðarljós orðið að föstum punkti í minni tilveru. Það var samt ekki alveg nægilega töff, afar og ömmur vina minna voru eina fólkið sem ég þekkti sem horfði á þessa þætti. Svo ég ákvað að prófa Nágranna í staðinn. Það vildi þó ekki betur til en svo að í staðinn fyrir að skipta um sápuóperu bætti ég tveimur nýjum í safnið. Glæstar vonir voru nefnilega alltaf sýndar á undan Nágrönnum og þá var hægt að horfa á alla þrjá þættina í röð.

Síðan þá hafa liðið tólf ár. Óteljandi karakterar í sápunum þremur hafa byrjað saman, hætt saman, rifist, slegist, horfið, dáið, risið aftur upp frá dauðum, misst minnið og svo framvegis. Í þessum óraunverulegu litlu heimum er hvers kyns baktjaldamakk mjög algengt og hreinlega nauðsynlegt í góðum söguþræði.

Eftir því sem ég hugsa meira út í það eru sápuóperurnar kannski ekki svo óraunverulegar. Gætu atburðir síðustu daga til dæmis ekki sómað sér vel í Leiðarljósi? Og hver hefur tíma fyrir tilbúna og leikna þætti þegar alvöru sápuóperur eins og REI, laun útvarpsstjórans og gengi landsliðsins eru að gerast beint fyrir framan nefið á manni?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Noli Me Tangere. VERK EFTIR MAGNÚS KJARTANSSON

Magnús Kjartansson í Grafarvogskirkju

Í guðsþjónustu í Grafarvogskirkju í dag kl. 11 verður opnuð sýning á málverkum Magnúsar Kjartanssonar myndlistarmanns. Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur predikar og séra Vigfús Þór Árnason þjónar fyrir altari. Enn fremur mun Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur flytja erindi um myndlistarmanninn.

Magnús Kjartansson myndlistarmaður lést fyrir aldur fram árið 2006. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðar við Konunglegu Dönsku listakademíuna. Magnús hélt margar einkasýningar á myndverkum sínum og tók þátt í mörgum samsýningum heima og erlendis. Hann rak ásamt öðrum myndlistarmönnum Gallerí Sólon Íslandus. Hann var einnig þátttakandi í rekstri leirlistaverkstæðis Koggu að Vesturgötu 5. Magnús fékk margar viðurkenningar og verðlaun sem myndlistarmaður. Meðal annars fékk hann verðlaun í alþjóðlegri samkeppni myndlistarmanna í Lúxemborg 1972, Menningarverðlaun DV 1986, Starfslaun menntamálaráðuneytisins 1980, 1988 og 1990.

Vigfús Þór Árnason sóknarprestur í Grafarvogskirkju er hugmyndasmiður sýningarinnar. „Magnús setti upp sýningu í Grafarvogskirkju fyrir 15 árum síðan og á henni heillaðist ég gjörsamlega af verkum hans. Eftir að hann lést fór mig að langa til að setja upp minningarsýningu um þennan einn fremsta myndlistarmann þjóðarinnar hér í kirkjunni.“

Verkin sem eru til sýnis í Grafarvogskirkju að þessu sinni eru þau sömu og voru sýnd þar fyrir 15 árum, að nokkrum nýrri verkum viðbættum. Vigfús segir verk Magnúsar passa vel inn í umhverfi kirkjunnar. „Það eru viss trúarstef í myndum hans og því þykir mér afar viðeigandi að hafa þau til sýnis í kirkjunni, en þau munu hanga á veggjunum inn allt kirkjurýmið.“

Sýningin er öllum opin á opnunartímum kirkjunnar. „Það er ef til vill eilítið óvenjulegt fyrir fólk að fara á myndlistarsýningu í kirkju, en það er stundum sagt að móðir listarinnar sé kirkjan og því má kannski segja að þar sé hennar annað heimili,“ segir Vigfús að lokum.

vigdis@frettabladid.is

Magris á Íslandi

Ítalski rithöfundurinn Claudio Magris heldur fyrirlestur um bók sína, Alla Cieca, sem kemur út um þessar mundir á Norðurlöndunum, í Norræna húsinu á morgun kl. 17.30. Bókin fjallar að hluta til um Ísland og mun höfundur gera því sérstaklega skil í fyrirlestrinum. Hann hefur gengið svo langt að skilgreina bókina sem „íslenska skáldsögu“.

Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samvinnu við ítalska sendiráðið í Ósló og er í tengslum við menningarviku ítalskrar tungu, 22.-30. október sem haldið er upp á víða um heim.

Skrif Magris eru oft fræðilegs eðlis og lýsa mikilli þekkingu hans og innsæi á viðfangsefninu. Fræðilegar vangaveltur haldast í hendur við heillandi lýsingar á fólki og stöðum, ævintýralegar frásagnir og oftar en ekki kaldhæðnislegan húmor. Honum hefur verið líkt við ítalska heimspekinginn Benedetto Croce og menningarsagnfræðingana Jacob Burckhardt og Egon Friedell. Magris sagði eitt sinn að skriftir væru ekkert annað en umritun: Jafnvel þegar höfundur er að skapa, þá byggir hann alltaf á atburðum sem lífið hefur gert hann þátttakanda í. Án hversdagslegra upplifana væru margar blaðsíður enn óskrifaðar.

MARGVERÐLAUNAÐUR Claudio Magris.

Magris hefur unnið til fjölda verðlauna. Hann fékk gullorðu hjá Círculo de Bellas Artes í Madrid 2003 og Prince of Asturias-verðlaunin 2004 fyrir framlag sitt til bókmennta. 2005 hlaut hann Giuseppe Tomasi di Lampedusa bókmenntaverðlaunin. Í ár var hann tilnefndur til Nóbelsverðlauna.

Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, er öllum opinn og boðið verður upp á léttar veitingar að honum loknum.

vigdis@frettabladid.is

VERÐ FRÁ 67.000 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI

Björgvin Halldórsson, ásamt stórhljómsveit og strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Konunglegu Óperunnar í Kaupmannahöfn, kemur fram á stórtónleikum í CIrkusbygningen í Kaupmannahöfn, sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl 2008.

Gestasöngvarar: Stefán Hilmarsson, Svala Björgvins, Sigga Beinteins, Eyjólfur Kristjánsson, Regína Ósk o.fl.

Tónleikarnir fara fram undir borðhaldi og síðan er dansleikur til kl. 02:00 þar sem Björgvin og hljómsveit hans, ásamt gestasöngvurum, halda uppi stuðinu.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum

VISA Punktarnir upp í · Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Du Nord og miði á tónleika og dansleik ásamt 3ja rétta kvöldverði (frá kl. 19:30 til 22:00) í Cirkusbygningen 24. apríl. Hægt er að velja um gistingu á fleiri hótelum í Kaupmannahöfn og í allt að 4 nætur. Í boði eru flugferðir til Kaupmannahafnar 23. eða 24. apríl og frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur 25., 26. eða 27. apríl. Eingöngu bókanlegt á netinu! Takmarkað sætaframboð!

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Lykill að fortíðinni

Reykjavík 871 ±2

Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Aðalstræti 16
www.reykjavik871.is

Minjasafn Reykjavíkur

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggnast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Markaðurinn alla daga

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Besta kvöldið til þessa

Það var mikið líf á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni á föstudagskvöld. Trausti Júlíusson og Steinþór Helgi Arnsteinsson fylgdust með gangi mála.

OF MONTREAL Stóðust væntingar á tónleikum sínum í Listasafninu en lítið meira en það. Flott band engu síður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Föstudagskvöldið byrjaði með Mr. Sillu og Mongoose á Nasa. Fyrri hlutinn hjá þeim var naumhyggjulegt gítarplokk sem Mr. Silla söng yfir, en í seinni hlutanum bættust trommari og trompetleikari í hópinn. Mr. Silla er hreint mögnuð söngkona. Kallaði fram gæsahúð. Næst á svið á Nasa var Bloodgroup sem var í miklu stuði, en eitthvað fannst mér hljómurinn koma illa út.

Á Listasafninu var Trentemøller að trylla lýðinn með tvo hljóðfæraleikara sér til fulltingis og nostalgíukennt myndefni frá sjötta áratugnum var sýnt á skjám, m.a. myndir af pin-up drottningunni Betty Page. Vel upp byggt og skemmtilegt. Fullt af tilvísunum í tónlistarsöguna. Á Nasa sá ég Skakkamanage klára sitt sett með aðstoð frá Örvari í Múm í gervi einhenta munnhörpuleikarans. Ég var mjög spenntur fyrir næstu sveit, Prinzhorn Dance School sem er á mála hjá DFA-útgáfunni. Og ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Dansrokk með sterkum post-pönk áhrifum. Öll þrjú klædd í svart og mjög svöl á sviði. Ótrúlega einföld tónlist, eins og það væri búið að skera burt allan óþarfa. Næst voru það svo Múm í Listasafninu. Hljómurinn þar var vondur í byrjun, en lagaðist þegar á leið. Þeir tónleikar voru enn frekari staðfesting á því hvað það er mikið af flottum lögum á nýju Múm plötunni. Eftir töluverða bið kom svo heitasta bandið á Airwaves 2007, of Montreal á sviðið í glysgöllum. Flott band.

Næst kíkti ég á Computer Club á Lídó. Þeir voru án trommuleikarans síns sem náði ekki til landsins og voru ekki að gera neitt fyrir mig. Ghostigital voru hins vegar að gera góða hluti á Nasa. Þeir eru bara að verða harðari ef eitthvað er. Það var svo Hairdoctor sem kláraði kvöldið með þrusu fínu setti sem endaði á tveimur remixum, Moss með Gus Gus með þátttöku Daníels Ágústs og Urðar og All Those Beautiful Boys með Reykjavík! með þátttöku Hauks. Snilldarendir á besta kvöldinu hingað til.

Hápunktar Trausta: Mr. Silla og Mongoose og Prinzhorn Dance School.

DEERHOOF Krafturinn greip mann heljartökum og sleppti manni ekki fyrr en tónleikunum lauk.

Kvöldið hófst á rokksveiflu á Gauknum. Fyrst sá ég Weapons, sem er hin bærilegasta rokksveit með nokkrum góðum slögurum, og síðan Sudden Weather Change en sú sveit er líklegasta ferskasta og besta nýja rokkhljómsveit sem ég hef heyrt í á Íslandi í langan tíma. Þrír gítarleikarar, þéttur trommuleikur, groddaralegur bassi og skemmtilegar raddanir og harmóníur var nóg til þess að láta mann standa hálf stjarfan á gólfinu með gæsahúð. Eftir þessa upplifun þarfnaðist ég smá rýmis og dreif mig yfir á Trentemøller sem var betri en ég átti von á.

Skakkamanage voru líka að gera góða hluti á Nasa og lokalagið, Colonial, var algjört dúndur. Því næst var aftur drifið sig yfir á Gaukinn þar sem Reykjavík! var byrjuð að trylla lýðinn. Líklegast besta rokkhljómsveit Íslands í dag. Stemningin í húsinu var góð og minnkaði ekki þegar Deerhoof steig á stokk. Og þvílíkt og annað eins! Deerhoof, með trommarann Greg Saunier fremstan í flokki, var ein besta tónleikaupplifun sem ég hef nokkru sinni orðið vitni að á Airwaves. Tilraunamennskan, ákefðin og krafturinn greip mann heljartökum og sleppti manni ekki fyrr en að tónleikunum loknum. Ótrúlegt, ég segi ekki annað.

Á Listasafninu stóðust of Montreal væntingar en lítið meira en það. Skemmtilega hommaleg en náðu ekki að halda spenningnum frá upphafi til enda. Á Nasa voru Gus Gus í brjálæðri sveiflu með Krumma, Daníel Ágúst, Curver og Einar Örn með sér í liði. Ghostigital settu svo flottan punkt yfir i-ið á þessu frábæra kvöldi.

Hápunktar Steinþórs: Sudden Weather Change og Deerhoof.

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

THE HEARTBREAK KID	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE HEARTBREAK KID LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
RESIDENT EVIL 3	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	14
SUPERBAD	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 1.30 - 4	
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 2	
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL	kl. 1.30 300 kr. Sið. sýningar	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

RESIDENT EVIL 3	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.15	12
EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 5.40 - 8	12
ALEXANDRA ENSKUR TEXTI	kl. 3 - 6	14
HALLOWEEN	kl. 8 - 10.30	16
SHOOT 'EM UP	kl. 10.20	16
HAIRSPRAY	kl. 3	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu

SYNDIR FEÐRANNA	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.20 - 8 - 10.20	16
THE KINGDOM	kl. 5.40 - 8	14
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 4 - 6 - 10.20	14
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	

SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

THE HEARTBREAK KID	kl. 4 - 8 - 10.10	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 6 - 8	14
THE KINGDOM	kl. 6 - 10	16
HÁKARLABEITA	kl. 4	

SAMbíóin www.SAMbio.is ☎ 575 8900 midi.is

ÁLFABAKKA

HEARTBRAKE KID	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
HEARTBRAKE KID	kl. 12:30 - 8 - 10:30	VIP
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	Forsýning kl. 1	L
THE BRAVE ONE	kl. 8 - 10:30	16
STARDUST DIGITAL	kl. 12:30 - 3D - 5:30D - 8 - 10:30	10
STARDUST	kl. 3 - 5:30	VIP
NO RESERVATIONS	kl. 5:30 - 8	L
CHUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:30	12
SUPER BAD	kl. 10:30	12
BRATZ	kl. 3	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 1 - 3 - 5:30	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 1	L

KRINGLUNNI

IN THE LAND OF WOMEN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	Forsýning kl. 2	L
THE KINGDOM	kl. 8 - 10:20	10
THE BRAVE ONE DIGITAL	kl. 5:50D - 8D - 10:20D	16
STARDUST DIGITAL	kl. 2D - 5D	10
ASTRÓPÍÁ	kl. 3:50	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L

AKUREYRI

ÍÞRÓTAHETJAN ÍSL TAL	kl. 2	L
STARDUST kl. 3:40	- 5:50 - 8 -10:20	10
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 2	L
BRATZ - THE MOVIE	kl. 4	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 6	L
THE BRAVE ONE	kl. 8 - 10:20	12

KEFLAVÍK

THE HEARTBREAK KID	kl. 5 - 8 - 10:20	12
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8	12
NO RESERVATION	kl. 10	L
STARDUST	kl. 2	10
VEÐRAMÓT	kl. 5:40	16
HÁKARLABEITA ÍSL TAL	kl. 3:50	L
ÍÞRÓTTAHETJAN ÍSL TAL	kl. 2	L

SELFOSSI

STARDUST	kl. 3 - 5:30 - 8	10
SUPERBAD	kl. 8 - 10:20	12
BRATZ	kl. 3:40	L
HAIRSPRAY	kl. 5:50	L
3:10 TO YUMA	kl. 10:30	16
SHARK BATE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L
ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL	kl. 2	L

Æfingar hafnar á Superstar

„Þetta leggst vel í mig, við erum bara að fara að djöfla þessu af stað,“ segir Björn Hlynur Haraldsson en hann leikstýrir söngleiknum Jesus Christ Superstar sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu hinn 28. desember. Æfingar hófust síðastliðinn mánudag. „Þetta er opið í alla enda enn þá. Við erum bara að búa allt til frá grunni, láta fólk syngja og útsetja tónlistina.“

Það er sem kunnugt er Hrafn Björgvinsson, betur þekktur sem Krummi í Mínus, sem leikur Jesús sjálfan en félagar hans úr Mínus, þeir Bjarni Sigurðarson og Björn Stefánsson, sjá um tónlistina. Þegar Björn Hlynur er inntur eftir því hvort Krummi sé sannfærandi sem Jesús Kristur stendur ekki á svari. „Það er alveg á hreinu. Krummi er eini maðurinn sem getur gert þetta eins og ég sé hann fyrir mér.“

BARA KRUMMI Björn Hlynur Haraldsson leikstýrir Jesus Christ Superstar. „Krummi er eini maðurinn sem getur leikið Jesús eins og ég sé hann fyrir mér,“ segir hann.

Með önnur aðalhlutverk fara þeir Jens Ólafsson úr Brain Police sem mun fara með hlutverk hins svikula Júdasar, Lára Sveinsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson. Sýningin er stór og fleiri tugir einstaklinga koma að henni á einn eða annan hátt. Björn Hlynur þvertekur þó fyrir að honum vaxi verkið í augum á frumstiginu. „Nei, alls ekki. Þetta er bara skemmtilegt.“

Krummi sjálfur lá ekki á skoðun sinni þegar Fréttablaðið talaði við hann. „Þetta gengur ótrúlega vel enda allt í sýninguna lagt. Leikmyndin er geðveik, búningarnir eru geðveikir og lögin eru geðveik. Þetta verður bara geðveikt!“

- sók

Gosling á lausu

Ryan Gosling segir aðdáendur kvikmyndarinnar The Notebook vera reiða út í hann, eftir að það spurðist út að hann og Rachel McAdams, mótleikkona hans í myndinni, hefðu skilið að skiptum eftir nokkurra ára samband. Hann staðfesti sambandsslitin í viðtali við GQ og sagði konur vera brjálaðar út í sig. „Það kom stelpa upp að mér úti á götu og sló mig næstum því,“ sagði hann. „Mig langar næstum að faðma fólk að mér, það virðist svo leitt. Rachel og ég ættum að vera þau sem fá faðmlögin! Í staðinn erum við að hughreysta aðra,“ sagði leikarinn.

Gosling og McAdams kynntust við tökur á The Notebook, sem varð feikna vinsæl. „Guð blessi The Notebook. Þar kynntist ég einni stærstu ást lífs míns,“ segir Gosling.

SKILIN AÐ SKIPTUM Ryan Gosling og Rachel McAdams, sem kynntust við tökur á myndinni The Notebook, eru skilin að skiptum.

NORDICPHOTOS/GETTY

> Allan Dyring í Fylki

Danski framherjinn Allan Dyring mun spila með Fylki næsta sumar en þetta kom fyrst fram á vefsíðu fótbolta.net í gærkvöldi. Dyring hefur leikið með FH undanfarin tvö tímabil og skoraði 4 mörk í 18 leikjum í Landsbankadeildinni. Hann fékk hins vegar fá tækifæri í sumar, kom aðeins fjórum sinnum inn á sem varamaður og var síðasta í leikmannahópnum gegn Keflavík 28. júlí. Dyring og FH komust síðan að samkomulagi um samningslok áður en tímabilinu lauk. Dyring sem er 28 ára gamall og mun fylla skarð landa síns Christian Christiansen sem mun ekki spila áfram með Árbæjarliðinu.

sport

sport@fretta-

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR, KNATTSPYRNUKONA ÁRSINS: ER LEIÐ YFIR UMRÆÐUNNI UM SAMANTEKIN RÁÐ

Ég kaus sjálf Margréti Láru besta leikmanninn

Hólmfríður Magnúsdóttir var á föstudagskvöldið kosin besta knattspyrnukona ársins eftir flotta frammistöðu sína með bikarmeistaraliði KR. Hólmfríður vann sig út úr erfiðum meiðslum á undirbúningstímabilinu og skoraði 15 mörk í 13 leikjum í Landsbankadeildinni í sumar.

„Ég er mjög ánægð með þessi verðlaun. Þetta kom mér mjög á óvart og ég var nú bara á barnum að panta mér drykk þegar þetta var tilkynnt," rifjar Hólmfríður upp hlæjandi. „Ég meiddist illa í mars en náði að halda forminu meðan að ég var meidd. Ég gerði allt sem ég gat til þess. Læknarnir sögðu að ég mætti ekkert byrja að spila fyrr en um miðjan júlí og ég var neikvæð fyrst á eftir," segir Hólmfríður sem hefur lagt mikið á sig. „Ég æfði eins og geðsjúklingur til þess að komast aftur inn á völlinn," sagði Hólmfríður en þegar hún meiddist brotnaði viðbeinið og stakkst inn í brjóstholið. „Ég var mjög neikvæð fyrst og hélt að þetta væri búið. Ég var í fatla í fjórar vikur og missti úr vinnu í tvo mánuði. Ég hélt að ég myndi missa af meira en helmingnum af Íslandsmótinu en ég missti nú bara af þremur leikjum. Það höfðu svo margir trú á mér og þá fékk ég trúna aftur sjálf að ég gæti þetta," segir Hólmfríður.

Hólmfríður játar því að umræða um samantekin ráð um að kjósa Margréti Láru Viðarsdóttur ekki besta hafi áhrif á sig. „Ég trúi því ekki að leikmenn í meistaraflokki kjósi ekki eftir eigin sannfæringu þegar að þeir eru komnir með kjörseðilinn í hendurnar. Ég kaus Margréti Láru sjálf besta leikmanninn og ég kaus Fanndísi efnilegasta. Við erum tveir ólíkir leikmenn og ég er sem dæmi ekki senter. Ég get alveg viðurkennt það að mér finnst það svolítið leiðinlegt að þegar að maður er valinn bestur þá lesi maður frétt undir fyrirsögninni, skandall," segir Hólmfríður og vísar í grein á vefsíðunni fótbolti.net.

Hólmfríður verður áfram í vesturbænum þó svo að hún sé tilbúin að prófa aftur að spila erlendis. „Ég á eitt ár eftir af samningnum hjá KR en ég get farið út ef ég vil. Ég mun skoða öll tilboð," segir Hólmfríður.

WEST HAM
FULHAM

Verð á mann í tvíbýli

49.300 KR.

11.–13 JANÚAR

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Liverpool, Birmingham og Blackburn.

+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir

WWW.ICELANDAIR.IS

Liverpool vann borgarslaginn naumt

Átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærdag þar sem sigurganga Arsenal hélt áfram, Chelsea vann á útivelli og Wayne Rooney skoraði tvö mörk fyrir Manchester United sem vann Aston Villa 4-1.

FÓTBOLTI Átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær en staðan er óbreytt á toppnum þar sem sjö efstu liðin unnu öll leiki sína. Arsenal hélt sigurgöngu sinni áfram, Manchester liðin United og City unnu bæði sína leiki og Liverpool vann borgarslaginn gegn Everton.

Arsenal vann lánlaust lið Bolton 2-0 á heimavelli sínum og heldur því toppsæti deildarinnar áfram. Arsenal átti í þó nokkrum vandræðum í leiknum gegn baráttuglöðu liði Bolton og fyrsta markið kom ekki fyrr en á 68. mínútu þegar Kolo Toure skoraði. Arsenal náði svo að bæta öðru marki við þegar tíu mínútur voru til leiksloka þegar Tomas Rosicky skoraði eftir undirbúning varamannsins Theo Walcott og þar við sat. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, sá ástæðu til þess að hrósa liði Bolton eftir leikinn. „Þeir gerðu okkur lengi vel erfitt fyrir og eru með reynda og góða leikmenn, en við vorum verðlaunaðir fyrir þolinmæðina og ég var mjög ánægður með að við héldum okkar leikskipulagi til enda," sagði Wenger.

Elano var enn og aftur bjargvættur Manchester City og skoraði sigurmarkið gegn Birmingham í gær og Sven-Göran Eriksson, stjóri Mancester City, var ánægður með sinn mann. „Hann er frábær leikmaður og er að skora mikilvæg mörk og ég held að hann eigi eftir að bæta sig enn meira á næstu árum," sagði Eriksson.

Manchester United vann Aston Villa 1-4 á Villa Park eftir að hafa lent undir í leiknum. Wayne Rooney skoraði tvö mörk fyrir United og feilaði einni vítaspyrnu í leiknum, en Rio Ferdinand og Ryan Giggs skoruðu hin mörkin tvö. Alex Ferguson, stjóri United, var í hæstu hæðum í leikslok. „Þetta er sennilega besti leikur okkar á tímabilinu. Það eru vonbrigði hvað við erum búnir að skora lítið til þessa á tímabilinu þannig að þetta voru frábær úrslit," sagði Ferguson.

TVÖ VÍTI Dirk Kuyt tryggði Liverpool sigur á Everton með því að skora út tveimur vítaspyrnum. Hér skorar hann úr seinni spyrnunni í uppbótartíma. NORDICPHOTOS/GETTY

MIKILVÆGUR Elano er að spila frábærlega með Manchester City í ár og tryggði þeim sigur gegn Birmingham í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Það er alltaf mikið undir þegar Everton og Liverpool mætast og leikurinn í gær var engin undantekning. Liverpool vann leikinn 1-2 eftir að hafa lent undir í fyrri hálfleik, en tvö mörk úr vítaspyrnum frá Dirk Kuyt voru nóg til þess að Liverpool hirti öll stigin. Everton missti mann útaf með rautt spjald í hvoru vítinu fyrir sig, því fyrra í byrjun síðari hálfleiks og því seinna í uppbótartíma. Eftir markið var Everton svo neitað um vítaspyrnu á lokaandartökum leiksins og David Moyes, stjóri Everton, var því skiljanlega súr í bragði í leikslok. „Svona er fótboltinn. Ákvarðanir eru ekki alltaf þér í hag og mér fannst við eiga skilið að fá víti í lokin og jafntefli hefðu verið sanngjörn úrslit," sagði Moyes svekktur.

omar@frettabladid.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Bolton	2-0
1-0 Kolo Toure (68.), 2-0 Tomas Rosicky (80.).	
Aston Villa-Man. United	1-4
1-0 Gabriel Agbonlahor (12.), 1-1 Wayne Rooney (36.), 1-2 Wayne Rooney (44.), 1-3 Rio Ferdinand (45.), 1-4 Ryan Giggs (75.)	
Blackburn-Reading	4-2
1-0 Benni McCarthy (18.), 2-0 Roque Santa Cruz (22.), 3-0 Kerimoglu Tugay (32.), 3-1 Kevin Doyle (80.), 4-1 Benni McCarthy (82.).	
Everton-Liverpool	1-2
1-0 Sjálfsm. (38.), 1-1 Dirk Kuyt (54.), 1-2 Dirk Kuyt (90.+2).	
Fulham-Derby County	0-0
Man. City-Birmingham	1-0
1-0 Elano (37).	
Middlesbrough-Chelsea	0-2
0-1 Didier Drogba (8.), 0-2 Alex (57.).	
Wigan-Portsmouth	0-2
0-1 Mwaruwari (81.), 0-2 Glen Johnson(86.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

Arsenal	**9**	**8**	**1**	**0**	**21-6**	**25**
Man. United	10	7	2	1	15-3	23
Man. City	**10**	**7**	**1**	**2**	**15-7**	**22**
Liverpool	9	5	4	0	16-5	19
Portsmouth	**10**	**5**	**3**	**2**	**19-12**	**18**
Blackburn	9	5	3	1	13-8	18
Chelsea	**10**	**5**	**3**	**2**	**10-8**	**18**
Newcastle	8	4	2	2	13-10	14
Aston Villa	**9**	**4**	**2**	**3**	**13-12**	**14**
Everton	10	4	1	5	13-13	13
West Ham	**8**	**3**	**1**	**4**	**9-8**	**10**
Reading	10	3	1	6	12-22	10

Kjör leikmanna Landsbankadeildar kvenna í knattspyrnu á besta leikmanni deildarinnar í sumar:

Er öfundin og afbrýðisemin svona mikil út í bestu knattspyrnukonu landsins?

Leikmenn Landsbankadeildar kvenna urðu sér og kvenna-knattspyrnunni á Íslandi til skammar með því að ganga framhjá Margréti Láru Viðarsdóttur í kosningu sinni á besta leikmanni Landsbankadeildar kvenna.

Með fullri virðingu fyrir KR-ingnum Hólmfríði Magnúsdóttur sem stóð sig mjög vel og var kosin best, þá var Margrét Lára yfirburðamaður í deildinni. Það virðist því vera sem öfund og samantekin ráð leikmanna hafi hér ráðið um hver fengi verðlaunin.

Margrét Lára Viðarsdóttir er besti leikmaður Vals og mikill leiðtogi í Íslandsmeistaraliðinu. Hún skoraði 38 mörk í 16 leikjum og bætti ársgamalt markamet sitt sem fáir töldu að væri hægt og hafði fyrir þann tíma staðið óhaggað í 25 ár. Það var aðeins eitt lið (KR) sem skoraði fleiri mörk en Margrét Lára og hún skoraði tvöfalt fleiri mörk en Hrefna Huld Jóhannesdóttir sem fékk silfurskóinn. Margrét Lára lagði auk þess upp stóran hluta af hinum 50 mörkunum sem Valur skoraði.

Valur og KR háðu einvígi um titilinn í sumar og mættust í tveimur úrslitaleikjum. Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli þar sem Margrét Lára tryggði Valsliðinu jafntefli með því að skora jöfnunarmarkið. Valur vann síðan seinni leikinn, óopinberan úrslitaleik, 4-2 á KR-vellinum. Margrét Lára skoraði tvö mörk, lagði upp eitt og átti stóran þátt í undirbúningi þess fjórða. Hún átti því þátt í öllum fimm mörkum Valsliðsins í toppleikjunum við KR, mörk sem tryggðu Valsliðinu fjögur stig sem gerðu útslagið í baráttunni um titilinn. Margrét Lára skoraði síðan tvennu í báðum sigrunum á Breiðabliki (3. sæti) og sjö mörk í leikjunum gegn Keflavík (4. sæti). Hún var því allt í öllu gegn bestu liðum deildarinnar.

Kröfurnar sem settar eru á Margréti Láru eru engu líkar og það að hún skyldi standast þær með jafnglæsilegum hætti er mikið afrek.

Hún er stjarna íslenskrar kvennaknattspyrnu og er mikið í sviðsljósinu, greinilega of mikið að mati margra kollega hennar í Landsbankadeild kvenna. Þeir leikmenn gerðu sér og öllum kvennaboltanum mikinn grikk með því að láta öfund og afbrýðisemi leiða sig út í að ganga fram hjá langbesta leikmanni Landsbankadeildar kvenna.

Eftir stendur að verðgildi kosningarinnar er hrunið og kröfur hljóta að vera háværar að KSÍ leiti leiða til þess að koma í veg fyrir önnur eins „mistök" í framtíðinni.

UTAN VALLAR

ÓSKAR Ó. JÓNSSON

segir sína skoðun

ooj@frettabladid.is

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

UEFA CHAMPIONS LEAGUE®

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30

DYNAMO KYIV
MAN. UTD.

MEISTARADEILDIN

STÓR LEIKIR



GOTT FÓLK

Á ÞRIÐJUDAG KL. 16:20
CSKA Moskva – Inter Sýn

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
Dynamo Kyiv – Man. Utd. Sýn
Arsenal – Slavia Prag Sýn Extra
Rangers – Barcelona Sýn Extra 2

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30
Besiktas – Liverpool Sýn
Chelsea – Schalke Sýn Extra
AC Milan – Shakhtar Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 20:40

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

sýn
besta sætið

MARKASKORARI Gary Lineker var öflugur á sínum tíma og getur eflaust gefið syninum góð ráð. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Chelsea semur við Lineker

FÓTBOLTI **Tobias Lineker, 11 ára gamall sonur hins fræga markaskorara Gary Lineker, hefur skrifað undir unglingasamning við Chelsea.**

„Tobias er mjög efnilegur leikmaður og öll liðin í London voru á eftir honum. Við bindum miklar vonir við hann og ef til vill verður hann framtíðar framherji Englands," sagði ónafngreindur innanbúðarmaður hjá Chelsea í viðtali við The Sun. Gary Lineker var að vonum ánægður fyrir hönd sonar síns, sem hafði verið orðaður við Arsenal og svo Tottenham, þar sem pabbi hans gerði áður garðinn frægan. - óþ

AF HVERJU? Jens Lehmann er eflaust afar ósáttur með stöðu sína hjá Arsenal í augnablikinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Jens Lehmann úti í kuldanum

FÓTBOLTI Jens Lehmann, hinn 37 ára gamli markvörður Arsenal, var ekki valinn í hóp Arsenal þegar liðið mætti Bolton í gær.

Búist var við því að Lehmann myndi fá tækifæri á ný í byrjunarliði Arsenal eftir að hafa jafnað sig á meiðslum, en Arsene Wenger, stjóri liðsins, ákvað að halda tryggð við Manuel Almunia. „Ég hef ákveðið að spila áfram með sama lið sem er búið að vera spila vel upp á síðkastið. Við eigum þrjá heimsklassa markmenn hjá Arsenal og Lehmann verður að skilja það að hann getur ekki gengið sjálfkrafa inn í liðið eftir meiðslin," sagði Wenger á blaðamannafundi fyrir leikinn í gær. - óþ

Búið að vera gremjulegt ár

Síðasta árið hefur ekki verið neinn dans á rósum hjá handknattleikskappanum Einari Hólmgeirssyni. Hann hefur meiðst illa þrisvar sinnum síðan um áramót og hefur þar af leiðandi lítið getað sýnt sig hjá stórliði Flensburg. Fréttablaðið tók hús á Einari ytra á dögunum og spurði hann út í lífið og tilveruna.

HÚSIÐ Í FLENSBORG Einar Hólmgeirsson og Elfa Björk Hreggviðsdóttir fyrir framan heimili sitt í Flensburg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson er enn og aftur kominn á meiðslalistann en það á ekki af þessum 25 ára Breiðhyltingi að ganga. Hann hefur meiðst illa í þrígang síðan um áramótin síðustu og verður ekki með landsliðinu um næstu helgi gegn Ungverjum. Hann ætti þó að verða klár í slaginn fyrir EM í janúar.

Nýjasta áfallið dundi yfir í Meistaradeildarleik gegn Ciudad Real í lok september en þá var Einar borinn sákvalinn af velli meiddur á læri. Það var grátleg niðurstaða fyrir Einar sem fékk langþráð tækifæri í leiknum eftir að hafa setið á bekknum í nánast öllum leikjum vetrarins fram að því.

„Þetta er búið að vera gremjulegt ár. Í lokaleiknum um síðustu áramót sleit ég liðband í þumli þannig að ég varð að fara í aðgerð og missti þar með af HM. Ég var frá í 11 vikur vegna þeirra meiðsla. Eftir 25 mínútur í mínum fyrsta leik eftir þau meiðsli fékk ég brjósklos sem héldu mér frá út tímabilið," sagði Einar svekktur, en hann byrjaði fyrst að æfa aftur í lok síðasta sumars. Einar missti þar með af undirbúningstímabilinu og það var ein aðalástæðan fyrir því að hann fékk ekkert að spila framan af vetri. Hann neitar því ekki að mótlætið hafi tekið sinn toll á honum.

„Ég var orðinn mjög pirraður á tímabili út í allt. Ég á blessunarlega góða að sem hafa staðið þétt við bakið á mér og stappað í mig stálinu. Það er nauðsynlegt að eiga slíkt fólk að. Hugarfarið skiptir gríðarlega miklu máli og eðlilega dettur maður niður inn á milli og verður létt þunglyndur í svona mótlæti. Maður reynir samt að vera jákvæður og horfa fram á veginn," sagði Einar sem telur mikilvægt að eiga góða að og hann segist ekki geta verið án unnustu sinnar, Elfu Bjarkar Hreggviðsdóttur.

Í LEIK MEÐ FLENSBURG Einar Hólmgeirsson sést sér í leik með Flensburg gegn Ciudad Real í Meistaradeildinni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef ég væri einn hérna þá myndi mér hundleiðast. Þá væri maður bara í einhverju djammi og rugli. Svo er gott að hafa einhvern til að tala við þegar illa gengur og lífið er mikið auðveldara með góðum aðila sér við hlið."

Eins og áður segir missti Einar af stærsta HM frá upphafi í janúar og hann er enn að glíma við þau vonbrigði.

„Þetta voru mikil vonbrigði og ég er enn að svekkja mig á því að hafa spilað leikinn sem ég meiddist í. Ég var búinn að vera meiddur og átti ekkert að spila. Þjálfarinn bað mig svo um að spila og ég tók sénsinn. Að sjálfsögðu meiddist ég síðan illa. Þetta var hrikalega svekkjandi og símtalið við Alfreð um kvöldið var erfitt. Þetta voru ekki skemmtilegustu áramótin frá upphafi."

Einar uppfyllti langþráðan draum þegar hann samdi við stórlið Flensburg eftir að hafa leikið með Grosswallstadt í ein þrjú ár. Hann segist hafa fengið gæsahúð þegar Flensburg tók á móti Kiel en stemningin á þeim leikjum er mögnuð og umhverfið hjá Flensburg er að standast allar væntingar skyttunnar.

„Þegar Flensburg reyndi fyrst að fá mig fyrir tveimur árum gekk það ekki upp þar sem ég var samningsbundinn Grosswallstadt. Að fá samt þessa viðurkenningu að Flensburg hefði áhuga á manni var frábær. Ekki skemmdi fyrir að þetta hefur alltaf verið minn uppáhaldsklúbbur. Ég veit ekki af hverju en félagið hefur alltaf heillað mig. Ég var fljótur að stökkva til þegar ég gat loks samið við félagið," sagði Einar sem var löngu búinn að semja við félagið áður en það var gefið opinberlega út. Hann lék því heilt tímabil með Grosswallstadt vitandi að hann væri á förum til Flensburg.

„Það var mjög skrítið og erfitt að halda kjafti fyrstu mánuðina áður en málið spurðist út. Fjölskyldan mín vissi af þessu en ég gat ekki sagt vinum mínum frá nýja samningnum. Ég þurfti því að ljúga að fólki sem var ekki skemmtilegt," sagði Einar en er hann orðinn ríkur eftir að hafa samið við eitt stærsta handboltafélag heims?

„Ég veit það ekki. Ég fæ betri laun en í Grosswallstadt og menn hafa þokkalegt upp úr þessu en ekkert gríðarlega mikið. Lífið er ágætt og maður getur lagt aðeins fyrir. Ég er nú ekkert moldríkur og keyri ekkert um á glæsikerrum. Ég er bara á Golf," sagði Einar og glotti. henry@frettabladid.is

GÓÐ SAMAN Einar Hólmgeirsson og Elfa Björk Hreggviðsdóttir, unnusta hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.expressferdir.is
BOLTINN ER HJÁ OKKUR
CHELSEA – WEST HAM
30. nóv.–2. des.
Verð á mann í tvíbýli
78.900 kr.
LIVERPOOL – BOLTON
30. nóv.–2. des.
Verð á mann í tvíbýli
74.900 kr.
DANMÖRK – ÍSLAND
Undankeppni EM, Parken
21.–22. nóvember
Verð á mann í tvíbýli
39.900 kr.
Einnig í boði að lengja ferðina um einn dag, 20.–22. nóvember
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Þróttur Reykjavík samdi í gær við Sigmund Kristjánsson sem kemur frá KR:

Það er gott að koma heim

FÓTBOLTI Þróttarar, sem á dögunum unnu sér rétt til þess að spila í efstu deild í fótbolta að ári, eru byrjaðir að búa sig undir komandi átök.

Liðið samdi við Sigmund Kristjánsson til þriggja ára í gær. Sigmundur er uppalinn hjá félaginu og spilaði þar í yngri flokkum áður en hann fór erlendis í atvinnumennsku árið 2002, þar sem hann spilaði með unglinga- og varaliðum Utrecht í Hollandi.

Þegar Sigmundur kom aftur heim árið 2004 gekk hann til liðs við KR og spilaði 57 leiki fyrir félagið á þremur tímabilum, þar á meðal 15 leiki í Landsbankadeildinni í sumar.

Sigmundur var samningslaus eftir tímabilið og var meðal annars orðaður við FH og Fylki, þó svo að flestir hafi reyndar reiknað með því að hann yrði áfram hjá KR, en Þróttur varð aftur á móti fyrir valinu á endanum.

SNÝR HEIM Sigmundur Kristjánsson er hér í baráttunni með KR gegn Þrótti árið 2005, en verður kominn í röndótta treyju næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er mjög sáttur með að hafa valið Þrótt. Þetta hafði í sjálfu sér fljótan aðdraganda því ég var búinn að gefa það út að ég ætlaði að taka mér góðan tíma eftir tímabilið til þess að skoða mín mál og ákveða mig, en reiknaði alltaf með því að gera nýjan samning við KR. Þegar Þróttarar komu hins vegar inn í þetta þá heillaði það mig strax mjög mikið og það er gott að koma heim á fornar slóðir," sagði Sigmundur og kvaðst spenntur fyrir komandi verkefni með Þrótti.

„Það er mikil ögrun fyrir mig að fara til Þróttar á þessum tímapunkti og ég hef fullan metnað til þess að hjálpa Þrótti til þess að verða stöðugt úrvalsdeildarlið. Það gengur ekki að vera í einhverju ströggli og vera alltaf að hoppa upp og niður á milli deilda," sagði Sigmundur ákveðinn. - óþ

LEIKMENN ÁRSINS Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR og Helgi Sigurðsson úr Val voru kosin knattspyrnufólk ársins í lokahófi KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lokahóf Knattspyrnusambands Íslands:

Helgi og Hólmfríður voru valin best

FÓTBOLTI Helgi Sigurðsson, leikmaður Íslandsmeistara Vals, og Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður bikarmeistara KR, voru kosin leikmenn ársins í lokahófi KSÍ sem fram fór á föstudagskvöldið.

FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson og Akureyringurinn Rakel Hönnudóttur voru kosin efnilegustu leikmenn deildarinnar. Þá var Garðar Örn Hinriksson valinn besti dómarinn annað árið í röð og í þriðja sinn á síðustu fjórum árum. Prúðustu leikmennirnir í deildunum voru valin Valsararnir Guðmundur Benediktsson og Katrín Jónsdóttir og þjálfarar ársins, Willum Þór Þórsson og Elísabet Gunnarsdóttir, gerðu Val að Íslandsmeisturum í karla- og kvennaflokki. KR fékk besta stuðninginn í karlaflokki en Valur hjá konunum.

Þetta er í fyrsta sinn sem bæði Helgi og Hólmfríður hljóta þessi verðlaun en Helgi varð enn fremur fyrsti Valsmaðurinn í sautján ár til þess að vera kosinn bestur eða síðan Sævar Jónsson var valinn 1990.

Í liði ársins í karlaflokki voru þeir Fjalar Þorgeirsson úr Fylki, Sverrir Garðarsson úr FH, Atli Sveinn Þórarinsson úr Val, Barry Smith úr Val, Dario Cingel úr ÍA, Matthías Guðmundsson úr FH, Baldur Aðalsteinsson úr Val, Bjarni Guðjónsson úr ÍA, Davíð Þór Viðarsson úr FH, Helgi Sigurðsson úr Val og Jónas Grani Garðarsson úr Fram.

Í liði ársins í kvennaflokki voru þær Guðbjörg Gunnarsdóttir úr Val, Alicia Wilson úr KR, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir úr Breiðabliki, Ásta Árnadóttir úr Val, Guðný Björk Óðinsdóttir úr Val, Edda Garðarsdóttir úr KR, Katrín Ómarsdóttir úr KR, Katrín Jónsdóttir úr Val, Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR, Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val og Olga Færseth úr KR. **- óój**

LIÐ ÁRSINS HJÁ KÖRLUNUM Íslandsmeistarar Vals áttu flesta leikmenn í liði ársins í Landsbankadeild karla, eða fjóra, einum fleiri en bikarmeistarar FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÞAU EFNILEGUSTU Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA og Matthías Vilhjálmsson úr FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ENGINN SKÓR Markahæstu leikmenn voru verðlaunaðir en fá gull-, silfur- og bronsskóinn við annað tækifæri þar sem þeir bárust ekki til landsins í tæka tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LIÐ ÁRSINS HJÁ KONUNUM Lið Íslandsmeistara Vals og bikarmeistara KR áttu bæði fimm leikmenn í liði ársins í Landsbankdeild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hönnuður: Svein Asbjørnsen

10 Year HÅG Guarantee

Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

HÅG H09

Framúrskarandi

Margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með hærra baki og höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð kr. 99.900.-

HÅG H05

Þægilegur og sterkur

Mjög sterkur og endingargóður skrifstofustóll, hannaður fyrir mikla notkun. Þetta er einstaklega þægilegur og notendavænn stóll sem slegið hefur í gegn hjá íslenskum notendum.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling fram og aftur
- Stærðarstilling og hæðarstillanlegt bak
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar
- Fæst með höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð kr. 75.760.-

Hönnuður: Peter Opsvik

10 Year HÅG Guarantee

Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

kaldaljós 2007

Hönnuður: Søren Yran

10 Year HÅG Guarantee

Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

HÅG H03

Einstakur

Stóllinn sem uppfyllir allar helstu kröfur um heilsu- og umhverfisvæna stóla. Hann er unninn úr gosflöskutöppum og öðru endurunnu plasti sem gerir hann einstakan í sinni röð.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Stærðarstilling og dýptarstillanleg seta
- Hæðarstillanlegir armar
- Fæst með lægra baki
- Parkethjól

Tilboð kr. 43.900.-

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

Brann tapaði óvænt í Aalesund í gærkvöldi:

Engin sigurveisla

FÓTBOLTI Haraldur Guðmundsson og félagar í Aalesund spilltu sigurveislunni í Bergen með því að vinna 2-1 sigur á Brann í norsku úrvalsdeildinni í gær.

Brann nægði eitt stig til að tryggja sér fyrsta meistaratitilinn síðan 1963 en með liðinu spila einmitt íslensku landsliðsmennirnir Kristján örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson.

Íslensku leikmennirnir voru allir í byrjunarliðinu hjá Brann, Kristján Örn og Ólafur spiluðu allan leikinn en Ármann Smári fór útaf á 53. mínútu. Haraldur Gumundsson átti mjög góðan leik í miðju varnarinnar hjá Aalesund og var einn af bestu mönnum vallarins og sá því til þess að Brann skoraði ekki markið sem þeir þurftu til þess að vinna titilinn.

Brann getur enn orðið norskur meistari áður en liðið spilar sinn næsta leik við Viking í Bergen um næstu helgi. Stabæk heimsækir Viking á mánudagskvöldið og þarf að vinna leikinn til þess að eiga enn möguleika á titlinum.

Takist það ekki verður Brann meistari en Viking sem er stigi á eftir Stabæk á ekki möguleika á því að verða meistari en getur hins vegar haft mikil áhrif á þróun mála. **- óój**

BRAUTRYÐJANDI Gunnlaugur Rögnvaldsson verður á sínum stað í dag og lýsir lokaátökunum í Formúlu 1 í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGASÍN

Aldrei meiri spenna en nú

Gunnlaugur Röngvaldsson barðist fyrir því á sínum tíma að keppni í Formúlu 1 yrði tekin til sýningar hér, en Formúlan færir sig yfir til Sýnar á næsta ári.

FORMÚLA 1 Sjónvarpið fagnar 10 ára afmæli Formúlu 1 um þessar mundir, en Formúlan flytur sig um set og verður á Sýn á næsta ári. Brautryðjandi Formúlunnar á Íslandi, Gunnlaugur Rögnvaldsson, er enn að og lýsir hörkuspennandi lokakeppni í dag og í samtali við Fréttablaðið fór hann í stuttu máli yfir þetta tímabil.

„Ég fylgdist vel með Formúlunni á sínum tíma og fór fjölmargar ferðir út til þess að ljósmynda og skrifa greinar um mótin, en hugmyndin um að berjast fyrir því að Formúlan yrði sýnd á Íslandi kom ekki fram fyrr en í eftirminnilegum kappakstri í Barcelona," sagði Gunnlaugur.

„Þetta var þegar Michael Schumacher vann sinn fyrsta kappakstur fyrir Ferrari í grenjandi rigningu og ég fór að spá af hverju þetta væri ekki sýnt á Íslandi og skrifaði bréf strax á staðnum til þess að kanna möguleikana á að hefja útsendingar á Íslandi. Nokkrum mánuðum síðar var ég kominn í viðræður við íþróttadeild RÚV en mætti svo sem ekki miklum áhuga þar," sagði Gunnlaugur sem var þó ekki af baki dottinn.

„Ég hélt áfram að þrýsta á þá og þá fékkst einhver peningur til þess að prófa þetta árið 1997 og ég var sendur á mína fyrstu keppni á Imola-brautinni á Ítalíu, þar sem ég gerði kynningarþátt fyrir RÚV. Ég hafði náttúrlega enga reynslu af því að vera sjónvarpsmaður og þetta var mikið ævintýri fyrir mig. Ég gisti óvænt á sama hóteli og Ferrari-liðið og þegar ég labbaði upp í lyftu fyrsta kvöldið stóð ég allt í einu við hliðina á goðinu sjálfu, Michael Schumacher, en ég var svo forviða og stjarfur að ég kom ekki upp einu orði," sagði Gunnlaugur og hló við.

Gunnlaugur hefur enn umsjón með Formúlunni og býður því spenntur eftir lokakappakstrinum í Brasilíu í dag þar sem þeir Lewis Hamilton og Fernando Alonso hjá McLaren og Kimi Raikkönen hjá Ferrari eiga allir möguleika á því að vinna titilinn.

„Þetta hefur ekki verið jafn spennandi og nú í langan tíma og það getur allt gerst. Þetta er sér í lagi spennandi þar sem tveir ökumenn frá sama liði eru í baráttunni, Hamilton og Alonso, eftir alla þá pólitík og þau svik sem hafa átt sér stað hjá McLaren-liðinu á tímabilinu. Það á vel við að enda útsendingar á RÚV með þessum hætti þar sem stigakeppni ökuþóra í Formúlunni hefur ekki verið jafn spennandi og nú síðan útsendingar hófust," sagði Gunnlaugur en Formúla 1 verður sýnd á sjónvarpsstöðinni Sýn á næsta ári. En verður Gunnlaugur þá á sínum stað?

„Ég ætla að klára þetta tímabil með RÚV og síðan skoða ég bara mín mál, það er ekkert búið að ákveða í þeim efnum og ég ætla ekkert að vera að hræra í tveimur pottum á sama tíma," sagði Gunnlaugur ákveðinn.

Mikil spenna er fyrir lokakappaksturinn í Formúlu 1 á Interlagos-brautinni í Brasilíu á morgun þar sem Lewis Hamilton, Fernando Alonso og Kimi Raikkönen eiga allir möguleika á því að verða meistarar í stigakeppni ökuþóra. Hamilton stendur best að vígi fyrir lokarimmuna og er með 107 stig, þá kemur Fernando Alonso með 103 stig og Kimi Raikkönen er svo næstur með 100 stig. **omar@frettabladid.is**

Eiður Smári Guðjohnsen og Emil Hallfreðsson voru í eldlínunni í gærkvöldi:

Eiður Smári fékk tækifærið

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður í gær þegar Barcelona tapaði óvænt gegn Villareal í spænsku La liga-deildinni í gær. En þetta var fyrsti leikur Eiðs Smára á tímabilinu. Emil Hallfreðsson var á sínum stað í byrjunarliði Reggina sem tapaði naumt gegn Inter í ítölsku serie A-deildinni í gær.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður fyrir Deco á 71. mínútu í stöðunni 3-1 og náði því miður ekki að setja mark sitt á leikinn. Gazorla kom heimamönnum í Villareal yfir strax á 2. mínútu og Marcos Senna bætti öðru marki við úr vítaspyrnu. Bojan Krkic minnkaði svo muninn fyrir Barcelona áður en Marcos Senna skoraði þriðja markið fyrir Villareal, enn og aftur úr vítaspyrnu og þar við sat.

Emil Hallfreðsson og félagar mættu Ítalíumeisturum Inter á heimavelli sínum í Reggio og það var einungis mark Adriano fyrir Inter á 18. mínútu sem skildi liðin að í leikslok. Emil spilaði fyrstu 75 mínútur leiksins og var svo skipt útaf. Reggina er sem fyrr á botni deildarinnar án sigurs og Inter er á toppnum, nú með fimm stiga forskot á Roma. **- óþ**

Stjarnan tyllti sér á topp N-1 deildar karla með góðum sigri í gær:

Sætur sigur hjá Stjörnuliðinu

HANDBOLTI Stjörnumenn þurftu að hafa sig alla við til að leggja baráttuglaða Akureyringa norðan heiða í gær. Leikurinn var lengi vel í járnum en á síðustu tíu mínútum leiksins settu Stjörnumenn í fluggírinn og sigldu til þriggja marka sigurs, 29-26.

Akureyringar höfðu undirtökin í fyrri hálfleik eftir jafnar upphafsmínútur og náðu mest fjögurra marka forskoti. Þeir leiddu 16-14 í hálfleik en það forskot hefði hæglega getað verið stærra. Stjörnumenn voru sjálfum sér verstir en heimamenn náðu ekki að nýta sér það í mun.

Gestirnir léku miklu betur í síðari hálfleik, jöfnuðu leikinn og þegar Akureyringar náðu að komast yfir sögðu þeir hingað og ekki lengra og afgreiddu leikinn. Roland varði vel í síðari hálfleik á sama tíma og markvarsla Akureyrar var lítil sem engin. Heimir Örn Árnason fann sig vel á sínum gamla heimavelli og var markahæstur Stjörnunnar með átta mörk.

NÝI LANDSLIÐSMAÐURINN Magnús Stefánsson skoraði 8 mörk út 10 skotum gegn Stjörnunni. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR

„Ég spila yfirleitt vel hérna nema í fyrra og ákvað að bæta fyrir það núna," sagði Heimir glaðbeittur eftir sigurinn.

„Ég sá það í augunum á þeim að þeir ætluðu að selja sig dýrt og mér leist ekkert á blikuna í hálfleik. Við vorum skelfilegir í fyrri hálfleik þar sem allir vildu vera hetjan en við spiluðum sem lið í seinni hálfleik og þá small þetta, vörnin batnaði og Roland vaknaði í markinu. Þegar við komumst á skrið erum við með gott lið og við erum alltaf að bæta okkar leik," sagði Heimir.

Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var ekki upplitsdjarfur eftir fimmta tapið í röð.

„Við erum bara ekki nógu miklir karlar, þriðja leikinn í röð. Við erum vel inni í leiknum en gefum svo eftir. Við förum að klikka á dauðafærum og guggnum bara. Við þurfum að vinna betur í okkar málum en eins og staðan er núna eru fimm lið betri en við. Við þurfum núna bara að æfa betur og gera betur en við erum ekkert að láta deigan síga," sagði Sævar. **- hþh**

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Valur - ÍBV 31-19 (16-11)

Mörk Vals (skot): Baldvin Þorsteinsson 11/4 (18/4), Arnór Malmquist Gunnarsson 5 (8), Hjalti Þór Pálmason 4 (9), Elvar Friðriksson 3 (7), Fannar Þór Friðgeirsson 3 (13), Gunnar Harðarson 2 (2), Kristján Þór Karlsson 2 (3), Ingvar Árnason 1 (1).
Varin skot: Pálmar Pétursson 21/1 (40/3 53%).
Hraðaupphlaup: 9 (Baldvin 7, Arnór, Fannar).
Fiskuð víti: 4 (Baldvin, Ingvar, Fannar, Sigfús).
Utan vallar: 2 mínútur.
Mörk ÍBV (skot): Nikolav Kulikov 6 (8), Sindri Haraldsson 4 (10), Leifur Jóhannesson 4 (11), Janis Grisanovs 3/1 (13/1), Sigþór Friðriksson 1 (1), Sigurður Bragason 1/1 (4/2).
Varin skot: Friðrik Sigmarsson 23 (48/2 48%), Kolbeinn Aron Ingibjargarson 4 (10/2 40%).
Hraðaupphlaup: 0
Fiskuð víti: 3 (kulikov 2, Sigþór).
Utan vallar: 6 mínútur.

Akureyri-Stjarnan 26-29 (16-14)

Mörk Akureyrar: Magnús Stefánsson 8 (10), Goran Gusic 7/1 (14/3), Heiðar Þór Aðalsteinsson 3 (5), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (3), Ásbjörn Friðriksson 2 (5), Björn Óli Guðmundsson 1 (2), Nikolaj Jankovic 1 (2), Einar Logi Friðjónsson 1 (3), Andri Snær Stefánsson 1 (5), Jónatan Magnússon 0 (2).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 7 (20/2 35%, Hörður Flóki Ólafsson 7/1 (23/1 30%)
Hraðaupphlaup: 1 (Goran)
Fiskuð víti: 3 (Andri, Goran, Jónatan)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Stjörnunnar: Heimir Örn Árnason 8/2 (14/2), Ólafur Víðir Ólafsson 7 (13), Björgvin Hólmgeirsson 4 (9), Volodymyr Kysil 3 (3), Gunnar Ingi Jóhannsson 3 (7/1), Ragnar Már Helgason 2 (2), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (1), Roland Valur Eradze 1 (1).
Varin skot: Roland Valur Eradze 9/1 (24/3 38%), Hlynur Morthens 2 (13 15%)
Hraðaupphlaup: 1 (Kysil)
Fiskuð víti: 3 (Jón Heiðar, Heimir, Gunnar)
Utan vallar: 8 mínútur

STAÐAN Í N1-DEILD KARLA:

Stjarnan	**6**	**5**	**0**	**1**	**184-165**	**10**
HK	6	4	1	1	171-150	9
Haukar	**6**	**4**	**1**	**1**	**176-153**	**9**
Fram	6	4	1	1	174-159	9
Valur	**6**	**2**	**1**	**3**	**148-141**	**5**
Afturelding	6	2	0	4	156-165	4
Akureyri	**6**	**1**	**0**	**5**	**153-173**	**2**
ÍBV	6	0	0	6	157-213	0

Æfingamót í Hollandi

Ísland-Spánn 19-30 (7-11)

Mörk Íslands: Rakel Dögg Bragadóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Rut Jónsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 2 og Hildigunnur Einarsdóttir 1. Íris Björk Símonardóttir varði 6 skot og Berglind Íris Hansdóttir tók 4.
Ísland spilar við Spán um 5. sætið í dag.

Þýski handboltinn

Gummersbach-Lemgo 29-30 (11-15)
Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk en Sverre Andre Jakobsson komst ekki á blað. Guðjón Valur Sigurðsson og Logi Geirsson léku ekki með sínum liðum vegna meiðsla.

Flensburg- HSG Nordhorn 30-31 (16-16)
Alexander Petersson skoraði 3 mörk en Einar Hólmgeirsson lék ekki vegna meiðsla.

Wilhelmshavener-Füchse Berlin 26-25 (14-11)
Gylfi Gylfason skoraði 2 mörk.

ÖFLUG Slavica Dimovska er mjög skemmtilegur bakvörður frá Makedóníu sem spilar með Fjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Iceland Express-deild kvenna:

Grindavík vann

KÖRFUBOLTI Grindavíkurstúlkur unnu 14 stiga sigur, 62-76, á nýliðum Fjölnis í Iceland Express-deild kvenna í gær. Grindavíkurliðið með tvo erlenda leikmenn í fararbroddi lenti í vandræðum gegn Slavicu Dimovska makedónískra bakverði Fjölnis og reynsluboltanum Grétu Maríu Grétarsdóttur sem áttu báðar góðan leik. Sigur Grindavíkurliðsins var þó aldrei í hættu en Fjölnir komst 7 stigum yfir í upphafi annars leikhluta. Dimovska var með 28 stig og 5 stoðsendingar hjá Fjölni og Gréta María bætti við 16 stigum, 12 fráköstum og 5 stolnum boltum. Hjá Grindavík var Joanna Skiba með 22 stig og 7 stoðsendingar og Tiffani Roberson skoraði 17 stig og tók 16 fráköst. - óój

Valur vann ÍBV 31-19 í N1-deild karla í gærdag og eru Íslandsmeistararnir nú komnir á skrið:

Valur keyrði yfir lánlausa Eyjamenn

HANDBOLTI Valur sigraði ÍBV 31-19 í 6. umferð N1-deildar karla í gærdag og eru Íslandsmeistararnir smátt og smátt að klifra upp töfluna, en ÍBV er sem fyrr á botni deildarinnar án stiga.

Jafnræði var með liðunum í byrjun leiks en Valur var samt alltaf skrefinu á undan. ÍBV hefði þó getað jafnað leikinn í stöðunni 7-6 þegar Sigurður Bragason, leikmaður ÍBV, var á vítalínunni. En vítið fór hins vegar beint í andlitið á Pálmari Péturssyni, markverði Vals, og Sigurður hlaut fyrir vikið rautt spjald. Eftir atvikið tók Valur örugga forystu í leiknum og þegar flautað var til hálfleiks var staðan orðin 16-11 heimamönnum í vil, þrátt fyrir góða frammistöðu Friðriks Sigmarssonar, markvarðar ÍBV, sem varði 17 skot í fyrri hálfleik og alls 23. Hann er einmitt sonur Sigmars Þrastar Óskarssonar,fyrrverandilandsliðsmarkvarðar í handbolta

ELDFLJÓTUR ÍBV réði ekkert við Baldvin Þorsteinsson sem skoraði 11 mörk fyri Val í gær og þar af voru 7 mörk úr hraðaupphlaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í síðari hálfleik komst ÍBV aftur inn í leikinn og breytti stöðunni í 16-14, en Valur skoraði ekki mark fyrstu 8 mínúturnar í seinni hálfleik. Valur hrökk svo í gírinn á nýjan leik og eftir það var aldrei spurning um hvort liðið myndi vinna og lokatölur urðu 31-19.

Íslandsmeistarar Vals eru nú búnir að vinna tvo leiki í röð og Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var því sáttur í leikslok. „Það er gott að við séum farnir að hala inn stig og mér fannst varnarleikur vera ágætur á köflum hjá okkur og markvarslan einnig. Þeir skora ekki nema 8 mörk í seinni hálfleik og ég vil sjá fleiri hraðaupphlaup frá okkur í takti við góðan varnarleik," sagði Óskar og kvaðst sjá ákveðinn stíganda í liði sínu.

„Ég held að við eigum enn mikið inni, líklega mest af öllum liðum í deildinni og ég vil að við höldum áfram að bæta okkur. Það verður fróðlegt að spila á móti Fram í næsta leik og ég tel að við eigum enn góðan möguleika eins og deildin er að spilast," sagði Óskar. - óþ

Landsbankinn
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: Stöð 2 Stöð 2+ Stöð 2 BÍÓ Stöð 2 BÍÓ+ Stöð 2 SIRKUS Stöð 2 SIRKUS+

EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA ÞAÐ EITTHVAÐ?
NÆTURVAKTIN – Í KVÖLD KL. 20:45
„Guði sé lof fyrir Næturvaktina"
Atli Fannar – 24 stundir

skemmtilegri
30% aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is

MANNAMÁL - kl. 19:05

DAMAGES - kl. 21:15

THE TUDORS - kl. 22:05

> **Beyoncé Knowles**

Fjölskylda Beyoncé er öll viðriðin skemmtanabransann. Faðir hennar var umboðsmaður fyrir hljómsveitina Destiny's Child og móðir hennar hannaði glansbúninga hljómsveitarinnar. Yngri systir Beyoncé dansaði með hljómsveitinni og hefur nú gefið út sinn eigin geisladisk. Beyoncé leikur í The Pink Panther á Stöð 2 Bíó.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL HELDUR ÆVINTÝRI EN HRAÐA

Þú ættir að vera löngu dauður

Við maðurinn erum sjaldan sammála um hvað flokkist sem skemmtilegt sjónvarpsefni. Fáeina þætti getum við horft á saman eins og Top Gear og Stelpurnar en í flestum öðrum tilvikum erum við á öndverðum meiði.
Þar sem aðeins eitt sjónvarp er á heimilinu og maðurinn yfirleitt undanlátssamari fæ ég að sjá flest það sem mig langar til. Þó var það um daginn að við enduðum á að sitja yfir einni leiðinlegustu mynd sem ég hef fyrr eða síðar séð. Hún bar nafnið Torque og sagði frá mótorhjólaköppum og -skvísum með gæðaleikarann Ice-Cube í broddi fylkingar. Þar sem ég kom inn í miðja mynd vissi ég aldrei fullkomlega um hvað málið snerist. Það eitt var víst að mótorhjólagæjarnir skiptust í tvo hópa, vonda og góða. Þarna var mikið um æsilega eltingarleiki sem voru hver öðrum ólíkindalegri. Ég hef oft verið gagnrýnd af manninum fyrir að hafa gaman af ævintýramyndum sem hafa ekkert með raunveruleikann að gera. Þó tel ég að þessi mynd hafi verið mun óraunverulegri en nokkur skrímslamynd.
Þarna voru kappar sem hjóluðu á fullri ferð upp rampa og stukku yfir á hraðlest á ferð. Þar hélt eltingarleikur áfram. Þó keyrði í þverbak þegar aðalhetjan stökk á bak hraðskreiðasta mótorhjóli heims og hélt áfram eltingarleik eftir vonda karlinum. Þeir enduðu svo á því að sveigja og beygja milli bíla á þéttriðinni umferðargötu og slógust að lokum á hjólunum, á um það bil 300 km hraða á klukkstund. Það eina sem ég gat gert mér til skemmtunar var að benda í hvert sinn á það þegar einhver ætti að vera dauður ef myndin hefði staðist einhver eðlisfræðilögmál.
Má ég þá heldur biðja um Americas next top model.

TORQUE Mikill hraði, lítil skemmtun.

EKKI MISSA AF

▶ **14.40 Lystin að lifa** SJÓNVARPIÐ

▶ **19.05 Mannamál með Sigmundi Erni** STÖÐ 2

▶ **20.00 The Pink Panther** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.00 Tekinn 2** SIRKUS

▶ **19.40 Sport Kids Moms & Dads** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Pósturinn Páll 08.54 Bubbi byggir 09.05 Disneystundin 09.06 Herkúles 09.28 Sígildar teiknimyndir 09.35 Fínni kostur 09.57 Arthur 10.22 Ævintýri HC Andersen
10.50 Lögin úr Skólasöngleiknum
11.15 Laugardagslögin
12.30 Silfur Egils
13.45 Matur er mannsins megin (4:6)
▶**14.40 Lystin að lifa**
15.10 Einir en saman
15.30 Formúla 1
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
20.20 Glæpurinn (2:20) Danskir spennuþættir. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós.
21.20 Reiði guðanna (Wrath of Gods) Heimildamynd eftir Jón Gústafsson um gerð kvikmyndarinnar Bjólfskviðu eftir Sturlu Gunnarsson.
22.35 Sunnudagsbíó - Spilling (Touch of Evil) Sígild bíómynd eftir Orson Welles frá 1958 um morð, mannrán og spillingu í bæ á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.25 Silfur Egils
01.35 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Breakin´ All the Rules
08.00 Seven Years in Tibet
10.15 Lackawanna Blues
12.00 The Pink Panther
14.00 Breakin´ All the Rules
16.00 Seven Years in Tibet
18.15 Lackawanna Blues
▶**20.00 The Pink Panther** Sprenghlægileg gamanmynd með Steve Martin og Beyonce Knowles í aðalhlutverkum.
22.00 Prophecy II
00.00 Young Adam
02.00 The Full Monty
04.00 Prophecy II

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Algjör Sveppi
10.10 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Nágrannar
14.10 Logi í beinni
15.05 Til Death (9.22)
15.30 Punk´d (1.16)
15.55 Extreme Makeover (18.23)
16.40 60 mínútur
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
▶**19.05 Mannamál með Sigmundi Erni** (2.40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanliðinn aldarfjórðung. 2007.
20.00 Monk (14.16)
20.45 Næturvaktin (6.12) Ný, íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á næturvaktinni á ónefndri bensínstöð í borginni þar sem standa vaktina þrír gerólíkir náungar sem seint munu eiga skap saman. 2007.
21.15 Damages (3.13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki, Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögfræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinn á toppinn. 2007. Bönnuð börnum.
22.05 The Tudors (9.10) Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Mayers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. 2007. Stranglega bönnuð börnum.
22.55 For a Few Dollars More Önnur myndin í spagettívestraþríleik Sergios Leones um nafnlausa manninn. Hann leitar að þrjótnum Indio en talsvert fé er lagt til höfuðs honum. Mortimer ofursti (Lee Van Cleef) hyggst einnig finna Indio í fjöru til þess að hefna dauða systur sinnar. 1965. Stranglega bönnuð börnum.
01.05 Saving Grace (6.13)
01.50 Empire Falls
03.40 Empire Falls
05.05 Monk (14.16)
05.50 Fréttir
06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíví

SÝN besta sætið

08.30 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
10.10 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandarísk fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
10.40 Meistaradeild evrópu fréttaþát Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.
11.10 EM 2008 - undankeppni (Rússland - England)
12.50 EM 2008 - undankeppni (Svíþjóð - N. Írland)
14.30 Þýski handboltinn (Gummersbach - Lemgo)
15.50 King of Clubs Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðið Barcelona og hvernig því hefur tekist að halda sér í fremstu röð í yfir 100 ár.
16.20 Spænski boltinn - Upphitun
16.50 Spænski boltinn
18.50 Spænski boltinn
20.50 NFL
23.20 Spænski boltinn

SÝN 2

09.10 Middlesbrough - Chelsea
10.50 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
12.10 Coca-Cola Championship
14.10 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
14.40 West Ham - Sunderland
17.15 Aston Villa - Man. Utd.
18.55 Everton - Liverpool
20.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
22.00 Arsenal - Bolton

SKJÁREINN

08.45 MotoGP
13.15 Dr. Phil (e)
14.00 Sport Kids Moms & Dads (e)
15.00 The Biggest Loser (e)
16.00 America's Next Top Model (e)
17.00 Innlit / útlit (e)
18.00 Backpackers (e)
18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
19.15 Family Guy (e)
▶**19.40 Sport Kids Moms & Dads - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölurnar til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttagrein.
20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? - NÝTT Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna.
21.30 Law & Order. SVU (17.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Fátæk skólastúlka er myrt eftir að hún komst yfir mikla peninga.
22.30 Californication (3.12)
23.05 C.S.I. New York(e)
23.55 The Black Donnellys (e)
00.50 C.S.I. (e)
01.35 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Damages

Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Þátturinn hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum og er af mörgum talinn sá besti síðan Sopranos. Í öðrum hlutverkum eru Ted Danson og Tate Donovan. Í þætti kvöldsins fær Patty dularfullt hótunarbréf sem fær hana til þess að efast um málsóknina. Getur verið að líf hennar sé í hættu?

▶ ERTU SKARPARI EN SKÓLAKRAKKI?

Skjár einn kl. 20.30

Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna sem byggður er á vinsælum þáttum í Bandaríkjunum, Are You Smarter Than A 5th Grader? Fullorðinn keppandi reynir að svara spurningum sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur hann upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna. Keppandinn getur þrisvar „svindlað" með aðstoð skólakrakka til að svara spurningunum. Stjórnandi þáttarins er Gunnar Hansson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
11.00 Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Uppfræðsla Litla trés
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (36.260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (12.22) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (26.50) (e)
19.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.
20.30 Windfall (5.13) (e) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.
21.15 Jake 2.0 (14.16) (e) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
▶ **22.00 Tekinn 2** (6.14) Auddi gengur alla leið þegar hann setur saman heilt brúðkaup til að hrekkja þau Birgittu Haukdal og Geir Ólafs. 2007.
22.25 Stelpurnar (9.10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. 2007. Bönnuð börnum.
22.50 Smallville (14.22) (e)
23.35 Ren & Stimpy
00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Cutting It **13.00** Florida Fatbusters **13.30** Florida Fatbusters **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who Confidential **15.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Terry Jones' Barbarians **18.00** Egypt **19.00** Hitch. Alfred the Great **20.00** The Human Mind **21.00** I Knew John Lennon **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Terry Jones' Barbarians

DR 1

11.30 Hjerteflimmer **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Doctor Who **13.45** HåndboldSøndag **15.30** Sigurd og Big Bandet **16.00** Lysets nøgle **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Har vi travlt mor? **17.30** Blandt vilde dyr og bleskift **18.00** Forbrydelsen **19.00** 21 Søndag **19.40** SøndagsSporten **19.55** Dødens Detektiver **20.20** Filmperler: Flugten **22.15** Clement i Amerika

NRK 1

6.00 Ugler i mosen **6.20** Tigga og Togga **6.25** Magnus og Myggen **6.40** Disneytimen **7.35** SvampeBob **8.00** Månáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Hjorten på nært hold **8.45** Bilder i bronse **9.30** To Have and Have Not **11.05** Et mesterverk **11.55** Jessye Norman **13.25** Lyden av lørdag **14.30** Oslo Horse Show **15.30** Åpen himmel **16.00** Tyven, Tyven **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Nils og Ronny - sammen for barna **19.35** Det kunne hende deg **21.10** Kveldsnytt **21.25** Rally-VM **22.15** Why Democracy? **23.10** Uka med Jon Stewart **23.35** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

9.50 Niklas mat **10.20** Jonas och Musses religion **10.50** Hjärnstorm **11.20** Tillsammans för Världens barn **13.25** I love språk **14.25** Världen **15.25** Muslim i Europa 15.55 Anslagstavlan **16.00** BoliBompa **16.30** Videokväll hos Luuk **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** VeteranTV **20.40** Vetenskap - Hjärnans hemligheter **21.10** Rapport **21.20** Fotbollskväll **22.05** Kobra **22.50** Sex med Victor **23.20** Brottskod: Försvunnen **0.05** Sändningar från SVT24

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Hermann hefur alltaf verið mikill keppnismaður og þolir illa að tapa. Ég veit að gengi landsliðsins tekur á hann en Hermann hefur alltaf verið sterkur karakter þegar á móti blæs og ég veit að hann á eftir að komast yfir þetta."

Margrét Kolbeinsdóttir, móðir landsliðsmannsins Hermanns Hreiðarssonar.

HIN HLIÐIN ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR SÖNGKONA

Brotthvarf blás ópals mestu vonbrigðin

Hvað er að frétta? Gott. Bara alltaf allt á milljón.
Augnlitur: Dökkblár.
Starf: Söngkona og lagahöfundur.
Fjölskylduhagir: Er í sambúð með manni sem á 3 börn og á sjálf tvö börn, kött, kanínu, naggrís og íkorna.
Hvaðan ertu? Af höfuðborgarsvæðinu. Ég bjó lengi í Hafnarfirðinum, svo á Álftanesinu og í Reykjavík. Annars er ég mikið til ættuð að vestan.
Ertu hjátrúarfull? Nei.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Mr. Monk.
Uppáhaldsmatur: Íslenskur lambahryggur.
Fallegasti staðurinn: Það eru til svo margir rosalega fallegir staðir á Íslandi. Mér finnst Vestfirðirnir, til dæmis Selárdalurinn, rosalega fallegir.
iPod eða geislaspilari: Geislaspilari, hljómgæðin eru yfirleitt miklu betri. Allavega í mínum.
Hvað er skemmtilegast? Syngja og hlusta á fallega tónlist.
Hvað er leiðinlegast? Syngja og hlusta á „atonal" tónlist.
Helsti veikleiki: Súkkulaði.
Helsti kostur: Létt skap.
Helsta afrek:
Tvö börn.
Mestu vonbrigðin:
Þegar hætt var að framleiða blátt ópal.
Hver er draumurinn?
Halda áfram að syngja og ferðast um heiminn.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Mr. Bean.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Hausverkur.
Hvað er mikilvægast?
Góða skapið og hamingjan.

Selur óvenjulegar lopapeysur á netinu

Brynja Dögg Gunnarsdóttir selur óvenjulegar lopapeysur sínar í gegnum netsamfélögin Etsy og hið splunkunýja Talentdatabase. „Ég hef verið að prjóna í langan tíma. Áður var ég mikið í húfum og að gera armbönd og annað, en það er svona ár síðan að ég fór að gera þessar lopapeysur," sagði Brynja.

Hún varð meðlimur í vefsamfélaginu Etsy síðla sumars, og hefur fengið mikil og jákvæð viðbrögð við hönnun sinni þar. „Ég finn að fólk er mjög hrifið af íslensku ullinni, sérstaklega í Bandaríkjunum. Íslendingar eru líka mjög opnir fyrir öðruvísi lopapeysum, og lopakjólunum líka," sagði Brynja. Brynja segir að best sé að lýsa Etsy sem risastórum, alþjóðlegum handverksmarkaði. „Skilyrðin eru þau að maður selji sína eigin hönnun, og að maður vinni hana sjálfa. Það má ekki selja fjöldaframleidda vöru þarna inni," útskýrði hún. „Þetta er fyrir alls konar listamenn, sama hvort þeir eru að prjóna, gera skartgripi, mála eða taka ljósmyndir," sagði Brynja.

Hún hefur einnig nýtt sér splunkunýja síðu undir nafninu Talentdatabase, til að sýna hönnun sína. „Það er í rauninni eins og gallerí og hæfileikagagnagrunnur, eins og nafnið segir til um," sagði Brynja.

Enn sem komið er hefur Brynja ekki selt vörur sínar í verslunum hér á landi. „Ég hef fengið mjög góð viðbrögð á netinu og er ánægð með það. Ég væri líka alveg til í að prófa að selja þetta í verslunum, en það kemur bara í ljós," sagði hún.

- sun

GÓÐAR UNDIRTEKTIR Brynja er nýfarin að selja og sýna vörur sínar á netinu og hefur fengið góð viðbrögð við þeim á alþjóðlegum handverksvef.

ÍSLAND-SVISS Ívar Helgason er þessa dagana á þönum á milli Íslands og Sviss. Hér æfir hann hlutverk nornarinnar í Skilaboðaskjóðunni, en úti leikur hann í Vesalingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍVAR HELGASON: LÉK TVÖ HLUTVERK Í SÖMU SÝNINGU Á SUNNUDAG

Á sviði í tveimur löndum

Ívar Helgason þeytist á milli Íslands og Sviss þessa dagana. Hér á landi leikur hann nornina í uppsetningu Þjóðleikhússins á Skilaboðaskjóðunni, en í Sviss fer hann með hlutverk Enjolras í Vesalingunum.

Ívar lærði klassískan söng í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og síðar í Söngskóla Reykjavíkur. Þegar hann hafði lokið 8. stigi héldu hann og kona hans í nám við Tónlistarháskóla Austurríkis í Vín. Áður en Ívar lauk náminu var hann kominn með stöðu dansara í Raimund Theater í borginni. „Það var heimsfrumsýning á söngleiknum Barbarella, eftir samnefndri kvikmynd. Við sýndum sex sinnum í viku í eitt ár," sagði Ívar og viðurkenndi að það væri dálítið stíft. „Þetta er svolítið öðruvísi en fólk á að venjast hér," sagði hann.

Þegar Ívar sagði skilið við Barbarellu tók hann við hlutverki austurríska keisarans í söngleiknum Elísabet í Stuttgart. Á þessu ári hefur hann hins vegar haft annan fótinn heima við og hinn í Sviss, þar sem hann fer með hlutverk uppreisnarleiðtogans Enjolras í Vesalingunum. Hann lék reyndar sama hlutverk í Bad-Hersfeld í Þýskalandi í sumar. „Þar kom það upp á að aðalleikarinn, sem leikur Jean Valjean, fékk eitthvað í augun og tónlistarstjórinn bað mig um að kynna mér hlutverkið. Það leit út fyrir að ég myndi taka yfir hans hlutverk, en svo fengu þeir annan í það," sagði Ívar.

Sú uppákoma varð honum heldur betur til happs síðastliðinn sunnudag, þegar aðalleikarinn í uppsetningunni í Sviss leit eitthvað vitlaust á klukkuna. „Sýningin byrjar klukkan fimm, en hann mætti í hús klukkan sex, alveg pollrólegur. Þá var ég búinn að leika einn fjórða af hlutverkinu, og í rauninni stærstu umskiptin á karakternum. Hann er alltaf á sviðinu," sagði Ívar og lætur ekki mikið yfir því afreki. „Ég reyndi að halda ró minni, en eiginlega aðallega að halda fólkinu í kringum mig rólegu. Sýningarstjórinn var skjálfandi á beinunum við hliðina á mér að reyna að setja mig inn í smáatriðin," sagði Ívar, sem sagði veikindi leikarans í Þýskalandi hafa verið lán í óláni. „Það kom sér þokkalega vel," sagði hann og hló við.

Ívar á eftir fjórar ferðir til Sviss fram að áramótum, en þá mun hann einbeita sér að þátttöku í söngleiknum Ástin er diskó - lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason. „Það getur samt vel verið að ég haldi áfram að hafa annan fótinn úti, og sérstaklega á sumrin. Það væri ágætt að geta haldið við þeim ferli sem maður er búinn að byggja upp úti," sagði Ívar.

sunna@frettabladid.is

Siggi stormur spáir hörðum vetri

Útvarpshlustendum gæti brugðið við næstu dagana, því á öldum ljósvakans heyrist Sigurður Þ. Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, spá fyrir um afar harðan og kuldalegan vetur. Landsmenn geta þó látið dúnúlpurnar eiga sig enn um stund, því þar er á ferðinni auglýsing fyrir Toyota.

„Það hefur oft verið leitað til mín fyrir auglýsingar, en það hefur alltaf verið mjög skýr stefna hjá mér að ég les ekki inn á auglýsingar ef ég þarf að nefna nöfn einhverrar vöru," útskýrði Siggi. „Það er Egill Ólafsson sem les hina raunverulegu auglýsingu, en ég les hins vegar veðurspána í byrjun," bætti hann við. Veðurspána segir hann þó vera „tómt kjaftæði. Hún snýst um það að það verði frost og snjór næstu mánuði og þeir sem séu ekki á almennilegum bílum ættu því að halda sig innandyra," sagði Siggi og hló við.

Hann segir það þó tvíbent að taka þátt í gerð auglýsingar. „Mér fannst það út af fyrir sig jákvætt að leitað væri til veðurstofu Stöðvar 2. Á hinn bóginn má vel vera að þetta hafi verið röng ákvörðun og fólki bregði aðeins í brún," sagði hann. „Ég velti þessu vel fyrir mér og lagði þetta undir dóm fjögurra kollega minna sem ég treysti vel, og ákvað að láta slag standa," sagði Siggi.

Hann segist hafa haft gaman af gerð auglýsingarinnar, en kveðst ekki ætla að skipta um starfsvettvang. „Ég er líka mikill Land Rover-maður sjálfur, svo ég hef engra hagsmuna að gæta í þessu máli, og mun alls ekki opna veðurfréttir á því að spyrja hvort fólk sé komið á Toyotu," sagði Siggi og hló.

- sun

TVÍBENT Siggi stormur segist hafa velt því fyrir sér vel og lengi hvort hann ætti að lesa uppskáldaða veðurspá inn á auglýsingu fyrir Toyota.

TÆKNIGREINING
Viltu fræðast um hrávöruviðskipti

23. október kl. 19:00
verður haldið námskeið
í tæknigreiningu á
Hilton Reykjavík Nordica

Námskeiðsgjald er kr. 20.000

Þetta er fyrsta námskeiðið í röð námskeiða um hrávöruviðskipti sem ætlunin er að halda á næstunni.

Fyrirlesari er:
Jón Lárusson
sérfræðingur í hrávöruviðskiptum

Nánari upplýsingar í Síma 695-4969

Skráning á námskeiðið er á vefnum
www.commodities4all.com/namskeid

Kraftmikil haustdagskrá

8 vikna námskeið
hefjast 31. október

KONUR ÁTAK
Laugar, Spöng og Mosfellsbæ
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

KARLAR ÁTAK
Laugar
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- Takmarkaður fjöldi

MÖMMUTÍMI
- Nýbakaðar mæður með börnin með

ROPE YOGA
- Takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu
- Takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

World Class opnar í Mosfellsbæ og í Hafnarfirði í nóvember

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug (frá 01.11.07), tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000 og Varmá í Mosfellsbæ í síma 566 7888

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

World Class® ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Varmá í Mosfellsbæ s. 566 7888

www.worldclass.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið lægra verð

BAKÞANKAR
Jóns Arnar Marinóssonar

Billjónsdagbók 21.10

OMXI15 var 8.468,06, þegar ég gáði í morgun hvort ég hefði misst kaupréttarsamninginn undir hjónarúmið, og Dow Jones var 13.984,80 þegar ég fann allt í einu lengst undir rúminu minnisblaðið sem gamli borgarstjórinn hafði gleymt til 20 ára eftir fundinn með okkur Jóa. Ég fékk líka hóstakast því að gólfið undir rúminu var þakið í óhroða og skúmi eins og þar hefði allt verið á fullu í einkavæðingu.

ÉG æpti á Elzbietu, Elzbieta hrópaði til himins og Mallí öskraði á mig. Hún var átakanlega herpt í framan eins og trítilóða Hanna að hella sér yfir framsóknarmann sem lætur hana róa. Hún hótaði jafnvel að fara í mastersnám á Bifröst svo að hún þyrfti ekki að vita af þessu ógeði um allt. Þetta var ótrúlegt uppistand. Ég hélt um tíma að ég yrði að hringja í Geir Haarde og biðja hann að róa okkur niður með því að geta ekki lagt mat á þetta. En Mallí varð loks kjaftstopp þegar ég vitnaði í Loðinkjamma XVI. og hvernig hann brást við fyrstu fréttum af frönsku byltingunni 1789: „Æ, þetta er bernskt, vanþroskað upphlaup og vandræðalegt orðagjálfur.“

VIÐ Jói hittumst eftir hádegi og héldum stuttan krísufund í Víti Energy Invest. Það er ekki á hreinu hvaða útrásarfyrirtæki í orkubransanum hafa runnið inn í VEI og síðan hvaða fyrirtæki VEI á sjálft að renna saman við. Ég hef svo ekki hugmynd um hvar ég fælaði minnisblöðin sem Bjarni Ármanns sendi mér alveg örugglega og þau sem hann segist hafa sent mér. Einu minnisblöðin frá honum, sem ég finn í tölvunni, eru minnisblöð sem hann segist ekki hafa sent mér. Það er brennisteinsfnykur af þessu öllu saman. En við Jói finnum líka ógeðslega góða peningalykt. Eins og Bjarni. Ég hringdi í Bjarna og spurði hvort hann gæti ekki hitt okkur á heimili nýja borgarstjórans þegar væri orðið alveg dimmt. Hannes mætti koma með ef hann lofaði að láta borgarstjóra ekki veita sér neina eftirtekt. Bjarni sagðist varla þora að blotta sig meira með því að hitta fleiri borgarstjóra.

JÁ, það hefur margt misjafnt verið grafið upp á síðustu vikum. Það bendir að minnsta kosti ýmislegt til þess að Guð hafi bara skapað Guðfinnu – en ekki okkur hin.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 21. október, 294. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.35	13.12	17.49
Akureyri	8.26	12.57	17.27

Heimild: Almanak Háskólans

www.expressferdir.is

Lyftu þér upp með Express Ferðum!

Express Ferðir bjóða fjölbreyttar og spennandi ferðir á verði sem gerir öllum kleift að skreppa út og gera sér dagamun. Fótbolti, golf, stórborgir, stuttar ferðir eða lengri – þú finnur þína draumaferð hjá okkur! Smelltu þér inn á www.expressferdir.is og kynntu þér úrvalið!

www.expressferdir.is/golf

Golfvertíðinni lýkur aldrei hjá okkur!

Golfmót á Real de Faula

14.–21. nóvember

Real De Faula er frábær golfvöllur, enda hannaður af Jack Nicklaus. Nú bjóðum við íslenskum golfurum að fara á suðrænar slóðir og spila golf við bestu aðstæður. Á hverjum degi stendur til boða að taka þátt í golfmóti og eru vegleg verðlaun í boði. Einnig verður leikið á hinum sívinsæla Alicante Golf og La Sella vellinum sem er hannaður af José María Olazábal.

Innifalið: Flug og skattar, frítt fyrir golfsett í flug, gisting á Sheraton-hótelinu og morgunverðarhlaðborð.

Verð á mann í tvíbýli **94.800 kr.**

www.expressferdir.is/borgarferðir

Aðventuferð til Barcelona

7.–10. desember

Fararstjóri: Halldór Stefánsson

Innifalið: Flug og skattar, gisting á Mont Blanc hótelinu með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Verð á mann í tvíbýli **66.900 kr.**

Helgarferð til Berlínar

9.–12. nóvember

Fararstjóri: Hjálmar Sveinsson

Innifalið: Flug og skattar, gisting á 4 stjörnu hóteli, akstur til og frá flugvelli, gönguferð um borgina og íslensk fararstjórn.

Verð á mann í tvíbýli **53.900 kr.**

www.expressferdir.is/fotbolti

West Ham Everton

14.–16. desember

Innifalið: Flug og skattar, gisting á hóteli í 2 nætur og miði á leikinn.

Verð á mann í tvíbýli **48.800 kr.**

Chelsea Sunderland

7.–9. desember

Innifalið: Flug og skattar, gisting á hóteli í 2 nætur og miði á leikinn.

Verð á mann í tvíbýli **71.900 kr.**

Danmörk Ísland

21.–22. nóvember

Undankeppni EM

Innifalið: Flug og skattar, hótelgisting í eina nótt og miði á leikinn. Einnig í boði að bæta við annarri nótt.

Verð á mann í tvíbýli **39.900 kr.**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express